**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**

*Líður vel með íslensku ullina nálægt sér*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HÍBÝLI OG VIÐHALD**

*Falleg form úr smiðju Reynis Sýrussonar*

Sérblað um híbýli og viðhald

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**








# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

30. nóvember 2009 — 283. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



### Múrar brotnir

Hrund Gunnsteinsdóttir stýrir hinu þverfaglega diplómanámi Prisma.

**TÍMAMÓT 18**

### Til heiðurs dægurlögum

Hugleikur Dagsson túlkar íslensk lög með sínu nefi.

**FÓLK 30**

### Á eigin fótum



Bjarni Hall úr Jeff Who? gerir sólóplötu.

**FÓLK 30**



### Chelsea fór á kostum

Chelsea vann í gær 3-0 sigur á Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**ÍÞRÓTTIR 26**

### VEÐRIÐ Í DAG




**Stíf norðaustanátt** Í dag verður norðaustan 8-15 m/s, hvassast á Vestfjörðum. Horfur eru á snjókomu norðan til en suðaustanlands má búast við slyddu og suðvestan til léttir til.

**VEÐUR 4**

# Skerðist mest hjá einstæðum

**Fyrirhugaðar breytingar á fæðingarorlofi koma verr út fyrir einstæðar mæður sem vilja taka sex mánaða orlof en breytingar sem fallið hefur verið frá. Það er mikill galli á þessari leið, segir félagsmálaráðherra.**

**FÉLAGSMÁL** Breytingar á fæðingarorlofi sem ríkisstjórnin hefur samþykkt geta komið verr niður á einstæðum mæðrum en sú skerðing sem áður hafði verið fallist á. Félagsmálaráðherra vonast til að vankantar verði sniðnir af í meðförum Alþingis.

Áður var áformað að skerða hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði úr 350 þúsundum króna á mánuði í 300 þúsund krónur. Í frumvarpi félagsmálaráðherra á að halda hámarkinu í 350 þúsundum, en fresta töku eins mánaðar af orlofinu í þrjú ár.

Í dag fá mæður þrjá mánuði, feður þrjá, og þrír til viðbótar deilast niður á foreldrana samkvæmt þeirra óskum. Verði áformaðar breytingar að lögum munu foreldrar þurfa að fresta einum af sameiginlegu mánuðunum þar til barnið verður þriggja ára. Breytingarnar taka gildi um áramót.

Foreldrar geta deilt þeirri upphæð sem þeir fá úr fæðingarorlofssjóði á fleiri mánuði. Hjón og sambúðarfólk sem vilja taka níu mánaða orlof munu að hámarki geta fengið 311.111 krónur á mánuði eigi báðir foreldrar rétt á hámarksgreiðslu.

Einstæðar mæður geta tekið sex mánaða orlof, en fá þá aðeins 291.666 krónur að hámarki á mánuði, rúmlega átta þúsund krónum minna en þær hefðu fengið hefðu hámarksgreiðslur verið skertar í 300 þúsund krónur á mánuði.

„Þetta þykir mér mikill ágalli á þessari lausn, og ég fer ekki í grafgötur með það að ég hefði frekar kosið hina leiðina,“ segir Árni Páll Árnason, félags- og tryggingarmálaráðherra.

Árni segir mikilvægt að félags- og tryggingarmálanefnd Alþingis leggist yfir frumvarpið og reyni að sníða af því vankanta. „Það þarf að reyna að láta þetta verða eins þokkalegt og hægt er, en gott verður það aldrei,“ segir Árni Páll.

Með breytingunni á að spara 1,2 milljarða króna á ári, sömu upphæð og lækkun hámarksupphæðar í 300 þúsund hefði skilað. Munurinn er sá að frestun orlofsins ýtir kostnaðinum fram um þrjú ár.

„Þetta hefur þann kost að foreldrar geta tekið fullt fæðingarorlof,“ segir Árni Páll. Vonandi geti ríkissjóður staðið undir frestaðri orlofstöku eftir þrjú ár. Þessi leið geti líka verið heppilegri til að viðhalda jafnvægi í fæðingarorlofskerfinu, svo feður hætti einfaldlega ekki að taka orlofið.

Árni viðurkennir að ýmsir gallar séu á þeirri hugmynd sem nú hefur orðið ofan á, til dæmis muni hún kalla á aukinn kostnað sveitarfélaga vegna niðurgreiðslna á þjónustu dagforeldra. Ekki hafi verið áætlað hversu mikill sá aukni kostnaður verði.

Árni Páll segir að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi í dag og fari væntanlega beint í félags- og tryggingarmálanefnd. **- bj**



**LEITIN AÐ JÓLUNUM** Leitin að jólunum hófst í Þjóðleikhúsinu í gær, fimmta árið í röð. Um er að ræða aðventuævintýri leikhússins, sem hefur hafist fyrsta sunnudag í aðventu síðustu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bældir fá frekar hjartaáfall:

## Betra að fá útrás strax

**HEILSA** Karlmenn sem tjá ekki reiði sína opinskátt ef þeir sæta óréttlátri meðferð á vinnustað eru helmingi líklegri til þess að fá hjartaáfall en þeir sem tjá sig. Þetta kemur fram í nýrri sænskri rannsókn sem greint er frá á fréttavef BBC.

Fylgst var með 2.755 karlmönnum sem höfðu ekki fengið hjartaáfall áður. Mennirnir voru spurðir hvaða aðferðum þeir beittu ef ágreiningur kæmi upp á vinnustað. Spurt var hvort þeir tækjust á við hann strax, eða þegðu, hvort þeir tækju þátt í deilum og svo hvort þeir fengju líkamleg einkenni í kjölfarið eða færu í vont skap heima.

Þeir sem þögðu eða tóku ekki þátt í deilum voru helmingi líklegri til að fá hjartaáfall en þeir sem tókust á við vandann strax.

Vísindamennirnir halda því fram að bæld reiði geti búið til spennu og leitt til hærri blóðþrýstings, sem smám saman skemmi hjarta- og æðakerfið. **- sbt**






Borgarfulltrúi segir markmið um að standa vörð um grunnþjónustu í uppnámi:

## Mikill sparnaður í skólum

**REYKJAVÍK** Áætlanir um að draga úr kennslumagni þýða að fækka þarf kennurum og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið rætt að segja upp 119 fastráðnum kennurum. Ekkert hefur þó verið ákveðið. Fjárhagsáætlun verður rædd á fimmtudag.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segist ekki geta staðfest þessar tölur, enn sé trúnaður á gögnunum. „Það sem blasir hins vegar við er að markmið sem borgarstjórn setti sér fyrir ári síðan, um að segja ekki upp fólki og standa vörð um grunnþjónustuna, eru í uppnámi. Það sést til dæmis á áætlunum um að draga úr kennslumagni.“ Skilaboð skólastjórnenda til stjórnmálamanna séu að fækka þurfi fólki eigi markmiðin að nást fram.

Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs, segist ekki munu ræða einstaka þætti fjárhagsáætlunar fyrr en hún verður lögð fram í bogarstjórn. Það sé rétt að í henni sé mikill sparnaður, en honum verði náð með hagsmuni barnanna í huga. Minni sparnaður sé á menntasviði en annars staðar. Vörður verði staðinn um grunnþjónustuna. „Við munum ekki segja upp starfsfólki í hagræðingarskyni.“ **- kóp**







SPURNING DAGSINS



*Jakob, verður klippt og límt í jólaþorpinu?*

„Jólaskrautið hjá okkur verður að sjálfsögðu bæði klippt, skorið, límt, handmálað og bróderað í anda rammíslenskra jóla.“

Jakob Frímann Magnússon er framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar. Jólaþorp Hafnarfjarðar hefur vænt jólaþorp Reykjavíkur um að herma eftir sér og stela hugmyndum.

Einar Skúlason lagði Óskar Bergsson í oddvitakjöri Framsóknar í Reykjavík:

# Segir fólk vilja breytingar

**STJÓRNMÁL** „Það kom fram skýr vilji til breytinga og það var auðvitað í takt við það sem ég hafði fundið í aðdragandanum. Þetta var svipuð stemning og á flokksþinginu í janúar, menn vildu breytingar og fara í meiri sókn,“ segir Einar Skúlason, sem leiðir lista Framsóknarflokksins í Reykjavík í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

Kosið var á milli Einars og Óskars Bergssonar, formanns borgarráðs. Sigur Einars var nokkuð afgerandi; hann hlaut 62 prósent atkvæða en Óskar 38 prósent. Alls greiddu 488 atkvæði á fundinum.



**NÝR ODDVITI** Einar lagði sitjandi borgarfulltrúa, Óskar Bergsson, í kosningum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einar segir ákveðna áherslubreytingu verða með tilkomu sinni. „Ég lagði mikla áherslu á velferðarmálin í mínum málflutningi og fannst ég fá mjög góðar undirtektir. En auðvitað er það grasrótin sem ræður för og við munum móta áherslurnar á næstunni.“

Einar vann áður fyrir Reykjavíkurlistann, en bendir kjör hans til nýs samstarfs á vinstri væng? „Fyrst og fremst hyggjum við að okkar málum og þetta verður okkar barátta. Svo þarf að koma í ljós hvað kjósendur taka undir það og við skoðum niðurstöðuna eftir kosningar í vor.“

Einar segir flokkinn stefna að því að ná inn tveimur mönnum, en hann hefur einn núna. Guðrún Valdimarsdóttir skipar annað sæti listans og Valgerður Sveinsdóttir þriðja. **- kóp**

Þjóðaratkvæðagreiðsla í Sviss:

# Bygging bænaturna bönnuð

**SVISS, AP** Svisslendingar samþykktu í gær bann við byggingu fleiri múslimskra bænaturna í landinu. Alls 59 prósent kjósenda kusu með banninu í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Svissneski Þjóðarflokkurinn stóð að baki þjóðaratkvæðagreiðslunni en svissneska stjórnin hafði mælst til þess að almenningur greiddi atkvæði gegn banninu.

Um 400 þúsund múslimar búa í Sviss, flestir frá ríkjum fyrri Júgóslavíu. Aðeins eru fjórir bænaturnar í landinu og lög gegn hávaða á almannafæri koma í veg fyrir að þeir séu notaðir. **- þeb**

Mistök Bandaríkjanna 2001:

# Bin Laden var innan seilingar

**BANDARÍKIN Osama Bin Laden var innan seilingar Bandaríkjahers í lok ársins 2001. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu öldungadeildar Bandaríkjaþings.**



OSAMA BIN LADEN

**Bandaríkjastjórn hafði nægar upplýsingar til þess að handsama Bin Laden í desember árið 2001, að því er fram kemur í skýrslunni. Beiðni um fjölgun hermanna í landinu var hins vegar hafnað, sem gerði Bin Laden kleift að komast óáreittur frá felustað sínum í Tora Bora og til Pakistan. George Bush, þáverandi Bandaríkjaforseti, er harðlega gagnrýndur í skýrslunni og þessi mistök sögð hafa lagt grunn að því ástandi sem nú ríkir í Afganistan.** **- þeb**

Starfshópur skipaður:

# Breytt eignarhald athugað

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hefur skipað starfshóp til að kanna breytingar sem kunna að hafa orðið á eignarhaldi í sjávarútvegi og landbúnaði í kjölfar bankahrunsins. Hópurinn var skipaður eftir að Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, lagði fram minnisblað um málið á ríkisstjórnarfundi.

Þar kemur fram að erlendir aðilar hafi falast eftir skipum til kaups og mikilvægt sé að glata ekki atvinnutækjum þjóðarinnar. Þá megi búast við tilfærslu aflaheimilda komi til gjaldþrota útgerðarfyrirtækja. Þá séu jarðeignir og nýting hluti af atvinnustefnu stjórnvalda og fæðuöryggi. **- kóp**

# Tóku um 800 grömm af sterkum efnum

**Tvennt situr í gæsluvarðhaldi eftir að lögregla fann mikið magn af kókaíni og amfetamíni við húsleit í Grafarvogi. Fíkniefnahundar tollgæslunnar sýndu mikilvægi sitt í langri húsleit. Lögregla leitaði í fleiri húsum í kjölfarið.**

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild Lögreglu höfuðborgarsvæðisins tók hálft kíló af kókaíni og 300 grömm af amfetamíni síðastliðinn fimmtudag í húsnæði í Grafarvogi. Maður og kona voru handtekin og úrskurðuð í gæsluvarðhald fram á miðvikudag.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var kókaínið sem fannst mjög sterkt. Gert er ráð fyrir að söluandvirði þess hefði numið um 30 milljónum króna í götusölu.

Lögreglan hafði fylgst með þakíbúð í Staðarhverfi í Grafarvogi vegna gruns um að húsráðendur stæðu í innflutningi á sterkum fíkniefnum. Það var svo um hádegisbil á fimmtudag sem átta lögreglumenn fóru í húsleit að fengnum dómsúrskurði.

Húsráðandi, karlmaður um fertugt, kom út í flasið á þeim þegar þeir komu að húsinu og var samstundis handtekinn. Sambýliskona hans, sem er rúmlega tvítug, var einnig handtekin þegar hún kom út úr íbúðinni skömmu síðar.

Fíkniefnalögreglan fékk tvo fíkniefnaleitarhunda og starfsmenn frá tollinum lánaða til leitarinnar. Tollverðirnir voru að gera úttekt á hundunum, sem báðir eru nýþjálfaðir, og sjá hvernig þeir reyndust í verkefninu.

Í húsinu fundust samtals 800 grömm af fíkniefnum, vandlega falin. Húsleitin var með þeim lengri sem gerðar hafa verið. Húsnæðið er stórt, en einnig er húsráðandi sagður reyndur í fíkniefnaheiminum og kunni að fela efnin. Það vafðist ekki fyrir hundunum, sem fundu svo til öll fíkniefnin sem falin voru í húsinu. Óvíst er að meira en brot af efnunum hefðu fundist hefði hundanna ekki notið við.



**FÍKNIEFNAHUNDAR** Tveir fíkniefnahundar sönnuðu gildi sitt í húsleit í Grafarvogi um helgina. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Húsleitin skilaði meiru en fíkniefnunum einum, því út frá umbúðum sem fundust á staðnum áttuðu lögreglumenn sig á innflutningsleið eigenda efnanna.

Umræddur karlmaður hefur lengi verið undir smásjá lögreglu vegna fíkniefnamála, en hefur ekki náðst fyrr en nú.

Á föstudag fór fíkniefnalögreglan ásamt sérsveit ríkislögreglustjóra í húsleit í Vogahverfi í Reykjavík, í framhaldi af húsleitinni í Grafarvogi. Þar fundust um 50 grömm af amfetamíni. Þar var par handtekið og yfirheyrt, karlmaður á fertugsaldri og rúmlega tvítug kona. Þeim var sleppt að yfirheyrslum loknum, en bæði hafa komið við sögu hjá lögreglu.

Samtals tók lögreglan rúmlega kíló af kókaíni og amfetamíni, og kíló af kannabisefnum í vikunni sem leið. **jss@frettabladid.is**



**FORSETAHEILSAÐ** Michaela Salahi tekur í hönd Baracks Obama í Hvíta húsinu.

Boðflennur í forsetaveislu:

# Selja sögu sína fyrir fúlgur fjár

**BANDARÍKIN, AP Skötuhjúin sem gerðust boðflennur í hátíðarkvöldverðarboði Hvíta hússins á dögunum eru nú að falbjóða frásögn sína fyrir hundruð þúsunda dollara.**

**Að sögn bandarísks sjónvarpsstjóra hafa umboðsmenn Michaelu og Tareq Salahi sett sig í samband við þarlenda miðla og hvatt þá til að „taka þátt í uppboðinu“. Til eru myndir af Michaelu þar sem hún heldur báðum höndum um framrétta hendi Obama og brosir blítt til hans. Ekki er vitað hverju hjónin lugu til að komast inn í veisluna án þess að vera á gestalista en það vilja Bandaríkjamenn ólmir vita.** **- nrg**

Bíður ákvörðunar um framsal:

# Polanski fluttur í fjallakofa

**SVISS, AP** Kvikmyndaleikstjórinn Roman Polanski fær að dvelja í svissneskum fjallakofa meðan hann bíður ákvörðunar yfirvalda um hvort hann verði framseldur til Bandaríkjanna.

Polanski þarf auk þess að bera ökklaband sem gerir lögreglu kleift að fylgjast með ferðum hans. Yfirgefi Polanski landareignina tapar hann hálfum milljarði króna sem hann hefur reitt fram í tryggingargjald.

Húsið er ekki af verri sortinni, þriggja hæða og með góðu útsýni yfir Alpana. **- nrg**




Orkuveita Reykjavíkur framkvæmir fyrir 18 milljarða á næsta ári:

# 11 milljarða tap hjá Orkuveitu

**FRAMKVÆMDIR** 11,2 milljarða tap var á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur fyrstu níu mánuði ársins. Fjárhagsáætlun fyrirtækisins var samþykkt á fundi á föstudag. Líkt og Fréttablaðið greindi frá mun Orkuveitan greiða 800 milljónir í afgjöld til eigenda, en ekki þá 2,3 milljarða sem vonast var eftir.

Á næsta ári er fyrirhugað að framkvæmt verði fyrir 18 milljarða króna. Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður fyrirtækisins, segir að ekki verði farið í nýjar framkvæmdir í Hverahlíð fyrr en kaupendur orku eru tryggðir og einnig nægt fjármagn.

Þá muni menn komast langt með fimmta áfanga Hellisheiðarvirkjunar, en því verki verði skilað á þriðja ársfjórðungi árið 2011. „Með Hellisheiði 4 og 5 verðUR heitavatnslögn lokið og við eigum nægt heitt vatn fyrir næstu árin og getum annað eftirspurn í töluverðan tíma,“ segir Guðlaugur. Framkvæmdir við fráveitu á Vesturlandi halda áfram og segir Guðlaugur að þær séu á hálfum hraða. Íbúar verði þó ekki varir við hægagang, en einhver dráttur geti orðið á dælubúnaði.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Haldið verður áfram með fimmta áfanga virkjunarinnar en honum á að vera lokið á þriðja ársfjórðungi 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við reynum að halda uppi eins háu atvinnustigi og við getum. Við vildum gera meira, en því miður leyfir ástandið það ekki.“ **- kóp**



Samsung Soul U800
Útborgun
0kr.
2.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán fylgir.
Verð: 24.000 kr.
Athugið að inneign í símatilboðum virkjar ekki vinaafslátt Ring.
LG Viewty
Útborgun
0kr.
Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.
2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán fylgir.
Verð: 34.900 kr.
ENNEMM / SÍA / NM39986
160 þúsund vinir. Það er meira en helmingur allra Íslendinga. Ringdu.
Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.
Stærsti vinahópur á Íslandi
ring
Síminn
Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

## GENGIÐ 27.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,21 | 123,79 |
| Sterlingspund | 202,36 | 203,34 |
| Evra | 183,77 | 184,79 |
| Dönsk króna | 24,688 | 24,832 |
| Norsk króna | 21,621 | 21,749 |
| Sænsk króna | 17,578 | 17,680 |
| Japanskt jen | 1,4226 | 1,4310 |
| SDR | 197,58 | 198,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 236,3851

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kylfingurinn Tiger Woods hefur frestað því að ræða við lögregluna í þrígang:

# Ætlar ekki að segja frá slysinu

**BANDARÍKIN, AP** Kylfingurinn Tiger Woods segir bílslysið sem hann lenti í á föstudag hafa verið honum sjálfum að kenna. Hann frestaði því í þriðja sinn í gær að ræða um atvikið við lögreglu.

Woods sagði í tilkynningu á heimasíðu sinni að slysið sé orðið vandræðalegt fyrir hann og fjölskyldu hans. Miklar vangaveltur hafa verið uppi í fjölmiðlum um hvað olli því að Woods klessti bíl sínum á brunahana og tré í nágrenni við heimili sitt. Meðal annars hefur því verið haldið fram að Woods hafi verið á flótta undan konu sinni eftir heiftarlegt rifrildi. Fjölmiðlar höfðu greint frá því að Woods hefði átt í ástarsambandi við aðra konu, en bæði kylfingurinn og konan umrædda neita því.

Jafnframt segir Woods í yfirlýsingunni að kona hans hafi brugðist við á hetjulegan hátt og bjargað honum út úr bílnum eftir slysið. Hún greindi lögreglu frá því að hún hafi þurft að nota golfkylfu til þess að brjóta afturrúðu bílsins og ná manni sínum út.

Að öðru leyti segist Woods ekki ætla að tjá sig um málið. Hann segist þó skilja að fólk vilji vita hvað átti sér stað. - þeb



**TIGER OG ELIN WOODS** Kylfingurinn heimsfrægi ætlar ekki að tjá sig um hvað varð til þess að hann klessti bíl sínum á brunahana og tré við heimili sitt á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grunur um hryðjuverk:

# Minnst 25 látnir eftir lestarslys

**RÚSSLAND, AP** 25 létust og 26 er enn saknað eftir mannskætt lestarslys sem varð í Rússlandi seint á föstudagskvöld. Minningarathafnir voru haldnar víða í gær.

Rússnesk stjórnvöld segja að um hryðjuverk hafi verið að ræða. Það hefur enn ekki verið staðfest. Lestin var á leið frá Moskvu til Sankti Pétursborgar þegar þrír síðustu vagnarnir fóru út af sporinu. Því hefur verið haldið fram að sprengju hafi verið komið fyrir undir lestinni.

Að sögn heilbrigðisráðherra landsins eru 85 manns enn á spítala, þar af 21 í mjög alvarlegu ástandi. - þeb

# Framkvæmdir hefjast við vatnsverksmiðjuna á Rifi

**Stefnt er að því að hefja byggingu á sjö þúsund fermetra vatnsverksmiðju á Snæfellsnesi í næsta mánuði. Forsvarsmaður fyrirtækisins liggur undir grun um fjársvik í Kanada. Margt er á huldu um fyrirtækið.**

**IÐNAÐUR** Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar hefur samþykkt teikningar að sjö þúsund fermetra vatnsátöppunarverksmiðju Iceland Glacier Products á Rifi á Snæfellsnesi. Fyrirtækið, sem er í eigu hollenska athafnamannsins Otto Spork, framleiðir átappað vatn á flöskum undir merkjum Iceland Glacier Water.

Fyrirhugað var að byggingin yrði tíu þúsund fermetrar að flatarmáli og barst byggingarefni í hana til Rifs fyrir um tveimur árum. Hún stóðst ekki innlendar reglugerðir og lá byggingarefnið á hafnarbakkanum í ár. Forsvarsmenn fyrirtækisins breyttu því byggingunni. Stefnt er á að framkvæmdir við byggingu vatnsverksmiðjunnar hefjist í næsta mánuði og hefur tilboðum í hana verið skilað. Reiknað er með að framleiðsla verði komin á skrið árið 2011.

Áætlað er að á bilinu þrjátíu til fjörutíu manns muni vinna við framleiðsluna. Þeir bæjarbúar sem Fréttablaðið hefur rætt við eru vongóðir um að verkið hefjist sem fyrst. Ekki hefur náðst í Spork í tengslum við vinnslu fréttarinnar.

Rúmt ár er síðan Snæfellsbær tengdi vatnslögn fyrir Iceland Glacier Products á lindarsvæði Snæfellsbæjar í Fossárdal og hefur þar einn starfsmaður á vegum fyrirtækisins tappað því á blöðrugáma í bráðabirgðahúsnæði. Gámarnir eru fluttir suður til Reykjavíkur. Vífilfell sá um átöppun á nokkrar flöskur fyrir fyrirtækið, sem notaðar voru í kynningarskyni í fyrravor. Ekki liggur fyrir hvort vatnið er flutt út í flöskum eða blöðrugámum eða hvoru tveggja.

jonab@frettabladid.is



**KOMIÐ MEÐ BYGGINGAREFNI** Efni í byggingu vatnsverksmiðju Iceland Glacier Products á Rifi á Snæfellsnesi hefur legið við hafnarbakkann í tæpt ár. MYND/SNÆFELLSBÆR

## MARGT ER Á HULDU UM FYRIRTÆKIÐ

- Litlar upplýsingar er að fá um rekstur og framleiðslu vatnsfyrirtækisins. Á netsíðu þess kemur fram að fyrirtækið framleiði átappað vatn á flöskum en meira magn í svokölluðum blöðrugámum. Þá kemur fram að fyrirtækið geti flutt vatn með skipum til þeirra heimssvæða þar sem vatn skorti. Ekki hafa fengist nánari upplýsingar um framleiðsluna þrátt fyrir ítarlegar tilraunir.
- Otto Spork, forsvarsmaður Iceland Glacier Products, er skráður til heimilis í Mosfellsbæ en fyrirtæki hans er með skrifstofu í Kópavogi. Ekki hefur náðst í hann þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir í vikunni. Þó var svarað í síma hans á miðvikudag. Spork var sagður upptekinn og fengust ekki upplýsingar um hvenær mætti hringja aftur. Það hefur þó verið reynt síðustu daga. Símtalinu er ætíð slitið og slökkt á símanum í nokkra stund eftir það.
- Frönskumælandi maður sem ekki gat tjáð sig á öðru tungumáli svaraði á skrifstofu fyrirtækisins í Kópavogi á miðvikudag. Hann vildi ekki tjá sig um reksturinn en sagði fjölmiðlatengil koma til starfa eftir klukkan sex. Enginn svaraði í síma þegar hringt var um það leyti. Einn starfar á vegum fyrirtækisins á Rifi. Hann hefur umsjón með byggingu verksmiðjunnar og gat ekki sagt til um hvert vatnið væri flutt sem tappað væri á blöðrugáma þar.
- Otto Spork rak um nokkurra ára skeið eignastýringarfyrirtækið Sextant Capital Management í Kanada. Það starfrækti nokkra vogunarsjóði sem teygja anga sína víða, svo sem til Cayman-eyja, Bresku jómfrúreyja og Lúxemborgar. Eitt fyrirtækjanna fjárfesti í íslenskum fyrirtækjum sem hafa vatnsréttindi hér. Annað þeirra er Iceland Glacier Products en hitt hefur skoðað byggingu vatnsverksmiðju í Vestmannaeyjum.
- Spork hefur síðastliðna mánuði legið undir grun um hugsanleg fjársvik, brot á lögum um fjárfestingarsjóði, rangar upplýsingar um stöðu og eignir og brot á bókhaldslögum í Kanada.
- Kanadíska verðbréfaeftirlitið í Ontario úrskurðaði í fyrra að fyrirtæki Sporks skyldu sett í greiðslustöðvun og eru þau nú í gjaldþrotameðferð. Í úrskurði dómstóls í Ontario fyrir rúmri viku kemur fram að endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers sé tilsjónarmaður með eignum fyrirtækisins í Kanada en fyrirtækið Krys & Associates með eignum sem skráðar eru á Cayman-eyjum. Íslenska fyrirtækið mun vera sjálfstætt eining. Kenneth Krys, einn eigenda fyrirtækisins, sagði í tölvuskeyti til Fréttablaðsins í gær málið í rannsókn og væru gögn um framgang þess í vörslu fjármálayfirvalda þar.



**ÚR KAUPHÖLLINNI** Fyrirtæki verða eftirleiðis að hlíta hertum reglum um skuldabréfaviðskipti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kauphöllin herðir reglurnar:

# Hluti af gagnsæi á markaði

**VIÐSKIPTI** Hertar reglur taka gildi um upplýsingagjöf útgefenda skuldabréfa í Kauphöllinni um mánaðamótin. Þær kveða á um að fyrirtæki sem gefa út skuldabréf þurfa að birta á markaðnum endurskoðaðan ársreikning sem og hálfsársuppgjör. Hið opinbera og sveitarfélög þurfa aðeins að birta ársuppgjör.

Brjóti fyrirtæki reglurnar getur Kauphöllin beitt ýmsum úrræðum, svo sem opinberri áminningu og févíti.

Skuldabréfaútgefendur hafa í töluverðum mæli frestað birtingu uppgjöra sinna á þessu ári og hafa talsverðar sektir fallið á þau. Opinber áminning Kauphallarinnar getur haft talsverð áhrif enda hætt við að fjárfestar og aðrir sem kaupa skuldabréf þeirra fyrirtækja sem fá slíkan skell snúi við þeim baki. - jab

**ELDSVOÐI**

### Vinnubúðir brunnu

Vinnubúðir við álver Norðuráls á Grundartanga gereyðilögðust í eldi í gær. Þrjár gámaeiningar fyrirtækisins brunnu allar og allt sem í þeim var; verkfæri og skrifstofuaðstaða. Enginn slasaðist í brunanum og greiðlega gekk að slökkva eldinn.




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HVASST** Horfur eru á nokkuð stífum vindi næstu daga, einkum norðvestan til. Áfram má búast við snjókomu víða um land, einkum norðan til en úrkoman verður slyddukenndari allra syðst. Á þriðjudaginn hlýnar lítillega í veðri en áfram verður frost norðanlands.



**Á MORGUN** 8-15 m/s. Hvassast vestan til.

**MIÐVIKUDAGUR** 6-18 m/s . Hvassast vestan til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 9° |
| Eindhoven | 9° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 7° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 13° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 2° |
| París | 9° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


Tenórarnir 3
NÝÁRSTÓNLEIKAR
HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI 3. JANÚAR 2010
MEÐ STÓRHLJÓMSVEIT OG GÓÐUM GESTUM
KOLBEINN KETILSSON
JÓHANN FRIÐGEIR
SNORRI WIUM
MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10:00 Á midi.is
Á EFNISSKRÁNNI VERÐA MARGAR AF FEGURSTU ARÍUM ÓPERUBÓKMENNTANNA,
ÍSLENSKAR PERLUR AUK KLASSÍSKRA SÖNGLAGA OG HÁTÍÐARSÁLMA.
FÖGNUM NÝJU ÁRI MEÐ ÓGLEYMANLEGRI UPPLIFUN!
FLUG OG TÓNLEIKAR
VERÐ FRÁ KR. 23.290,-*
* MIÐAÐ VIÐ AÐGÖNGUMIÐA Á TÓNLEIKANA
OG FLUG FRAM OG TIL BAKA FRÁ ÍSAFIRÐI EÐA AKUREYRI.
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
SALA HEFST Á MORGUN KL. 10:00 Í SÍMA 570 3075
GJAFAKORT
Tenórarnir 3
NÝÁRSTÓNLEIKAR
JÓLAGJÖFIN Í ÁR!
...FÆST Á TENORAR.IS

**KJÖRKASSINN**



*Er jólaundirbúningur hafinn á þínu heimili?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 58,7% |
| NEI | 41,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú áform ríkisstjórnarinnar um afnám sjómannaafsláttarins?*

Segðu þína skoðun á visir.is — vísir

Ríkisstjórnin samþykkir frumvarp um hertar reglur um atvinnuleysisbætur:

# Fólk missir bótarétt hafni það vinnu

**FÉLAGSMÁL** Atvinnulaust fólk getur misst bótarétt hafni það störfum sem bjóðast í tvígang verði nýtt frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar að lögum. Frumvarpið hefur verið samþykkt í ríkisstjórn og verður lagt fram á Alþingi í dag.

Helsta breytingin felst í því að fólk sem hafnar vinnu í fyrsta skipti mun missa bætur í tvo mánuði. Hafni það vinnu öðru sinni mun það missa allan bótarétt, og ekki öðlast hann á ný fyrr en það hefur verið í launaðri vinnu í sex mánuði, segir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra.

Einnig verða gerðar breytingar á bótum sem fólk getur fengið sé það ekki í fullu starfi. Ekki verður hægt að fá hlutabætur nema starfsskerðing nái 20 prósentum, en auk þess verður hámarksgreiðsla rúmlega 521 þúsund krónur. Það þýðir að sé einstaklingur með 500 þúsund króna laun fyrir 50 prósenta starfshlutfall fær hann í mesta lagi um 21 þúsund krónur í atvinnuleysisbætur til viðbótar.

Með þessum breytingum er ætlunin að spara um 800 milljónir króna á fyrri helmingi næsta árs, segir Árni Páll. Þeirri upphæð á að verja í ný vinnumarkaðsúrræði fyrir ungt fólk. **- bj**



**ÚRRÆÐI** Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra segir það fé sem sparist fara í ný vinnumarkaðsúrræði fyrir ungt fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bankar og skilanefndir:

# Vill upplýsingar um stjórnendur

**ALÞINGI** Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur óskað eftir að lagðir verði fram á Alþingi listar yfir það fólk sem skilanefndir gömlu bankanna og nýju ríkisbankarnir hafa skipað í stjórnir fyrirtækja sem hafa verið yfirtekin.

Þingmaðurinn biður um að fram komi í hvaða stjórnir bankar og skilanefndir hafi skipað og hverjir séu stjórnarmenn og stjórnarformenn í umboði banka og skilanefnda. Einnig hvort bankar og skilanefndir hafi sett sér reglur um hvernig skipa eigi í stjórnir af þessu tagi og hvort þær reglur taki þá mið af jafnréttislögum. **- pg**








**FUNDAÐ UM KJARNORKU** Utanríkisráðherra Írans, Manoucherh Mottaki, fundaði með rússneska orkumálaráðherranum, Sergei Shmatko, í Teheran í gær. Rússar hafa lofað Írönum stuðningi til að ljúka fyrsta kjarnorkuverinu sem á að taka til starfa snemma á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Tíu kjarnorkuver á teikniborðinu í Íran

**Írönsk stjórnvöld hafa tilkynnt um áætlun um byggingu tíu nýrra kjarnorkuvera. Bandaríkjamenn segja það skýrt brot á alþjóðlegum samþykktum. Talið er að um viðbrögð við samþykktum alþjóðasamfélagsins fyrir helgi sé að ræða.**

**AP, ÍRAN** Stjórnvöld í Teheran samþykktu í gær áætlun um að koma á fót tíu kjarnorkuverum í Íran. Tilkynningin kemur í kjölfar samþykktar nefndar Alþjóðlegu kjarnorkumálastofnunarinnar frá því á föstudag, en þá var þess krafist að öllum framkvæmdum við verksmiðju til auðgunar úrans, nærri hinnar heilögu borgar Qom, yrði hætt.

Ríkisstjórnin samþykkti að framkvæmdir skyldu hafnar á fimm stöðum sem alþjóðasamfélagið hafði áður kannað. Þar að auki yrðu verksmiðjur reistar á fimm nýjum stöðum. Verksmiðjurnar yrðu af sömu stærð og sú sem er þegar tekin til starfa í Natanz. Þar eru nú um 8.600 skilvindur til auðgunar úrans, um 4.000 þeirra eru þegar í gangi.

Fulltrúar Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar vildu ekki gefa frá sér yfirlýsingu í gær og formlegra viðbragða Bandaríkjastjórnar er enn beðið. Fulltrúi stjórnvalda sagði þó við alþjóðlegu fréttaveituna Associate Press, að áætlanirnar væru enn eitt brot Íransstjórnar á samþykktum alþjóðasamfélagsins. Íranir hefðu skuldbundið sig til að hætta öllum framkvæmdum við verksmiðjur til auðgunar úrans.

„Það er enn möguleiki á því að írönsk stjórnvöld taki höndum saman með alþjóðasamfélaginu, ef þau kjósa svo að gera,“ sagði embættismaðurinn, sem vildi ekki láta nafns síns getið þar sem formlegrar yfirlýsingar var beðið.

Í verksmiðjunum er úrangas sett í skilvindur til að hreinsa það. Það er kælt niður og til verður eldsneyti fyrir kjarnakljúfa. Með því segist Íransstjórn ætla að framleiða 20 þúsund megavött af orku. Sé úranið auðgað enn frekar er hægt að nota það til að búa til kjarnaodda.

Í samþykkt Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar frá því á föstudag var friðsamur tilgangur Írana með framleiðslunni dreginn í efa og alvarlegum áhyggjum yfir því að ætlunin væri að framleiða sprengjur lýst yfir.

Forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, tilkynnti ríkisstjórninni að koma þyrfti upp hálfri milljón skilvinda í verksmiðjunum til að hægt yrði að framleiða 250 til 300 tonn af eldsneyti árlega.

kolbeinn@frettabladid.is

Ný samtök reyna að efla ferðaþjónustu fyrir tugi milljóna fuglaáhugamanna:

# Ísland á kort fuglaskoðunar

**FERÐAIÐNAÐUR** Meðlimir nýstofnaðra Samtaka um fuglatengda ferðaþjónustu telja mikla möguleika á þessu sviði hérlendis. „Með samtökunum er ætlunin að koma Íslandi almennilega á kortið hjá erlendum fuglaskoðurum sem áfangastað til fuglaskoðunar,“ segir Hrafn Svavarsson, formaður nýju samtakanna, í Útherja, blaði Útflutningsráðs Íslands. Það kemur einnig fram að sex íslensk félög og fyrirtæki hafi nýlega sótt árlega ráðstefnu fuglaskoðunarmanna í Englandi til að vekja athygli á einstæðum möguleikum á Íslandi. Þá segir að um tuttugu milljónir Bandaríkjamanna fari árlega í fuglaskoðunarferðir. **- gar**



**HAFÖRN** Konungur íslenskra fugla er tilkomumikil sjón. Hér sést haförn í fangi Hildibrands Bjarnasonar á Bjarnarhöfn. MYND/RÓBERT A. STEFÁNSSON

# Betra verð

TENGI

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI



IFÖ Next sturtuklefi 80x80
Verð kr. **99.900,-**



Mora FMM sturtusett
Verð kr. **4.980,-**



IFÖ innrétting 75 cm
Verð kr. **69.900,-**



Sphinx Lugano borðhandlaug
Verð kr. **9.960,-**



IFÖ salerni með setu
Verð kr **34.900,-**



Mora FMM eldhústæki
Verð kr. **9.960,-**



Sphinx upphengt salerni, geberit kassi, seta og spjald
Verð kr. **55.400,-**



Adrian stál ræstivaskur
Verð kr. **22.410,-**



Mora baðtæki
Verð kr. **24.900,-**



Mora sturtut. með upp/niðurst.
Verð kr.**17.430,-**



Mora FMM handlaugartæki
Verð kr. **9.960,-**

## Fagmennska í fyrirrúmi

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www. tengi.is • tengi@tengi.is

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hver var kjörinn oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík um helgina?*

**2** *Hvað heitir nýútkomin skáldsaga Steinunnar Sigurðardóttur?*

**3** *Söngkonan Kylie Minogue mun klæðast íslenskum skóm og fylgihlutum á næsta ári. Hvað heitir hönnuðurinn?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Gæsluvarðhald framlengt að hluta yfir meintum þjófum frá Póllandi:

# Tveir af þremur áfram í haldi

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald hefur verið framlengt yfir tveimur af þremur sakborningum í umfangsmiklu þjófnaðarmáli. Átta eru ákærðir í málinu, allt ungt fólk af pólskum uppruna.

Aðalmeðferð lauk á föstudag, en mennirnir sem sitja áfram í haldi kunna að verða dæmdir í 12 til 15 mánaða fangelsi. Gæsluvarðhald yfir þeim var framlengt þar til dómur fellur, þó ekki lengur en til 18. desember.

Þriðji maðurinn var látinn laus. Allir hafa mennirnir setið í haldi frá því 13. ágúst. Refsirammi í máli þess sem látinn var laus heimilar ekki þyngri dóm en sex mánuði.

Tekinn var fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í morgun sá ákæruliður sem snýr að þátttöku þess sem látinn var laus í innbroti í leigubíl við Garðastræti í sumar. Vitni sá til hans og annars manns flýja af vettvangi.

Annar þeirra sem áfram situr í haldi játaði innbrotið í bílinn, en sá sem var sleppt neitar sök. Honum lenti saman við hinn í gæsluvarðhaldinu. Í málflutningi fulltrúa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kom fram að sá sem áfram situr í haldi hafi breytt framburði sínum eftir að hafa lent saman við hinn. Hann neitaði að tjá sig um málsatvik fyrir dómi í gærmorgun. **- óká**



**Í HÉRAÐDÓMI** Ákært er fyrir fjölda þjófnaða í margvíslegum innbrotum og aðildar að brotum í umfangsmiklu máli sem er fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Dóms er vænst á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tveir menn í haldi lögreglu:

# Frömdu vopnað rán í 10-11

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn eru í haldi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu grunaðir um að hafa framið vopnað rán í verslun 10-11 við Engihjalla á laugardagskvöld.**

**Annar mannanna ógnaði starfsfólki og viðskiptavinum verslunarinnar með hníf og komst á brott með einhverja fjármuni. Hinn beið í bíl fyrir utan verslunina á meðan.**

**Mennirnir komust undan en lögregla handsamaði þá skömmu síðar. Þeir voru á stolnum bíl og voru báðir undir áhrifum lyfja þegar ránið var framið. Þeir eru fæddir árið 1978 og 1985. - þeb**

Félagsþjónusta sveitarfélaga:

# Fleiri þiggja fjárhagsaðstoð

**SVEITARFÉLÖG Heimili sem þáðu fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaganna voru um 17,5 prósentum fleiri árið 2008 en árið á undan. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.**

**Alls þáðu 5.029 heimili fjárhagsaðstoð í fyrra. Það er þó ekki metfjöldi, því árið 2003 voru þau 6.312. Þeim fækkaði jafnt og þétt til ársins 2007, samtals um 32 prósent, en hefur nú fjölgað að nýju.**

**Fjölmennasti hópurinn sem þiggur fjárhagsaðstoð er nú sem fyrr einstæðir, barnlausir karlar, en þeir nema 39 prósentum þeirra heimila sem aðstoð þiggja. Einstæðar konur með börn voru á 32,8 prósentum þeirra heimila sem þáðu aðstoð. - kóp**

**BANGLADESS**

## Ofhlaðin ferja sökk

Þriggja hæða ferja sökk með fimmtán hundruð manns innanborðs í Suður-Bangladess. Leitarmenn hafa fundið 37 látna en 80 er enn saknað.

**BANDARÍKIN**

## Lögreglumenn drepnir

Fjórir lögreglumenn voru skotnir til bana í nágrenni Seattle í gærdag. Lögreglumennirnir sátu á kaffihúsi áður en vakt þeirra hófst í gær. Þeir drukku kaffi og voru í tölvum sínum þegar skotárásin hófst.

**BORGARBYGGÐ**

## Bitni ekki á jafnrétti

Félagsmálanefnd Borgarbyggðar hefur beint því til sveitarstjórnarinnar að gæta þess að sparnaðaraðgerðir auki ekki mismunun kynjanna.

# Fé úr ofanflóðasjóði til sjóvarna við Vík

**Samgönguráðherra býst við útboði á nýjum sjóvarnargarði við Vík eftir áramót. Peninga vantar en það munar aðeins einu n-i á sjóflóðum og snjóflóðum, segir ráðherra sem vinnur að því að Ofanflóðasjóður taki þátt í fjármögnun verksins.**

**ÖRYGGISMÁL** Ef áætlanir stjórnvalda ganga eftir verður nýr sjóvarnargarður við Vík í Mýrdal fjármagnaður úr Ofanflóðasjóði.

„Ég hef spurt sjálfan mig að því af hverju flóðasjóður er ekki notaður til að verja byggð vegna sjóflóða – vegna þess að snjóflóð og sjóflóð eru ótrúlega lík. Það er einungis brottfall á einu n-i – þá erum við farin úr sjóflóði yfir í snjóflóð,“ sagði Kristján L. Möller samgönguráðherra á Alþingi á miðvikudag.

Heimamenn í Mýrdalshreppi hafa undanfarin misseri krafist betrumbóta á sjóvörnum við Vík vegna mikils landbrots. Samgönguráðherra sagði landbrotið nú komið inn fyrir tiltekna eftirlitslínu á um 750 metra kafla og komið að ögurstundu. Í undirbúningi væri því að bjóða út gerð nýs 750 metra langs og 7,7 metra hás varnargarðs eftir áramót. Áætlað er að í hann fari um 400 þúsund tonn af grjóti og sprengdum kjarna og að kostnaðurinn verði um 230 milljónir króna. Fyrir þessu væri hins vegar ekki gert ráð í fjárlögum næsta árs.

„Ef ekki verður ráðist í þessa framkvæmd og stórbrim verður líkt og kom á árinu 1990 má reikna með miklu sjávarflóði sem hefði í för með sér mörg hundruð milljón króna tjón á mannvirkjum í eigu sveitarfélagsins og húseignum einstaklinga,“ sagði samgönguráðherra sem ítrekaði að fjármögnunin væri enn ekki tryggð þótt hann hafi rætt við umhverfisráðherra um þátttöku ofanflóðasjóðs í verkefninu. Fram kom við umræðuna að um sex milljarðar króna eru í Ofanflóðasjóði. Hann var settur á fót eftir mannskæð snjóflóð á Vestfjörðum fyrir hálfum öðrum áratug.

Björgvin Sigurðsson, þingmaður Samfylkingar, líkti landbrotinu við hamfarir. „Mýrdælingar hafa sýnt einstakt langlundargeð meðan fjörutíu hektarar af landi hafa horfið beint fyrir framan þorpið,“ sagði Björgvin, sem var upphafsmaður umræðunnar á Alþingi með fyrirspurn til ráðherra.

„Við erum fullvalda þjóð og það er alveg sama hversu illa árar hjá okkur í efnahagsmálunum - þetta mál verðum við að leysa,“ sagði Unnur Brá Konráðsdóttir, þingkona úr Sjálfstæðisflokki.

Unnur kvaðst vonast til að Ofanflóðasjóður kæmi að málinu. Hún var hins vegar ósammála samanburði samgönguráðherra á sjóflóðum og snjóflóðum. „Það er grundvallarmunur á snjóflóðum og sjóflóðum,“ sagði Unnur.

Eygló Harðardóttir úr Framsóknarflokki sagði Alþingi mundu leysa málið. „Hvort sem það munar einu n-i til eða frá,“ undirstrikaði þingkonan. **gar@frettabladid.is**



**VIÐ VÍK** Óttast er að mannvirki fyrir hundruð milljóna skemmist ef ekki verður hið fyrsta byggður nýr sjóvarnargarður við Vík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KRISTJÁN L. MÖLLER**



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**



**UNNUR BRÁ KONRÁÐSDÓTTIR**



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:

# Tók kókaín fyrir 1,5 milljónir

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tók 105 grömm af kókaíni í húsnæði í Grafarholti um helgina.

Efnin fundust í einbýlishúsi í Grafarholtinu. Þar búa þrír karlmenn um þrítugt. Margar kvartanir hafa borist til lögreglu vegna hávaða frá húsinu og partíhalds þar að undanförnu. Þá höfðu tíðar mannaferðir til og frá því vakið athygli.

Um helgina lét lögreglan svo til skarar skríða að fengnum dómsúrskurði og gerði húsleit á staðnum. Í herbergi eins mannanna þriggja fannst kókaínið og eitthvað af maríjúana. Fyrrnefnda efnið var ekki komið í söluumbúðir þegar lögreglan haldlagði það, heldur geymt í dós.

Samkvæmt verðkönnun SÁÁ á fíkniefnum kostar grammið af kókaíni um fimmtán þúsund krónur. Maðurinn hafði því undir höndum efni fyrir rúmlega 1,5 milljónir króna í götusölu.

Maðurinn sem um ræðir verður boðaður til skýrslutöku hjá lögreglu í dag. Þremenningarnir hafa komið við sögu hjá lögreglu og eru allir þekktir að því að hafa verið viðloðandi fíkniefni. **- jss**



**KÓKAÍN** Grammið af kókaíni kostar um fimmtán þúsund krónur í götusölu. Myndin er sviðsett.







Íslensk
hönnun &
framleiðsla
LYSTADÚN
Marco
SNÆLAND
Gæða rúm
á góðu verði
í 60 ár
NÝ HUGSUN Í HEILSUDÝNUM
Á JÓLATILBOÐI
mediline+
Heilsudýnurnar eru hannaðar með það að leiðarljósi að hægt sé að mæta kröfum ólíkra einstaklinga, sem geta samt notað sameiginlega heilsudýnu. Nýjir möguleikar sem hafa ekki verið í boði áður.
+ Möguleiki á tveimur stífleikum í sama dýnuverinu.
+ Má taka dýnuver af og þvo.
+ Loftar vel um dýnuna, minni líkur á að svitna.
+ Sérstyrktir kanntar skapa 20% meiri svefnflöt.
+ Ber ekki hreyfingu á milli.
Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði
VISA
Dúnsængur og heilsukoddar nú á jólatilboði
Sealy
Stærstir í heilsudýnum
Mikið úrval af rúmum
Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504
Opið virka daga: 10-18 og laugard.: 11-16



**HVOLFÞAKI KOMIÐ FYRIR** Múslimar í Strassborg í Frakklandi fylgdust spenntir með þegar nýju hvolfþaki var komið fyrir á stóru moskunni þar í borg. NORDICPHOTOS/AFP

Nærri níræður Þjóðverji segist stoltur af því að hafa barist fyrir Hitler:

# Fagnaði sprengjuregni nasista

**ÞÝSKALAND, AP** „Þeir eru að koma. Nú verður allt betra,“ segir Heinrich Boere að móðir sín hafi sagt þegar þýski herinn gerði innrás í Holland árið 1940.

Hann var þá ungur maður og segist hafa fylgst hrifinn með því þegar sprengjuregnið féll úr þýskum flugvélum ofan á Maastricht þar sem hann bjó ásamt foreldrum sínum, þýskri móður og hollenskum föður.

Boere er nú 88 ára gamall og ákærður fyrir stríðsglæpi. Í gær tjáði hann sig í fyrsta sinn í réttarhöldum, sem hófust í október í Aachen í Þýskalandi.



**Í RÉTTARSAL** Heinrich Boere bjó í Hollandi þegar Þjóðverjar gerðu innrás árið 1940. NORDICPHOTOS/AFP

Hann gekk í þýska innrásarherinn í Hollandi aðeins átján ára gamall og segist hafa verið stoltur af því að hafa fengið inngöngu. Hann barðist með þýska hernum á austurvígstöðvunum í Rússlandi, en fór síðan til Hollands þar sem hann starfaði fyrir Þjóðverja með sveitum hollenskra sjálfboðaliða. Þær sveitir hafa verið sakaðar um að hafa drepið fólk úr hollensku andspyrnuhreyfingunni.

Hann var dæmdur í lífstíðarfangelsi í Hollandi árið 1949 fyrir að hafa drepið þrjá Hollendinga, en tókst að sleppa úr fangabúðum til Þýskalands. Alla tíð síðan hefur hann verið var um sig og treysti sér ekki eina sinni til að kvænast.

„Ég þurfti alltaf að reikna með að fortíðin gæti náð í skottið á mér, og vildi ekki leggja það á neina konu.“ - gb

Bólusett gegn svínaflensu:

## Sextán kvarta undan lyfinu

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjastofnun hafa borist sextán tilkynningar um aukaverkanir sem hugsanlega geta verið af völdum Pandemrix bóluefnisins við svínaflensu.

Um 75 þúsund manns hafa verið bólusett við flensunni hérlendis. Það eru því tveir af hverjum 10 þúsund sem finna fyrir aukaverkunum. Í tveimur voru viðkomandi lagðir inn á sjúkrahús. Algengustu einkenni sem tilkynnt hafa verið eru hiti, ofnæmisviðbrögð, beinverkir og bólga á stungustað. Ellefu konur og fimm karlar hafa hugsanlega fengið aukaverkun sem tengja má bólusetningunni. - nrg






**FRÁ ELLIÐAVATNI** Alvarleg sýking er komin upp í bleikjustofni vatnsins. Urriðastofninn er einnig smitaður þótt í minni mæli sé. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Bleikjustofnar sýktir í tveim stöðuvötnum

**Sýnataka í sumar hefur leitt í ljós að nær allur bleikjustofn Elliðavatns og Vífilsstaðavatns eru smitaðir af nýrnasýki. Urriðinn er líka sýktur. Verið er að rannsaka lax úr Elliðaám en ekkert bendir til að hann sé smitaður.**

**UMHVERFISMÁL** Nær allur bleikjustofn Elliðavatns sem og Vífilsstaðavatns er smitaður af nýrnaveiki; svokallaðri PKD-sýki. Hátt hlutfall bleikjunnar sýnir einkenni sýkinnar og líklegt er talið að verulega fækkun bleikju í vötnunum tveimur megi að stórum hluta rekja til hennar.

„Um helmingur fisksins sem við skoðuðum hafði sjúkleg einkenni PKD-sýki, sem er hærra hlutfall en ég átti von á. Hvort þessi fiskur er deyjandi er ekki gott að segja til um því erfitt er að meta hvernig fiskur braggast í villtri náttúru,“ segir Árni Kristmundsson, deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma á Tilraunastöðinni að Keldum, en hann stýrir viðamikilli rannsókn vegna sýkingarinnar í samvinnu við Þórólf Antonsson og Friðþjóf Árnason, sérfræðinga hjá Veiðimálastofnun.

Árni segir rannsóknina of stutt á veg komna til að meta hversu mikil áhrif sýkinnar verði á fiskstofna vatnanna til lengri tíma litið. „En ég get þó sagt að verði veðurfar með sama hætti og verið hefur sé ég engar forsendur fyrir því að þessi sýking sé að hverfa og hún mun að öllum líkindum hafa áfram afgerandi áhrif, sérstaklega á bleikjuna þar sem hún er mjög kuldakær og sérlega næm fyrir sýkinni.“

PKD-sýki er sjúkdómur sem er háður hitastigi vatns og kemur ekki upp nema það nái tólf gráðum í ákveðinn tíma. Nú eru þessar forsendur fyrir hendi í vötnunum og svo hefur verið um allangt skeið. Árni tengir það við verulega fækkun í bleikjustofnunum á síðustu tveim áratugum.

Í tengslum við rannsóknaverkefnið var í sumar safnað um 700 sýnum úr Elliðaám, Elliðavatni, Vífilsstaðavatni, Mývatni, Mjóavatni á Auðkúluheiði og Úlfljótsvatni. Verkefnið er styrkt af Orkuveitunni og Reykjavíkurborg.

„Þó að ég sé ekki búinn að skoða vefjasýni úr Úlfljótsvatni og af Auðkúluheiðinni get ég sagt frá því að enginn fiskur þaðan var með sjúkleg einkenni,“ segir Árni. Aðstæður í þessum vötnum eru allt aðrar en í sýktu vötnunum tveim og ná aldrei sama vatnshita og grunn láglendisvötn. Vel getur verið að sýkilinn sé þar að finna en ólíklegt er að það hafi áhrif á fiskistofna vatnanna.

Þegar sýking kemur upp í Elliðavatni verður mörgum hugsað til laxastofnsins í Elliðaánum. Árni segir ekkert benda til að sjúkdómurinn herji á laxinn.

Rétt er að taka fram að sýkingin sem um ræðir er á engan hátt hættuleg mönnum sem leggja sér fiskinn til munns.

svavar@frettabladid.is



netto
Ódýrt fyrir heimilið!



TILBOÐ

RAUÐSPRETTA
FROSIN

598 kr/kg

# Ódýrt að versla!

HVÍTLAUKSBRAUÐ 2stk.
350g




199 kr/pk.

FRANSKAR OFN KARTÖFLUR
900g




299 kr/pk.

SYKURBAUNIR
400g




199 kr/pk.

Á meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær



**APAHÁTÍÐ** Árleg apahátíð fer nú fram í Lopburi í Taílandi og þessir apar tóku þátt í hátíðarhöldunum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að meðaltali voru framin átta innbrot og tólf þjófnaðarbrot á dag í október:

# Afbrotum fækkar milli ára

**LÖGREGLUMÁL** Fækkun varð í flestum brotaflokkum í október síðastliðnum miðað við október í fyrra.

Fíkniefnabrotum fækkaði um 30 prósent, þjófnaðarbrotum um 28 prósent, hegningarlagabrotum um átján prósent og innbrotum um ellefu prósent.

Í skýrslu Ríkislögreglustjórans um afbrotatölfræði í október segir á hinn bóginn að hraðakstursbrotum hafi fjölgað mikið. Skýrist það meðal annars af tveimur stafrænum hraðamyndavélum sem settar voru upp á Suðurlandsvegi í Ölfusi og teknar í notkun í byrjun mánaðarins. Skráðu þær tæplega 2.000 hraðakstursbrot.

**FJÖLDI BROTA Í OKTÓBER**

| | okt.´09 | okt.´08 | okt. ´07 |
|---|---|---|---|
| Hraðakstursbrot | 5.066 | 2.370 | 3.385 |
| Þjófnaðarbrot | 366 | 511 | 262 |
| Eignaspjöll | 238 | 238 | 250 |
| Innbrot | 262 | 293 | 156 |
| Ölvun við akstur | 118 | 133 | 150 |
| Fíkniefnabrot | 98 | 141 | 153 |
| Áfengislagabrot | 33 | 48 | 115 |
| Líkamsárás | 91 | 91 | 131 |
| Nytjastuldur | 28 | 37 | 31 |

Í skýrslunni segir að fíkniefnabrot, sem töldust 98 í síðasta mánuði, hafi ekki verið jafn fá í októbermánuði síðustu fimm ár. Flest voru þau 2006; 175 talsins. Þá kemur fram að hraðakstursbrot hafi verið 83 prósent allra umferðarlagabrota í októbermánuði en þau eru að meðaltali 163 á dag.

Þjófnaðarbrotum hefur fækkað þrjá mánuði í röð. - bþs

Héraðsdómur Reykjaness:

## Kannabisræktandi fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur ákært karlmann um fimmtugt fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir kannabisræktun.

Maðurinn var tekinn miðvikudaginn 2. apríl á síðasta ári með 117 kannabisplöntur og 11 kannabisgræðlinga í vörslu sinni. Ræktunina stundaði hann á heimili sínu í Vogum, í vinnuaðstöðu sem sambyggð er húsnæðinu. Efnin vógu vel á annað kíló, eða rúmlega 1.625 grömm.

Auk upptöku efnanna er þess krafist að maðurinn sæti upptöku tækja og tóla, sem hann notaði við ræktun efnanna. - jss




Iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði:

## Braut peru á höfði unnustu

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið ákærður fyrir að ráðast í fyrravetur á unnustu sína í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði og ganga í skrokk á henni. Meðal annars barði hann hana með ljósaperu, sem brotnaði á höfði hennar.**

**Maðurinn tók konuna kverkataki, skellti höfði hennar utan í vegg, kýldi hana í andlitið, reif í hár hennar og færði hana með valdi inn á baðherbergi. Þar hélt hann ofbeldinu áfram. Konan hlaut talsverða áverka. Hún krefst miskabóta upp á 1,4 milljónir króna.** - jss

**ALÞINGI**

### Framlög til ÍSÍ og KSÍ

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hefur lagt fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um framlög ríkisins til ÍSÍ og KSÍ. Vill hún vita hvað KSÍ hefur fengið mikið af opinberu fé síðustu fimm ár og hvað sambandinu er ætlað að fá á næsta ári.

**SELTJARNARNES**

### Neslistinn býður aftur fram

Bæjarmálafélag Seltjarnarness hyggst bjóða Neslistann fram í bæjarstjórnarkosningunum í vor. Listinn hefur frá 1990 verið sameiginlegt framboð allra flokka á Seltjarnarnesi að frátöldum Sjálfstæðisflokknum. Samfylkingin ætlar hins vegar að bjóða fram eigin lista í næstu kosningum.



**LAXVEIÐI** Seiðasleppingar hafa tíðkast áratugum saman til að hjálpa náttúrulegum stofnum laxánna. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Laxaseiðum sleppt án sérstaks eftirlits

**Sérfræðingur gagnrýnir slælegt eftirlit með sleppingum seiða í laxveiðiár. Upplýsingasöfnun hefur legið að mestu niðri í tólf ár. Erfðablöndun laxastofna er sögð aðalhættan við eftirlitslausar sleppingar.**

**UMHVERFISMÁL** Upplýsingum um seiðasleppingar í íslenskar ár hefur ekki verið haldið markvisst saman síðan 1997. Veiðimálastofnun hefur ekki fengið nákvæmar upplýsingar um sleppingarnar þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað. Fiskistofa segir upplýsingaöflun um sleppingarnar í eðlilegum farvegi.

Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri auðlindasviðs Veiðimálastofnunar (VMST), segir að lengi vel hafi stofnunin fengið mjög góðar upplýsingar um seiðasleppingar. Hins vegar hafi lögum verið breytt árið 1997 og eftir það hafi verkefnið lent á vergangi.

Guðni óttast ekki aukna sjúkdómahættu þar sem seiðaeldisstöðvar geti ekki flutt seiði á milli vatnasvæða án tilskilinna leyfa. Eins séu stöðvarnar undir eftirliti dýralækna þegar fiskur er tekinn inn í stöðvarnar og sýni tekin til að greina sjúkdóma. Hann segir að erfðafræðilegi hlutinn sé annað mál.

„Ef menn fara að fikta í slíku, og fara með fisk á milli vatnasvæða, þá má fullyrða að slík inngrip eru óæskileg. Það er því fyrst og síðast út frá þeirri hættu sem menn eru að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að fylgjast betur með sleppingum seiða en nú er gert,“ segir Guðni.

Guðni minnist á sleppingar í Rangárnar í þessu sambandi og segir takmarkaða hættu þar á ferðum. Enginn eða lítill laxastofn hafi verið fyrir í ánum þó mjög skiptar skoðanir séu um sleppingar í ár sem eru fyrst og síðast silungsveiðiár. „Hins vegar þarf að fara varlega við að stunda miklar sleppingar þar sem fyrir er náttúrulegur stofn, hvort sem um er að ræða lax eða silung. Eru menn að taka áhættu? Ég held að svarið sé já,“ segir Guðni.

> Ef menn fara að fikta í slíku, og fara með fisk á milli vatnasvæða, þá má fullyrða að slík inngrip eru óæskileg.
>
> **GUÐNI GUÐBERGSSON**
> SVIÐSSTJÓRI HJÁ VEIÐIMÁLASTOFNUN

Árni Ísaksson, forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, segir að seiðasleppingar séu háðar fiskræktunaráætlunum sem veiðifélög gera til fimm ára í senn og upplýsingar um sleppingarnar berist stofnuninni í gegnum ársskýrslur þeirra. „Þeir kaupa þessi seiði dýrum dómum úr eldisstöðvum svo það er auðvelt að finna þessar tölur.“

Hann telur að upplýsingaöflun um seiðasleppingar sé í eðlilegum farvegi en tekur fram að umræðan um að svo sé ekki hafi orðið til þess að stofnunin ætli að ganga lengra. „Ég reikna með því að við leitum til þeirra sem sleppa í árnar og fáum þessar tölur upp á borðið.“

svavar@frettabladid.is






# Þægindin í fyrirrúmi

## Í DÖNSKU GÆÐARÚMUNUM FRÁ PASSION

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælalaust með bestu rúmakaupunum í dag. Dýnan býður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt. Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.



**Troðfull búð af jólatilboðum!**



**Frábærir tungusófar í miklu úrvali á frábæru verði, þrír litir í boði, alklæddir leðri. Hægt er að velja um vinstri eða hægri tungu, margar stærðir.**




**Komdu í heimsókn og skoðaðu 2010 módelin frá Serta og leyfðu þér að dreyma um góðan svefn.**

**Allt að 35% kynningarafsláttur**



LÚR
BETRI HVÍLD

**LÚR - BETRI HVÍLD** • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • HEIMASÍÐA: WWW.LUR.IS • NETFANG: LUR@LUR.IS



**SKRÚÐGANGA** Skrúðganga stórverslunarinnar Macy´s í Bandaríkjunum fór fram fyrir helgi, eins og alltaf á þakkargjörðarhátíðinni. Risastórir strumpar tóku þátt í skrúðgöngunni að þessu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Valdís Steinarsdóttir hlaut fyrstu verðlaun í hugmyndakeppni framhaldsskólanna:

# Bjó til ókeypis tré fyrir gítara

**ATHAFNAVIKA** Valdís Steinarsdóttir hlaut fyrstu verðlaun í hugmyndasamkeppni framhaldsskólanna Snilldarlausn - Marel sem haldin var samhliða Alþjóðlegu athafnavikunni í þarsíðustu viku. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í menntamálaráðuneytinu á fimmtudag.

Þátttakendur í keppninni áttu að auka virði hlutar sem ekkert kostaði, taka virðisaukninguna upp á myndband og senda inn á netsíðu keppninnar. Myndböndin þóttu afar haganlega gerð og má sjá þau bæði á síðu Snilldarlausna og á YouTube.



**FRÁ AFHENDINGU VERÐLAUNA** Valdís Steinarsdóttir ásamt öðrum vinningshöfum og aðstandendum Alþjóðlegu athafnavikunnar.

Hluturinn var herðatré og bjó Steinunn til svokallað „Gítartré“ úr því. Á tréð má setja gítar og hægt að hengja hann upp hvort heldur er á vegg eða inn í skáp.

Verðlaunaféð nemur eitt hundrað þúsund krónum.

Þeir Ari Páll Ísberg og Elís Rafn Björnsson fengu verðlaun fyrir frumlegustu hugmyndina en Kristinn Pálsson fyrir flottasta myndbandið sem sýndi hvernig virði herðatrésins var aukið.

Þetta var fyrsta skiptið sem keppnin var haldin og bárust svo hugmyndaríkar lausnir að dómnefnd átti erfitt með að úrskurða um sigurvegarann, samkvæmt aðstandendum athafnavikunnar.

Þá taldi dómnefnd vinningstillögurnar það góðar að þær kunni að fara í framleiðslu síðar meir með örlítilli fínpússun. **- jab**

Hernaðarandstæðingar:

# Vilja Nató fyrir þjóðaratkvæði

**UTANRÍKISMÁL** Samtök hernaðarandstæðinga vilja að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu. Samtökin álykuðu þess efnis á landsráðstefnu um helgina.

Í ályktuninni segir að þjóðin hafi aldrei verið spurð með beinum hætti um afstöðu sína til aðildarinnar. Nató hafi á síðustu misserum „varpað grímunni og kemur nú fram sem hreinræktað árásarbandalag“. Samtökin skora á Alþingi að halda slíka kosningu samhliða sveitarstjórnarkosningum, kosningu til stjórnlagaþings eða mögulegum kosningum um aðild að Evrópusambandinu. **- kóp**


Þín undirskrift skiptir máli!
Farðu á www.isci.is

Mænan er ráðgáta –
en saman getum við leyst hana.

Skrifum öll undir samnorræna áskorun til WHO um að láta til sín taka.

Norðurlöndin skora á WHO!



Institute of Spinal Cord Injury – Iceland ISCI




**HLÝJA Í KULDANUM** Margir yljuðu sér með kaffi eða heitu súkkulaði í kuldanum á Austurvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Oslóartréð tendrað

**Fjöldi fólks fylgdist með því þegar ljós voru tendruð á Oslóartrénu á Austurvelli í gær. Jólaórói Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra prýðir tréð auk ljósanna í ár.**

**FÓLK** Ljós voru tendruð á Oslóartrénu við Austurvöll við hátíðlega athöfn í gær, fyrsta sunnudag í aðventu. Fjöldi fólks var á Austurvelli þegar Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri Reykjavíkur, tók við trénu af Aud Kvalbein, varaborgarstjóra Oslóar.

Líkt og undanfarin þrjú ár prýðir jólaórói Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra tréð auk hinna hefðbundnu ljósa. Vöruhönnuðurinn Hrafnkell Birgisson hannaði óróann Ketkrók í ár og rithöfundurinn Gerður Kristný orti kvæði sem fylgir honum og frumflutti það við athöfnina í gær. Jólaóróinn er seldur í desember til styrktar æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, þar sem umfangsmesta sjúkra- og iðjuþjálfun barna á landinu fer fram. **- þeb**



**JÓLASVEINAR Í BÆNUM** Þrír hressir jólasveinar heilsuðu upp á börnin á Austurvelli þegar kveikt hafði verið á ljósum trésins.



**LJÓSIN TENDRUÐ** Oslóartréð eftir að kveikt var á ljósum þess í fyrsta sinn.



**VEL BÚIN** Þessi unga stúlka fylgdist með athöfninni á Austurvelli.



**LÚÐRASVEITIN HEILLAR** Þessir krakkar horfðu spenntir á félaga úr Lúðrasveit Reykjavíkur spila vel valin jólalög.


Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið

# SJÓNVARPS TILBOÐ






24p
2 HDMI
DVB-T
Vreal 4
VIERA LINK
SKERPA 40.000:1

**Panasonic TXL32C10**
32" BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., 24p Playback, 40.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 x Scart, 2x HDMI, Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

**TILBOÐ**
**139.995**
FULLT VERÐ 169.995




24p
3 HDMI
DVB-T
Vreal PRO3
VIERA LINK
SKERPA 50.000:1

**Panasonic TXL42S10**
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Vreal Pro3, Intelligent Scene Controller, 24p Playback, Viera Link, 30.000:1 skerpu, háskerpu DVB-T móttakara, 20w V-Audio Surround Stereó, 2x Scart, 3 HDMI, PC tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ**
**219.995**
FULLT VERÐ 279.995




100Hz
24p
2 HDMI
DVB-T
Vreal 4
VIERA LINK
SKERPA 20.000:1

**Panasonic TXP42C10**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 20.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Vreal 4, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara, SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart , 2 HDMI, Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 249.995




400Hz
24p
3 HDMI
DVB-T
Vreal PRO3
VIERA LINK
SKERPA 30.000:1

**Panasonic TXP42S10**
42" Full HD Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 30.000:1 skerpu, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2x Scart, 3 HDMI, PC tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ 299.995




100Hz
24p
3 HDMI
DVB-T
Vreal 4
VIERA LINK
SKERPA 20.000:1

**Panasonic TXP50X10**
50" Plasma BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p Playback, Real Black Drive 20.000:1 skerpap, x.v Colour, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakari, kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, CI rauf, PC tengi ofl.

**TILBOÐ**
**289.995**
FULLT VERÐ 319.995




600Hz
24p
3 HDMI
DVB-T
Vreal PRO4
VIERA LINK
SKERPA 40.000:1

**Panasonic TXP42G10**
42" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal 4 Pro, Intelligent Frame Creation Pro, 600Hz, 24p Playback, x.v Colour, Dynamic: Infinite Black 40.000:1 skerpa, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub Pixel Control, 3D Comb Filter C.A.T.S, VIERA Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, CI rauf, PC tengi ofl.

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ 319.995




600Hz
24p
2 HDMI
DVB-T
Vreal 4
VIERA LINK
SKERPA 2.000.000:1

**Panasonic TXP42V10**
42" Full HD 1080p THX NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal 4 Pro, 600Hz, 24p Playback, x.v Colour, Dynamic Infinite Black 2.000.000:1 skerpu, 3D Colour, Digital Cinema Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, VIERA CAST, háskerpu DVB-T stafr. mótt., SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio ProSurround, 2 x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ**
**419.995**
FULLT VERÐ 449.995



Blu-ray Disc

**Panasonic DMPBD60**
High Definition 1080p 24fps Blu-Ray SPILARI með P4HD, DTS-HD og Dolby TrueHD fyrir hágæða 7.1 heimabíóhljóm, DVD uppskölun í 1080p, BD-Live, VIERA CAST, Dolby Digital og DTS, VIERA Link, SDHC kortalesara, innb. spilar AVCHD/JPEG, USB, HDMI 1.3, Scart, Component, SVHS, CVBS og Digital Optical tengi

**TILBOÐ**
**59.995**
FULLT VERÐ 79.995

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Einkageirinn vs. opinberi geirinn

## Gjá milli geira?

MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR

Nú þegar landsmenn standa frammi fyrir miklum skattahækkunum og niðurskurði í rekstri hins opinbera er gríðarlega mikilvægt að skattgreiðendur hafi það á tilfinningunni að allir séu að bera sinn hluta af byrðinni. Landsmenn verða að upplifa að þeir séu allir í sama liði – að allir séu að leggja sitt af mörkum eftir efni og aðstæðum.

Frá hruninu sl. haust varð einkageirinn að bregðast strax við breyttum aðstæðum þar sem tekjur drógust hratt saman og allur tilkostnaður jókst. Niðurskurðarhnífurinn fór strax á loft og hafist var handa við að draga úr öllum kostnaði og var launakostnaður ekki undanskilinn. Dregið var úr yfirvinnu, ýmsar aukagreiðslur afnumdar og mörg fyrirtæki fóru auk þess í beinar launalækkanir hjá sínu starfsfólki. Hjá mörgum fyrirtækjum dugði þetta ekki til og uppsagnir starfsmanna urðu staðreynd sem hefur leitt til þess að í dag eru um 12.700 á atvinnuleysisskrá – að langstærstum hluta einstaklingar sem áður unnu í einkageiranum.

Það er því ekki að undra að starfsfólki í einkageiranum finnist að starfsfólk hjá því opinbera sleppi mun betur frá niðurskurðarhnífnum enda styðja tölur þessa skoðun. Frá lok árs 2007 hafa laun opinberra starfsmanna hækkað mun meira en annarra en hækkun launavísitölu frá þeim tíma og fram á 2. ársfjórðung 2009 sýnir að launahækkun á almenna markaðinum er 6,9% á meðan hækkunin er 14,8% hjá hinu opinbera. Meira starfsöryggi og betri lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna hafa í gegnum tíðina oft verið réttlætt með því að laun hjá hinu opinbera séu eitthvað lakari en hjá einkageiranum. Því komu þær tölur töluvert á óvart sem birtust í Viðskiptablaðinu fyrr í mánuðinum sem sýndu að meðallaun hjá hinu opinbera er nú um kr. 530.000 á móti kr. 455.000 hjá einkageiranum. Sú goðsögn að opinberir starfsmenn séu upp til hópa illa launaðir stenst því vart nánari skoðun.

Það er ljóst að fyrirhugaðar skattahækkanir á atvinnulífið munu gera atvinnurekendum enn erfiðara fyrir að verja störf sinna starfsmanna. Mörg fyrirtæki þola ekki hærri launakostnað og því verða mörg þeirra að bregðast við umsömdum launahækkunum og hækkun atvinnutryggingargjalds með því að segja upp starfsfólki á móti. Á sama tíma hefur ríkisstjórnin markað sér þá stefnu að verja opinber störf. Eiginleg rekstrarútgjöld ríkissjóðs verða 210 milljarðar á næsta ári og þar af eru laun um 60%. Það er algjör fásinna að halda að ríkisstjórnin nái raunverulegum árangri í niðurskurði ef horfa á að mestu framhjá þessum stóra kostnaðarlið. Það vilja allir verja störf og enginn vill segja upp starfsfólki – hvorki atvinnurekendur né ríkisstjórnin. Hins vegar eru opinber störf hvorki merkilegri né ómerkilegri en störf á hinum almenna vinnumarkaði. Þar hefur verið tekið rækilega til hendinni – en ríkið dregur enn lappirnar og stefnumörkun vantar. Ef nást á árangur á ríkisútgjaldahliðinni á sama tíma og störf eru varin er óumflýjanlegt að líta til beinna launalækkana hjá þeim opinberu starfsmönnum sem teljast til milli- og hátekjufólks. Þetta hefur einkageirinn gert í stórum stíl og hið opinbera getur ekki látið sitt eftir liggja.

Markmið allra á að vera að verja störf og tekjur hinna lægst launuðu. Eða erum við kannski ekki öll í sama liðinu?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Miðbæjarrotturnar

Sjómenn eru ekki ánægðir með fyrirhugað afnám sjómannaafsláttar og þarf það í sjálfu sér ekki að koma neinum á óvart; fæstir eru ánægðir þegar kjör þeirra eru skert. Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, lét ráðamenn líka heyra það í fréttum Ríkisútvarpsins á föstudag. Hann hótaði slag ætti að standa við þetta og gaf ekki mikið fyrir að einhverjum þingmönnum í Reykjavík 101 hafi dottið þetta í hug eina nóttina. Þar er hann líklega að vísa í lattéþambandi miðbæjarrotturnar Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra og Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra.



### Langt seilst

Forleggjarar eru vitaskuld duglegir að leita uppi allt það góða og jákvæða sem sagt er um bækur þeirra til að birta í auglýsingum. Flest er það hefðbundið en ekki allt. Í auglýsingum um bók Ingu Dóru Björnsdóttur um Ásu Guðmundsdóttur Wright er vitnað í Kristján Eldjárn sem lést fyrir hátt í þrjátíu árum. Hann talaði fallega um Ásu. En engin leið er að vita hvaða álit Kristján kann að hafa haft á bókinni.



### Góð hugmynd

Það segir sig sjálft að umræða um stjórn- og þjóðmál væri á um það bil helmingi lægra plani en hún er ef AMX nyti ekki við. Það er jú fremsti fréttaskýringavefur landsins sem auk þess að stinga á kýlum býður upp á pistla eftir núverandi, fyrrverandi eða tilvonandi þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Í fréttaskýringaflaumi AMX-manna féll nýlegur pistill um nýju ráðuneytanöfnin milli skips og bryggju. Í honum var bent á að þau væru óþjál og lögð til bragarbót. Í stað langlokanna mætti tala um menntaráðherra, efnahagsráðherra og byggðaráðherra. Hér með er tekið undir þetta.

kolbeinn@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

## Nýtt og réttlátara skattkerfi



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

**UMRÆÐAN** | Skattamál

Ríkisstjórnin hefur lagt fram tillögur sínar að réttlátara tekjuskattskerfi. Meginmarkmið þess er að tryggja réttláta dreifingu skattbyrðanna sem og að færa til baka þær byrðar sem ríkisstjórnir undanfarinna áratuga hafa velt af þeim tekjuhæstu yfir á þá tekjulægstu.

Skattbyrði af tekjuskatti sem hlutfall af heildartekjum óx úr 17% árið 1993 í 22% árið 2007 eða um 5 prósentustig. Þessi aukning varð þrátt fyrir að skatthlutföll hafi verið lækkuð og sérstakur hátekjuskattur verið lagður af. Auk þess að hækka færðist skattbyrðin af þeim tekjuhærri yfir á þá tekjulægri. Á fyrrgreindu árabili hækkaði skattbyrði tekjulægsta fjórðungs hjóna um meira en 10% en innan við 2% hjá tekjuhæsta fjórðungnum og lækkaði reyndar um 10% hjá tekjuhæsta hópnum.

Lág skattlagning fjármagnstekna er, ásamt lítilli hækkun persónuafsláttar, meginorsök þessarar þróunar. Hlutdeild þeirra í tekjum einstaklinga hefur vaxið stöðugt, frá innan við 5% heildartekna fyrir árið 2000 í nærri 20% síðustu árin. Ástæðan er aukning peningalegra eigna og samþjöppun þeirra á fáar hendur.

Megin breytingin í hinu nýja tekjuskattskerfi er að tekin er upp álagning með stighækkandi skatthlutföllum. Þannig er lagður grunnur að sveiganlegri skattlagningu þar sem unnt er að stýra dreifingu skattlagningar betur en áður var og ná fram stígandi skattlagninu eftir því sem sanngjarnt þykir. Með eins þreps kerfi eins og verið hefur er í reynd nær eingöngu hægt að stýra dreifingu skattbyrði milli lágra tekna og miðlungstekna.

Mismunur á skattbyrði miðlungstekna og hárra tekna verður hins vegar óverulegur og ekki hægt að hafa veruleg áhrif þar á.

Í hinu nýja kerfi eru þrjú þrep. Hið lægsta þeirra er fyrir tekjur undir 200.000 kr. á mánuði. Næsta þrep tekur til tekna frá því marki og að 650.000 kr. á mánuði sem er verulega yfir meðaltekjum og þriðja þrepið nær til tekna yfir því marki.

Að þessu sinni reyndist ekki unnt að lækka skatthlutfall fyrsta skattþrepsins eins og æskilegt hefði verið, en engu að síður mun hækkun skattleysismarka leiða til lækkunar tekjuskatts hjá einstaklingum með mánaðartekjur undir 270.000 kr. Skatthlutfall á lægstu tekjur verður óbreytt á meðan skatthlutfall á aðrar tekjur hækkar til að koma á móts við aukna tekjuþörf ríkissjóðs. Nýja kerfið er sveigjanlegt og standa vonir til að þegar betur árar verði unnt að ganga lengra í þessum efnum og lækka skatthlutfall á lægstu tekjur.

Á skattlagningu fjármagnstekna einstaklinga verður gerð sú breyting að skatthlutfallið er hækkað í 18%. Fyrstu 100.000 kr. verða þó undanþegnar skattinum. Þannig mun fólk sem fyrst og fremst hefur lágar vaxtatekjur af launa- og sparireikningum o.s.frv. ekki borga skatt af þeim og meðal fjármagnstekjuskattur flestra verða til muna lægri en 18%.

Á undanförnum árum auðgaðist tiltölulega fámennur hópur fólks mikið á útþenslu fjármálakerfisins sem hrundi síðan með alvarlegum afleiðingum fyrir almenning. Af þessum ástæðum þykir nú sanngjarnt að taka upp auðlegðarskatt og nýta tekjur af honum til að verja barnabótakerfið og hækka vaxtabætur. Auðlegðarskatturinn verður með mjög háu fríeignamarki eða 90 m.kr. fyrir einstaklinga og 120 m.kr. fyrir hjón og sambúðarfólk. Hann mun fyrst og fremst leggjast á tekjuberandi peningalegar eignir þannig að almennar eignir fólks svo sem íbúðarhúsnæði, bílar o.þ.h. verða neðan skattleysismarkanna. Samkvæmt skattframtölum 2009 áttu um 1.400 hjón hreina eign sem nam samtals 408 ma.kr. eða að meðaltali um 290 m.kr. á hjón. Þessi 2,2% hjóna áttu um fjórðung hreinna eigna.

Á þeim miklu erfiðleikatímum sem nú standa yfir er mikilvægt að hlúa að meginstoðum velferðarkerfisins. Tryggja þarf grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins, viðhalda öryggisneti félagskerfisins og tryggja að skólarnir geti veitt börnum og unglingum þá menntun sem þeim og þjóðinni er nauðsyn á. Þrátt fyrir stíft aðhald í ríkisrekstri var hækkun skatta óumflýjanleg. Skattheimta verður þó minni en mörg undanfarin ár var og það sem mestu skiptir er að með nýja skattkerfinu verður þó tryggt að þessar auknu byrðar leggist ekki á þá sem höllustum fæti standa.

*Höfundur er fjármálaráðherra.*

## Gegnsæ þrotameðferð

**UMRÆÐAN**

Halldór Árnason skrifar um þrotameðferðir



HALLDÓR ÁRNASON

Krafan var að allt skyldi upp á borðinu við uppgjör eftir hrunið. Margir óttast að bak við luktar dyr banka verði miklar eignatilfærslur, þar sem innvígðir fá samkeppnislaust að kaupa fyrirtæki, með afskrifuðum skuldum.

Í Bandaríkjunum er gengið fram með öðrum hætti. Skiptastjóri fær DeCode í hendur, með bindandi samningi um sölu á Íslenskri erfðagreiningu, í samræmi við þarlend gjaldþrotalög. Söluverðið myndar gólf. Samningurinn er háður ýmsum skilyrðum, þar á meðal samþykki dómstóla og að opinbert uppboðsferli á vegum gjaldþrotadómstóls sé gagnsætt.

Innleiða þarf svipaða aðferð hér á landi. Með lögum þarf að skylda banka til að afskrifa ekki skuldir fyrirtækja, nema staðið verði að málum líkt og gert er í Bandaríkjunum, með gegnsærri aðferð þar sem gætt er jafnræðis allra aðila.

Fróðlegt er að skoða þrotameðferð 1998 ehf. í þessu ljósi. Þá semdi Arion um verð á Högum, með sölu til núverandi eigenda 1998 ehf., eða til annarra og sendi að því loknu 1998 ehf. í þrotameðferð. Þar með væri komið gólf á verð fyrir Haga. Þeir sem vilja og geta fá kost á að bjóða í eignir 1998 ehf., í samkeppni við fyrirliggjandi bindandi tilboð, í gagnsæju og opinberu uppboðsferli. Ef hærra verð býðst, þá verða Hagar seldir hæstbjóðanda.

Slík meðferð banka á 1998 ehf. eða öðrum fyrirtækjum í svipaðri stöðu, kemur að sjálfsögðu ekki til greina ef fyrri eigendur greiða skuldbindingar félagsins að fullu, eða tryggja með fullnægjandi hætti að þær verði greiddar.

Þannig getur banki afskrifað skuldir án þess að vera sakaður um pukur í reykfylltum bakherbergjum. Aðferðin ætti einnig að tryggja að bankar hirði ekki til sín, eða vina sinna, fyrirtæki á undirverði, ef aðrir eru tilbúnir að greiða hærra verð.

Þjóðfundur 2009 krafðist: Heiðarleika, réttlætis og jafnréttis. Krafa fundarins beinist nú að Alþingi og ríkisstjórn, sem þurfa að forða þjóðfélaginu undan fyrirséðum skaða, sem verður vegna reiði og biturðar, ef almenningur telur að í uppgjöri bankanna sé verið að færa útvöldum eignir á silfurfati.

*Höfundur er efna- og hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**PIPARKÖKUHÚS** eru hið mesta stofustáss. Mismikil vinna liggur að baki húsunum. Þau er hægt að gera frá grunni en einnig má kaupa tilbúnar einingar sem límdar eru saman og skreyttar.




Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



Viðhaldsfríar

ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.

Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða

Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki





HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Augl. Þórhildar 1460.24

weber





Frábært úrval af gjafavörum frá Weber

Söluaðilar.: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan - Búsáhöld Kringlunni - Pottar og Prik Akureyri. www.weber.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið




„Hefði ekki verið búið að koma upp meðalstærð á stúdíói í þessari litlu íbúð hefði kötturinn eflaust viljað vera hjá mér og hjúfra sig upp að mér,“ segir Sóley hlæjandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Úti í horni með værðarvoð, tölvuna og köttinn

**Um leið og Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi hafði samþykkt viðtal um uppáhaldið á heimilinu var ljósmyndarinn mættur. Hún stillti sér upp en fékk svo bakþanka eins og eftirfarandi símtal ber með sér.**

„Þetta er hið vandræðalegasta allt saman því það er búið að taka af mér mynd og ég verð víst að halda mig við að tala um það sem hún er af,“ byrjar Sóley samtalið og lætur eins og allt sé í steik. „Af því þetta tengist heimilinu og uppáhaldi mínu þar þá hefði náttúrlega verið eðlilegast að fjalla um fjölskylduna mína sem er auðvitað það kærasta sem ég á, ástríkur eiginmaður og tvö prúð en kraftmikil börn. Þeim fannst eðlilega að sér vegið þegar ég fór að minnast á viðtalið. Þau eiga líka skilið falleg orð frá mér í blaðinu því ég elska þau mest af öllu.“

Eftir þennan formála snýr Sóley sér að veraldlegum gæðum eins og til stóð – sem eru þó ekki bara veraldleg því hún valdi stað á heimilinu sem hún heldur mest upp á. Úti í horni inni í stofu lætur hún gjarnan fara vel um sig með værðarvoð, tölvuna og köttinn sinn. „Þar líður mér best, þar vinn ég best og þar er ég mest, fyrir utan þegar ég sef eða borða,“ segir hún. „Sit þarna ósjaldan eftir að börnin eru sofnuð og jafnvel eiginmaðurinn, og undirbý fundi, skrifa ræður og greinar og krúttast svolítið á fésbókinni.“

Hún kveðst kúra undir klassísku, íslensku ullarteppi úr Álafossi sem hún telur algerlega nauðsynlegt á hverju heimili. „Sérstaklega þar sem leðursófar eru,“ segir hún og kveðst reyndar helst vilja hafa ull nálægt sér alls staðar.

Svo lýsir hún kátbroslegum aðstæðum við myndatökuna vegna óþekktar kattarins. „Ég settist á minn stað og hefði ekki verið búið að koma upp meðalstærð á stúdíói í þessari litlu íbúð hefði kötturinn eflaust viljað vera hjá mér og hjúfra sig upp að mér. En því var aðeins öðruvísi farið í þetta sinn og eftir myndatökuna var ég orðin loðnari en hann!“

gun@frettabladid.is


JÓLATILBOÐ
á stillanlegum rúmum





Svefn & heilsa
Fyrst og fremst í heilsudýnum

6 mán. vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

**SLÉTTIR DÚKAR** geymast vel og taka ekki í sig brot, ef þeir eru hengdir á slá á tvöföldu herðatré. Auðveldlega má hengja tvo til þrjá dúka á hvert herðatré.







vísir.is
„...ég sá það á vísi"




Elísabet Englandsdrottning lætur fara vel um sig í bollanum. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, svamlar í ávaxtatei.

## Tepokar með karakter

FYRIRTÆKIÐ DONKEY PRODUCTS HEFUR Á BOÐSTÓLUM FURÐULEGUSTU NYTJAHLUTI. MEÐAL ANNARS TEPOKA MEÐ ANDLITUM FRÆGRA STJÓRNMÁLAMANNA.

Elísabet Englandsdrottning, Karl Bretaprins og konan hans Camilla, Angela Merkel, kanslari Þýskalands, Pútín Rússlandsforseti, Barack Obama og Nicholas Sarkozy eru meðal þeirra sem gætu svamlað um í tebollum Íslendinga. Það eina sem þarf að gera er að fara á vefsíðuna www.donkey-products.com og þá opnast nýr heimur furðulegra hluta sem vekja kátínu. Tepokarnir af bresku konungsfjölskyldunni, stjórnmálaleiðtogum heimsins og strippurum tækju sig vafalaust vel út í hvaða tebolla sem er. *- sg*



Sarkozy, strippari og Elísabet II. Góður félagsskapur við tedrykkjuna.



Sölvi og Svavar eru ekki enn búnir að fá nóg af því að spila víkingaspilið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ísland logar í átökum víkinga

**Víkingaspilið er fyrir alla þá sem hafa gaman af spilum þar sem beita þarf kænsku en ekki síður að biðja örlagadísirnar um slatta af heppni.**

„Vikings er bardaga- og herkænskuspil sem er innblásið af ævintýralegum blæ Íslendingasaga, töfrablæ galdrarúna og yfirnáttúrulegra vætta," segir Sölvi Sturluson Snæfeld, annar höfunda Víkingaspilsins, en hinn er Svavar Björgvinsson. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á Íslendingasögunum og sögum um víkingana en Svavar er hins meiri kunnáttumaður í spilagerð. Við splæstum þekkingu hvor annars og til varð á þremur mánuðum, Vikings-spilið. Þetta var svona dæmigerður íslenskur drifkraftur en spilið er alíslenskt, bæði hönnunin og hugvitið og svo er það prentað hjá Odda," segir hann."

Aðalmarkmið spilsins er að verða landshöfðingi yfir Íslandi en til þess þarf að berjast um yfirráð yfir sýslum, ná höfnum eða berjast um höfuðból andstæðinganna með berserkinn í fremstan í flokki. „Spilið er fyrir tvo til fjóra leikmenn, tíu ára og eldri. Það eru takmörk fyrir því hversu margir menn geta verið á hverju landsvæði svo hver hernaðarleiðangur þarf að vera úthugsaður. Menn fá skatt af sýslum sínum sem nota má til þess að kaupa nýja víkinga, berserki eða greiða fyrir skipsferðir. Skipareitirnir flýta nefnilega fyrir ferðum í kringum landið," segir Sölvi. Líf víkinga er ekki alltaf dans á rósum enda logar Ísland í átökum í spilinu og enginn veit hvað næsta teningakast ber í skauti sér. Stundum mega leikmenn draga rúnakort, sem er nokkurs konar örlagakort. „Örlögin geta leikið víkingana grátt, rétt eins og í venjulega lífinu en stundum færa þau lukku. Það eru dæmi um að örlögin sendi berserk í útlegð en þau geta líka hjálpað honum eins og með skipsferðir," Víkingaspilið, sem er í skemmtiegri öskju, kemur bæði út á íslensku og ensku. „Það eru fjölmargir útlendingar sem hafa áhuga á íslenskri sögu og víkingum. Þetta er skemmtileg leið til þess að lifa sig inn í víkingaheima." *- uhj*



Íslandskortið lítur út eins og fyrir nokkrum öldum og rúnaspjöldin í sama stíl.



Eileen Gray (1878-1976) var heimsþekktur írskur húsgagnahönnuður og arkitekt. Hún hafði töluverð áhrif á húsgagnahönnun á tuttugustu öld. Meðal þekktra verka eru E1027 sófaborðið og Bibendum stóllinn.

**www.wikipedia.org**


Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

# Ókeypis námskeið og ráðgjöf

**Mánudagur 30. nóvember**

Facebook - Lærðu á samskiptavefinn. Tími: 12.00-14.00.
Psychosocial support - Improve your ability to cope with crisis and trauma. Tími: 12.30-14.00.
Prjónahópur - Vertu með! Tími: 13.00-15.00.
Kínversk rittákn og matur- Grunnþættir kínverskra tákna og tilurð þeirra tengdum mat. Tími: 14.00-15.00.
Skákklúbbur - Komdu og tefldu! Tími: 15.30-17.00.

**Þriðjudagur 1. desember**

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson kennir æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.
Gönguhópur - Við klæðum okkur eftir veðri og göngum rösklega út frá Rauðakrosshúsinu. Tími: 13.00 -14.00.
Þunglyndi – Margrét Arnljótsdóttir sálfræðingur fjallar um einkenni, orsakir og viðbrögð við þunglyndi. Tími: 13.30-15.00.
Skiptifatamarkaður - Úti- og spariföt barna - Tími: 13.30 -17.00.
Baujan sjálfstyrking - Fullt! Tími: 15.00 -16.30.
Reiði og sátt - Fjallað um fyrirgefningu og sátt við sjálfa sig og aðra. Tími: 15.00-16.30.

**Miðvikudagur 2. desember**

CCP á Íslandi - Forsvarsmaður starfsmannadeildar kynnir fyrirtækið, vörur og framatækifæri bæði í Reykjavík og í útlöndum. Tími: 12.00-13.40.
Áhugasviðsgreining - Taktu áhugasviðskönnun og fáðu einkaráðgjöf í framhaldinu. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00-15.00.

Skokkhópur - Við skokkum saman og förum svo í heita pottinn í Laugardalslaug. Tími: 13.00-16.00.
Tölvuaðstoð - Fyrir alla. Tími: 13.30-15.30.
Brids - Lærðu að spila Brids hjá fyrrum heimsmeistara. Tími: 14.00-16.00.
Bókaklúbbur - Spjallað verður um bókina: Leyndardómur Býflugnanna eftir Sue Monk Kidd. Tími: 14.00-15.00.
Spænska í daglegu lífi - Lærðu nýtilegar setningar fyrir almenna tjáningu á spænsku. Tími: 15.00-16.30.

**Fimmtudagur 3. desember**

Föndur, skrapp-myndaalbúm og jólakort - Nýr tími! Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 12.00-14.00.
Uppeldi sem virkar - Agi og viðurlög - Hvaða refsingar og verðlaun eru viðeigandi? Tími: 12.30-13.30.
Saumasmiðjan - Ertu stopp í saumaskapnum? Getur þú ekki klárað flíkina? Fáðu leiðbeiningar og komdu með saumavél ef þú getur. Tími: 13.00-15.00.
Umburðarlyndi - Opnar umræður - Viltu tjá þig? Heyra hvað öðrum finnst? Tími: 14.00-15.00.
Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

**Föstudagur 4. desember**

Hátíðarís - Ætlar þú að bjóða upp á gamla góða ísinn um jólin eða viltu prófa eitthvað nýtt? Góð ráð, nýjar hugmyndir og smökkun í lokin. Tími: 12.30 -13.30.
Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri! Tími: 12.30 -13.30.
Íslenskuspilið – Viltu læra meiri íslensku? Komdu og spilaðu með! Allir velkomnir. Tími: 13.00-15.00.
Spurningakeppni – Er þú ein/n af þeim sem veist alltaf svarið þegar aðrir eru að keppa? Komdu og sannaðu hvað þú kannt. Tími: 14.00-15.00.
Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17





# híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 30. NÓVEMBER 2009





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**● ÍSLENSKT GRJÓT VEITTI INNBLÁSTUR** Innanhússaarkitektinn Helga Sigurbjarnadóttir hefur sett á markað snaga úr íslensku grjóti. Hugmyndin kviknaði í fjöruferð á Snæfellsnesi.



„Ég hafði sjálf verið að leita að flottum snögum án árangurs. Þannig að ég ákvað að hanna nokkra sjálf og nýta í þá náttúrulegan efnivið. Svo þegar ég fór í fjöruferð á Snæfellsnesið fékk ég þá hugmynd að nota fjörusteina," upplýsir Helga, sem í kjölfarið hófst handa við að útfæra snagana. Eftir það fékk hún föður sinn, Sigurbjarna Guðsteinsson, sem er byggingafræðingur að mennt, til að hjálpa sér við að útbúa gripina og saumaði sjálf umbúðirnar utan um þá.

Spurð hvort hún ætli sér meira með náttúrugrjót í hönnun sinni, segist Helga, sem útskrifaðist af hönnunarbraut Listaháskóla Íslands um síðustu áramót, ekki reikna með því. Aftur á móti sé hún rétt farin að feta sín fyrstu spor á þessari braut og því sé ýmislegt að vænta frá henni í framtíðinni.

Snagarnir fást meðal í Epal, Kraumi og Minju.

**● VEL VARIN AUGU, EYRU, LUNGU OG PUTTAR** Menn geta sankað að sér tækjum og tólum en það kemur ekkert í staðinn fyrir þau fjögur sem talin verða upp hér. Þau eru nauðsynleg öryggi og heilsu þeirra sem ætla sér að dytta að heimilinu.



Öryggisgleraugu verja augun fyrir flísum, eldglærum og ryki sem vill þyrlast upp. Fyrir tískumeðvitaða eru til öryggisgleraugu sem eru fínleg í útliti og líkjast helst sólgleraugum, hins vegar standa gömlu góðu öryggisgleraugun alltaf fyrir sínu.

Rykgríma er nauðsynleg þegar verið er að pússa, skrapa, saga og bora. Rykið sem myndast við þessar athafnir getur farið ofan í lungu og til lengri tíma leitt til varanlegs skaða. Rykgrímur eru léttar og ættu ekki að vera handlögnum til trafala.

Heyrnartól ættu ávallt að sitja á hausnum og yfir eyrunum þegar unnið er með tól sem notuð eru hávær rafmagnsverkfæri. Eyrnaverjan er þægileg enda alveg ágætt að útiloka umhverfishljóðin og vera einn með sínum hugsunum. Þó er einnig hægt að fá slík heyrnartól með innbyggðu útvarpi.

Vinnuvettlingar eru til ýmissa hluta nytsamlegir. Fyrir utan að veita skjól gegn kulda þegar unnið er úti við veita þeir einnig vernd gegn skurðum og skrámum. Hanskar þurfa að passa vel og gefa gott grip, þeir mega ekki vera of stórir og flækjast þannig fyrir.







Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið




Fagurrauður stóllinn MJ34 er heitur við wing-borð, hvort sem það er notað sem borðstofuborð eða fundarborð. Einfaldur glæsileiki og þægilegur en stólunum er hægt að snúa í hringi.



**Stóllinn Reykjavík sem Reynir var tvö ár að hanna.**

# Reykjavík er græn og kubbsleg

**Reynir Sýrusson húsgagnahönnuður var ekki beint að hugsa um skipulagsmál borgarinnar við hönnun stólsins Reykjavíkur sem kom nýverið úr smiðju hans, heldur fallega hönnun og form sem vekti athygli.**

„Það eru sennilega tvö ár síðan ég fékk upprunalegu hugmyndina að þessum stól. Ég var að ganga um Barcelona þegar ég rak augun í mjög sérstakt form í gegnum glugga, reyndar ekki stól en það heillaði mig mikið," segir Reynir og bætir við að það sé svolítið skemmtileg saga á bak við heiti stólsins.



**Stólarnir við Rubik-sófasettið.**

„Fyrst ætlaði ég að kalla hann Rúbik en hætti síðan við. Ég er eins og fleiri hönnuðir að reyna að koma mér á framfæri erlendis, enda markaðurinn hér heima lítill. Við verðum að sýna umheiminum að við erum líka að gera góða hluti hér og mér fannst djarfara að nefna hann eftir höfuðborg Íslands, enda er ég mjög ánægður með þessa hönnun. Það tengir líka hönnunina við land og þjóð." Honum finnst síðan græni liturinn setja punktinn yfir i-ið, þó að stóllinn sé fáanlegur í öllum litum.

En hvert er leiðarljósið þitt í hönnun? „Það er tvenns konar. Annars vegar hanna ég húsgögn sem eftirspurn er eftir og fólk vill eignast. Hins vegar hanna ég einstök húsgögn sem eru ef til vill aðeins til í fáum eintökum og eru mín hugarverk. Línan mín er mjög breið, enda nota ég öll frumformin," segir Reynir. *- uhj*

# Kreppan kemur ekki að sök

„Við erum með gott úrval af parketi fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Auk þess seljum við allt sem til þarf við lagningu parkets og viðhalds eldri parketgólfa," segir Ævar Gíslason, framkvæmdastjóri Parketverksmiðjunnar, nýrrar verslunar sem var opnuð í Síðumúla í Reykjavík á dögunum.

Íslenskir eigendur parketverksmiðjunnar Quercus í Litháen standa að baki versluninni, en þeir hafa frá stofnun hennar árið 2002 selt parket og allt sem því tengist til verslana í Hollandi, Þýskalandi og á Norðurlöndunum. Vegna þess hve vel hefur gengið var ákveðið að selja vöruna milliliðalaust til viðskiptavina og stækka markaðshlutdeild fyrirtækisins á Íslandi, að sögn Ævars.

Hann kveður efnahagslega lægð ekki hafa haft nein áhrif á áformin um að opna búð enda sé um að ræða vandaða vöru á viðráðanlegu verði. Eigendurnir séu auðvitað meðvitaðir um ástandið hérlendis og hafi lagt sig fram við að halda kostnaði í lágmarki. „Til marks um það var verslunin opnuð í sama húsnæði og húsaframleiðandinn Kverkus, sem er í eigu sömu aðila. Auk þess starfa hér fáir. Sjálfur er ég til dæmis að taka upp vörur á morgnana og bregð mér síðan í hlutverk sendils, sölumanns, framkvæmdastjóra og forstjóra," segir Ævar og hlær. Nánar á www.parketverksmidjan.is. *- rve*



**Ævar Gíslason og Sigurður Ólason, tveir af eigendum verslunarinnar Parketverksmiðjan, sem var nýverið opnuð.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# FASTEIGNIR.IS

4. TBL. 30. NÓVEMBER 2009

VÍSIR.IS FRÉTTABLAÐIÐ





## Óskum eftir

### sérbýlum, einbýlum og par- og raðhúsum á söluskrá.

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

**Sími 530 6500**
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

## Grandahvarf – bílskúr



Glæsileg ca. 140 fm íb. sérinngangi í 6 íb. húsi ásamt 28 fm góðum bílskúr. Glæsilegar innréttingar og vandað stafaparket á gólfum. 3 stór herbergi. 12 fm flísalagðar suðursvalir. Stofa og borðstofa, þvottahús og stórt glæsilegt baðherbergi m. kari og sturtuklefa. Glæsilegt útsýni yfir Elliðavatnið. Verð 35.9 millj. **Uppl. Veitir Bárður Tryggvason í 8965221**

## Fallegt sumarhús rétt við Árnes



Nýkominn í sölu 66 fm fallegur sumarbústaður ásamt svefnlofti á útsýnisstað í Skeiða og Gnúpverjahreppi. Hitaveita. 2 svefnherb. Heitur pottur. Kamína. Góður pallur. Búið að planta milli 3-4000 trjáplöntum. Kálfáin rennur rétt fyrir neðan. Gott tækifæri að eignast fallegt heilsárshús í klukkutíma akstursleið frá Rvík. Verð 13.5 millj. **Uppl. Veitir Bárður Tryggvson í 8965221**

## Dúfnahólar 5 herb. + 30 fm bílskúr



Glæsileg 122 fm 5 herb. Íbúð á 4 hæð með glæsilegu útsýni. Öll nýstandsett að innan með glæsilegum innréttingum og gólfefnum. Verð 26.5 millj. **Uppl. veitir Bárður Tryggvson í 8965221**

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**



**Húsið er staðsett á jaðri byggðar.**

# Einbýli í útjaðri byggðar

**Fasteignasalan Miklaborg er með til sölu einnar hæðar einbýli við Hamrabyggð 22 í Hafnarfirði.**

Fasteignin þykir henta fjölskyldufólki vel; loft í öllum rýmum eru upptekin og með innbyggðri halógenlýsingu, flísar og plastparkett er á gólfum, timburverönd með skjólveggjum til suðurs og hellulögn er fyrir framan húsnæðið.

Fasteignin samanstendur af flísalagðri forstofu með innbyggðum skápum. Frá forstofu eru dyr með tvöfaldri franskri hurð inn í aðalrými húss.

Á hægri hönd er stórt eldhús með borðkrók, stórum gluggum, vandaðri innréttingu, flísalögðu gólfi og gólfhita. Til hliðar við eldhús er stór stofa með útgengi út í garð. Inni af stofu eru þrjú stór herbergi. Hjónaherbergi er stórt og bjart með skápum. Tvö stór barnaherbergi.

Baðherbergi er flísalagt hátt og lágt, með innréttingu, sturtuklefa, upphengdu salerni og handklæðaofni. Baðherbergi og hol eru með útgengi á timburverönd. Gestasnyrting er líka flísalögð. Þá er þvottahús með góðri vinnuaðstöðu og hvítum skápum, flísum á gólfi og gólfhita.

Frá forstofu er líka gengið til bílskúrs, sem er fullbúinn með rafmagni, hita og sjálfvirkri dyraopnun. Þaðan er útgengt á timburverönd við bakhlið húss.

Húsið er 168 fermetrar að stærð og með 35 fermetra sambyggðum bílskúr, staðsett í útjaðri byggðar. Á móts við húsið er óbyggt friðað svæði.

Þess skal getið að þakkantur utan húss er ekki að fullu frágenginn.

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Bollatangi - Endaraðhús




Fallegt 154,7 2m endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Bollatanga 2 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Falleg aðkoma er að húsinu, steypt bílastæði og garðurinn gróinn með timburveröndum. **V. 37,5 m.** 4637

## Þrastarhöfði - Einbýlishús




Glæsilegt og vel staðsett 259,4 m2 einbýlishús á tveimur hæðum með miklu útsýni í litlum botnlanga við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ. Aðalhæð skiptist í stóra forstofu, þvottahús, hol, 3 góð svefnherbergi, baðherbergi með tvöfaldri sturtu og hornbaðkari, gestasalerni, sjónvarsholi (getur verið svefnherbergi), stofu með arni, borðstofu og stóru eldhúsi, auk bílskúrs. Á efri hæð er setustofa og svefnherbergi með sér baðherbergi m/sturtu. **V. 74,0 m.** 4726

## Bjargslundur - Einbýlishús




Fallegt 207,4 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á 882 m2 eignarlóð í útjaðri byggðar við Bjargslund í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, hol, stofu, borðstofu, stórt eldhús, 3 góð barnaherbergi, stórt hjónaherbergi með sér baðherbergi og fataherbergi, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús, geymslu og bílskúr. **V. 49,5 m. 4630**



**Esjugrund - Kjalanes**
178,4 m2 einbýlishús með bílskúr á fallegri sjávarlóð við Esjugrund á Kjalarnesi. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Verönd og góður garður í suðvestur með gríðarmiklu útsýni yfir Faxaflóann og til Reykjavíkur. **Húsið er nýmálað að innan og laust til afhendingar! V. 32,5 m.** 4712



**Bjargartangi - Einbýlishús**
Fallegt 175,5 m2 einbýlishús með bílskúr, við Bjargartanga í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, stofu, setustofu(hægt að breyta í herbergi) baðherbergi, gestasalerni, hjónaherbergi, tvö barnaherbergi, eldhús, sjónvarpsherbergi(sem getur nýst sem svefnherbergi) þvottahús og bílskúr með geymsluherbergi. Timburverönd og garður í suðvestur. **V. 43,8 m.** 4711



**Lindarbyggð - Parhús**
Vel skipulagt 177,1 m2 parhús með bílskýli við Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, borðstofu, stóra stofu m/sólstofu, eldhús, þvottahús, sjónvarpshol, 3 barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi með kari. Búið er að loka bílskýli og innrétta herbergi. **Lækkað verð! V. 35,9 m.** 4627



**Hjallahlíð - 3-4ra herbergja + bílskúr**
3-4ra herbergja, 94 m2 íbúð á jarðhæð með sérinngangi í litlu fjórbýli ásamt 27,7 m2 bílskúr við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö rúmgóð svefnherbergi( auðvelt að bæta við svefnherbergi), baðherbergi, rúmgóða stofu og borðstofu og eldhús. **V. 25,7 m**. 4754

## Reykjavík



**Sóltún - 3ja herbergja**
Sérlega glæsileg 109,4 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Sóltún 11-13 í Reykjavík. Um er að ræða mjög vandaða og vel skipulagða íbúð á besta stað í glæsilegu 6. hæða fjölbýlishúsi, hönnuðu af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. **V. 34,5 m**. 4721



**Breiðavík - 3ja herbergja**
3ja herberja ibúð á 2. hæð í litlu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Breiðuvík 17 í Grafarvogi. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, stofu, borðstofu, eldhús, 2 svefnherbergi og baðherbergi. Auk þess fylgir geymsla á jarðhæð. **V. 23,9 m**. 4699



**Bárugrandi - 3-4ra herbergja**
Falleg og björt 3-4ra herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara á fallegum stað við Bárugranda í Reykjavík. Íbúðin er skráð 86,6 m2 og bílastæði í lokuðum bílakjallara 24,1 m2. Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu. **V. 25,7 m**. 4725



**Hvassaleiti - 5-6 herbergja**
169,7 m2 5-6 herbergja íbúð á efstu hæð í fjögura hæða fjölbýli með bílskúr við Hvassaleiti 30 í Reykjavík. Íbúðin sjálf, sem er 128 m2, skiptist í forstofu, eldhús, stóra stofu, svefnhergisgang, fjögur svefnherbergi og baðherbergi. Íbúðinni fylgir 13,6 m2 herbergi í kjallara og 7,4 m2 geymsla í kjallara, auk 22,2 m2 bílskúrs. **V. 29,7 m.** 4566

## Kópavogur



**Furugrund - 4ra herbergja**
Björt og falleg 83,2 m2, 4ra herbergja íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi ásamt bílastæði í bílageymslu við Furugrund 68 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, þrjú svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu**. Eignin er laus til afhendingar! Lækkað verð! V. 19,9 m**. 4702



**Fífuhvammur - Sérhæð m/bílskúr**
Falleg 84 m2 sérhæð ásamt 45,3 m2 bílskúr í þríbýli við Fífuhvamm í Kópavogi. Íbúðin skiptist í stofu, borðstofu, eldhús, hjónaherbergi með stórum skáp, baðherbergi m/baðkari og barnaherbergi. Íbúðinni fylgir sér geymsla í kjallara ásamt hlutdeild í þvottahúsi. **V. 28,9 m**. 4708

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## NÝLEGUR OG VANDAÐUR SUMAR-BÚSTAÐUR VIÐ ÞINGVELLI ÓSKAST FYRIR TRAUSTAN KAUPANDA.

## LAND ÓSKAST UNDIR VERKSMIÐJU

10-20 HA. LANDS ÓSKAST Í NÁLÆGÐ VIÐ HÖFUÐBORGINA, EN ÞÓ FJARRI ÍBÚÐABYGGÐ, ÞAR SEM MÖGULEIKI VÆRI AÐ REISA VERKSMIÐJU



### Jafnakur-Garðabæ

Glæsilegt 243,0 fm einbýlishús að meðt.33,1 fm bílskúr á þessum eftirsótta stað. Húsið er innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í rúmgóða stofu með allt að 4ra metra lofthæð, opið eldhús, sjónvarpsstofu, 4 herbergi og baðherbergi auk gesta snyrtingar. Allar innréttingar sérsmíðaðar. Aukin lofthæð er í húsinu að hluta og innfelld lýsing. **Arkitekt hússins er Gunnar Páll Kristinsson. Innanhúsarkitekt Guðbjörg Matthíasdóttir. Verð 80,0 millj.**



### Vesturströnd-Seltjarnarnesi.

Fallegt og mikið endurnýjað 267,0 fm tvílyft raðhús að meðt. 39,2 fm bílskúr á þessum eftirsótta stað á Seltjarnarnesi. Eignin skiptist m.a. í eldhús með fallegri viðarinnréttingu, rúmgóða og bjarta stofu með aukinni lofthæð og fallegu útsýni til norðurs og vesturs, sjónvarpshol, 5 herbergi (áður 6) og 2 flísalögð baðherbergi. Hellulögð lóð til suðurs með heitum potti og skjólveggjum. Stórar suðursvalir. Nánari upp. á skrifstofu.



### Hrauntunga – Suðurhlíðar Kópavogs.

288,4 fm raðhús/keðjuhús á tveimur hæðum í Suðurhlíðum Kópavogs að meðtöldum 27,2 fm bílskúr. Á neðri hæð eru forstofa/gangur, snyrting, 2 herbergi, sjónvarpsstofa, þvottaherbergi og geymsla. Áuk þessa hefur verið innréttuð studíoíbúð sem skiptist í eldhús/stofu og rúmgott herbergi. Á efri hæð eru eldhús, stofa, 4 herbergi og 2 baðherbergi. Mikið útsýni frá stofu. Frábær staðsetning. **Frábært tækifæri fyrir laghenta. Verð 43,0 millj.**



### Fannafold.

Fallegt og vel staðsett 209,7 fm einbýlishús að meðt. 25,9 fm bílskúr. Eignin skiptist m.a. í stórar stofur með mósaiklögðum arni og útgangi í nýlega sólstofu, rúmgott eldhús með eyju og góðri borðaðstöðu, 3 herbergi auk fataherbergis og 2 baðherbergi. Fallegt útsýni er úr stofum að Snæfellsjökli, út á sundin og víðar. **Lóð hússins er nánast viðhaldsfrí með miklum veröndum, móum og möl. Verð 54,9 millj.**



### Langamýri-Garðabæ.

Mjög góð 85,3 fm 3ja herb. endaíbúð á neðri hæð með sérinngangi. Rúmgóð stofa með útgangi á sér verönd og 2 svefnherbergi, Þvottaherbergi innan íbúðar. Hús að utan nýlega viðgert og málað. Sér bílastæði fyrir framan íbúð. **Stutt í skóla og leikskóla. Verð 23,9 millj.**



### Kjarrvegur.

Glæsilegt og mikið endurnýjað 405,9 fm einbýlishús á þremur hæðum í Fossvogsdalnum staðsett við opið svæði útsýni yfir Fossvogsdalinn og til sjávar. Húsið er innréttað á mjög vandaðan og smekklegan hátt. Nýlega hefur verið skipt um öll gólfefni á 1. hæðinni, ný innrétting og tæki eru í eldhúsi og baðherbergi á efri hæð er allt endurnýjað. **Suðursvalir út af efri hæð. Mikil timburverönd með skjólveggjum. Verðtilboð.**



### Hlaðhamrar

Mjög vel skipulagt 138,6 fm raðhús með innb. 35,4 fm bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, stofu, sólskála, sjjónvarpsstofu, eldhús, þvottaherbergi, geymslu 3 svefnherbergi og baðherbergi. Mikil lofthæð. Ræktuð lóð og hiti í stéttum fyrir framan hús. **Laust til afhendingar strax. Verð 36,9 millj.**



### Hörpulundur-Garðabæ

Vel skipulagt 200 fm einlyft einbýlishús að meðtöldum um 45 fm bílskúr, vel staðsett ofarlega í Lundunum í Garðabæ. Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, eldhús, stofu, borðstofu, 4 herbergi, þvottaherbergi og baðherbergi. **Stór lóð í góðri rækt.**



### Viðarás.

Fallegt og nýlegt einlyft 172,5 fm raðhús að meðtöldum 28,2 fm bílskúr í Selásnum. Stórt eldhús með innréttingu úr kirsuberjaviði og vönduðum tækjum, rúmgóðar stofur þar sem gert er ráð fyrir arni og 4 herbergi. Hiti er í gólfum í hluta hússins. Geymsla innaf bílskúr. **Útgangur á verönd til austurs, suðurs og vesturs úr stofum og eldhúsi. Verð 44,9 millj.**



### Ránargata. 3ja herb.

Mikið endurnýjuð 91,8 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í þríbýlishúsi. Rúmgóðar og bjartar samliggjandi stofur með útgengi á um 20 fm svalir, eldhús með fallegri viðarinnréttingu og vönduðum tækjum, rúmgott svefnherbergi og flísalagt baðherbergi. **Sér bílastæði á lóð fylgir íbúðinni. Verð 30,0 millj.**



### Miðleiti- eldri borgarar.

111,4 fm 3ja - 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð fyrir 55 ára og eldri. Samliggjandi stofur með útsýni, 2 svefnherbergi, sjónhvarpsherbergi, eldhús og marmaralagt baðherbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Yfirbyggðar flílsalagðar svalir og þaðan útgangur á opnar svalir. Sér stæði í upphitaðri bílageymslu. Mikil sameign m.a. matsalur og gufubað. **Laus strax. Verð 36,9 millj.**



### Aratún-Garðabæ.

Glæsilegt 179,4 fm einlyft einbýlishús að meðt. 30,1 fm bílskúr á þessum gróna stað í Garðabænum. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, eldhús, baðherbergi og gler að hluta. Björt stofa með útgangi í sólstofu, fallegt eldhús með vönduðum tækjum og 4 herbergi. Stór viðarverönd, yfirbyggð að hluta. Hús nýlega málað að utan.**Verð 59,9 millj.**



### Strandvegur-Garðabæ. Útsýnisíbúð.

Glæsileg og vel innréttuð 116,0 fm. 4ra herb. íbúð með sér garði á fallegum útsýnisstað í Sjálandinu. Samliggjandi stofur og 3 svefnherb.. Stór eyja í eldhúsi, miklar innréttingar á baðherbergi og fataherb. innaf hjónaherb. **Sér um 60 fm verönd fylgir íbúðinni. Sér stæði í bílageymslu.**



### Vesturgata- eldri borgarar. 2ja herb.

68,9 fm íbúð á 3. hæð auk 8,1 fm sér geymslu í húsi eldri borgara við Vesturgötu. Þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar auk sameiginl. matsalar og mötuneytis. **Laus til afh. strax. Verðtilboð.**



### Miðbraut-Seltjarnarnesi. Efri sérhæð

Glæsileg 139,7 fm efri sérhæð ásamt tvöf. jeppaskúr. Hæðin skiptist í hol með miklum skápum, rúmgott eldhús með nýrri innréttingu, bjartar samliggjandi stofur, 3 góð herbergi og baðherbergi. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. <B>Glæsilegt útsýni að Snæfellsjökli, Reykjanesi og til sjávar.Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Verð 45,9 millj.<BL>



### Bergstaðastræti. 3ja herb.

Vel skipulögð og björt íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi á þessum frábæra stað í Þingholtunum. Endurnýjað baðherbergi og uppgerð innrétting í eldhúsi. Hús nýlega málað og viðgert að utan. Falleg ræktuð suðurlóð. **Verð 23,9 millj.**



### Framnesvegur. 3ja herb.

Falleg 84,5 fm íbúð á 3. hæð, efstu, í 5 íbúða steinhúsi. Góðar svalir í suðaustur út af stofu. Fallegt útsýni úr herbergjum. Sameign nýlega tekin í gegn. **Sér bílastæði og stór garður fylgir eigninni. SKIPTI Á STÆRRI EIGN KOMA TIL GREINA.**



### Guðrúnargata. 2ja herb.

Falleg og mikið endurnýjuð 65,0 fm íbúð í kjallara í góðu steinhúsi í Norðurmýrinni. Íbúðin skiptist í rúmgóða og bjarta stofu, eldhús með fallegum hvítum innréttingum, rúmgott svefnherbergi og endurnýjað baðherbergi. **Laus fljótega. Verð 15,9 millj.**



### Blásalir-Kópavogi. 2ja herb.

Glæsileg og vel innréttuð 79,1 fm íbúð þ.m.t. sér geymsla í kj. á efstu hæð í Salahverfinu. Opið eldhús með fallegri innréttingu og eyju. Rúmgott svefnherbergi með góðu skápaplássi. Aukin lofthæð í stofu og eldhúsi. Svalir til suðurs sem má byggja yfir. Þvottaherb. innan íbúðar. **Hagstæð áhv. lán. Verð 23,9 millj.**



### Ljósheimar.

Góð 94,6 fm íbúð á 1. hæð auk 4,7 fm geymslu í kjallara í þessum eftirsóttu húsum. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu og borðstofu, 2 herbergi, þvottaherbergi og baðherbergi. Vestursvalir út af stofum. **Sér inngangur af svölum. Verð 19,5 millj.**



### Vesturgata. 3ja herb.

Rúmgóð og björt 62,5 fm útsýnisíbúð á efstu hæð auk 12,1 fm geymslu á jarðhæð. Stórt alrými með eldhúsi og stofu. Stórar suðursvalir. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi. Arinn. **Áhv. hagst. lán. Verð 22,5 millj.**



### Lundur-Kópavogi. Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir.

Glæsilegar 118-160 fm 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir í vönduðum lyftuhúsum. Vandaðar innréttingar frá Brúnás, tæki í eldhúsum frá AEG. Gólfhiti. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Stæði í bílgeymslu. Húsin er klædd að utan með álklæðningu og Sedrusviði. Byggingaraðili er Byggingarfél. Gylfa og Gunnars.



### Lómasalir-Kópavogi. 3ja herb.

103,9 fm 3ja herb.útsýnisíbúð á 3. hæð auk sér stæðis í bílageymslu. Rúmgóðar svalir til suðvesturs. Glæsilegt útsýni yfir að Reykjanesi og víðar. Sér inngangur af svölum. Þvottaherbergi innan íbúðar. Góð staðsetning. **Stutt í skóla, sund og golfvöll. Verðtilboð.**

Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Skúlatún 2 • 105 Rvk

:: 535_1000
Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt, lögfr. og lögg. fast.sali
stakfell.is
Fax 535 1009



## Ólafsgeisli - Einbýlishús

232,6 fm einbýlishús á tveimur hæðum þar af 49 fm innb. bílskúr við Ólafsgeisla í Grafarholti. Húsið skiptist í anddyri, 1 stóra stofu, 4 svefnherbergi og 2 baðherbergi, einnig er þvottahús og er innangengt í tvöfaldan bílskúrinn.



## Byggðarendi - Neðri sérhæð

Glæsileg 157,5 fm neðri sér hæð með þremur svefnherbergjum og fataherbergi. Eignin hefur öll verið endurnýjuð. Garðurinn er stór og hannaður af Stanislav, nýr trépallur. Útgengi frá stofu og eldhúsi. Sér bílastæði.

**Höfum kaupanda að húsi á Spáni.**

**Leitum að einbýlishúsi í vesturbæ Reykjavíkur og Seltjarnarnesi.**

**Höfum kaupanda að einbýlishúsi í Fossvogi.**

**Leitum að vönduðu einbýlishúsi í Garðabæ.**



### Bakkasel - Raðhús

264 fm tvílyft raðhús með kjallara í Seljahverfinu. 19,5 fm. bílskúr innif. fm. fj. Skjólsæll og fallegur garður. Hitalagnir að húsi. Lækkað verð.



### Þingholtsstræti - 2ja herb.

65,7 fm sem skiptist í opið rými með stofu, eldhúsi og borðst., svefnh. og bað. Svalir. Þvottahús í kj. Frábær staðsetning. Gríðarlegt útsýni yfir borgina. Hús og sameign öll endurnýjuð.



### Barmahlíð - 4-5 herb.

106,3 fm íbúð á efri hæð. Bað endurnýjað með tengi fyrir þv+þu, Geymsla í kjallara og stórt risloft yfir íbúðinni. Gróinn garður. Húsið endurnýjað að utan.



### Hvassaleiti - Parhús

Glæsilegt 336,2 fermetra parhús með rúmgóðri aukaíbúð. Húsið er nýmálað og gegnumtekið að utan. Íbúð á jarðhæð nýlega endurnýjuð. Gróinn garður.



### Bakkastaðir - Raðhús

166 fm endaraðhús á einni hæð, þar af 27,3 fm innb. bílskúr. Stór afgirt verönd með tjörn og gróin lóð. Skipti á minni eign.



### Arnarás - 4ra herb.

129,8 fm 4ra herbergja íbúð í Garðabæ. Sér inngangur, gaseldavél í eldhúsi og þvottahús í íbúð, stórar og skjólsælar svalir með fallegu útsýni. SKIPTI Á EINBÝLISHÚSI KEMUR TIL GREINA.



### Austurgata - Einbýlishús

205.6 fm þrílyft einbýli í hjarta Hafnarfjarðar. Mikið endurnýjað. Sér íbúð í kjallara. Verð 49 millj.



### Rauðamýri - Raðhús

Fullklárað, vel skipulagt og vandað 202,1 fm. raðhús á tveimur hæðum. Frábært útsýni. stutt á leiksvæði og þarf ekki að ganga yfir götu til að fara í skóla. Hiti í stétt og bílastæði.



### Austurtún - Álftanesi - parhús

Húsið er 204,6 fm á tveimur hæðum með hitalögnum í gólfi, rafmagnstafla komin, afhendist tilbúið og einangrað að utan en fokhelt að innan. Lóðin grófjöfnuð.



### Ásbúð - Parhús

263,1 fm parhús, þar af 46,2 fm bílskúr. Bílastæði fyrir 4 bíla er nýlega hellulagt. Fallegur garður með ca 80 fm sólpall auk skjólveggja. 6 svefnherb. Eldhús er nýuppgert með fallegri innréttingu.



### Unufell - 4ra herb

97.7 fm á 2. hæð Íbúðin skiptist í hol, stofur, 3 herb., bað, eldhús og þvottah. Sérgeymsla á 1.hæð.



### Álfaskeið - 3ja herb

84 fm snyrtileg íbúð á jarðhæð. Þvottaherbergi á hæðinni. Sér hlutur í garði og sér bílastæði á lóð.



### Barmahlíð - 3ja herb

67 fm íbúð á jarðhæð með sér inngangi. Sameiginlegur sólpallur í garðinum. Eignin hefur verið endurnýjuð að hluta.



### Álftamýri - 3ja herb

105,5 fm íbúð á annarri hæð auk bílskúrs 23,2 fm. þrjú svefnherbergi og rúmgóð geymsla í kjallara. Íbúðin er með upprunalegum innréttingum.



### Daggarvellir - 2ja herb.

72 fm. íbúð á jarðhæð með góðum afgirtum sólpalli. Íbúðin er parketlögð nema á baði og þvottah. Stutt gönguleið í leik og grunnskóla.



### Tjarnarból - 3ja herb

97 fm íbúð á fyrstu hæð. Eldhúsið er samliggjandi borðstofu. Stór sólpallur lokaður af með timburskjólvegg. Snyrtileg eign á eftirsóttum stað.



### Dalbraut - 2ja herb

64,5 fm íbúð á 3. hæð með yfirb. suðursvölum. Á 1.hæð er þjónusta fyrir íbúa. Húsið stendur við Laugardalinn og sundlaugina. Íbúðin er á vegum samtaka aldraðra.



### Víkurás - 2ja herb.

52, fm íbúð á 4. hæð í góðu fjölbýli ásamt sér geymslu í kjallara. Skipti á 3-4ra herb. kemur til greina. Þvottavél í íbúð.



### Fagrabrekka - 2ja herb

46,5 fm íbúð á rólegum stað í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, svefnh. og bað m/tengi fyrir þvottavél . Köld útigeymsla.

## Stóreign

Fremri í atvinnufasteignum | S: 590 7600



## Austurstræti
### - Heil húseign

485 fm hús á horni Veltusunds og Austurstrætis. Húsið er byggt árið 1897. Á jarðhæð eru 2 verslunar/þjónusturými. Á 2. og 3. hæð eru fullbúnar íbúðir til útleigu. Ýmis skipti koma til greina.



## Skrifstofuhæð Kringlunni 4-6

Um er að ræða 5. hæð stóra turns Kringlunnar um 278 fm. Móttakan er parketlögð. Hæðin skiptist niður í opin rými með linoleumdúk á gólfi og 4 nokkuð rúmgóð herbergi auk eldhúss. Eignin er í alla staði mjög snyrtileg. Eignaskipti möguleg.

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði •Skúlatún 2 • 105 Rvk




## Hagræddu í rekstrinum og skoðaðu
# hentugra atvinnuhúsnæði

Ef starfsemin hefur breyst og þú þarft að færa þig um set skaltu hafa samband við Eik fasteignafélag

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í rekstrarleigu atvinnuhúsnæðis. Á leiguskrá félagsins eru skrifstofu-, verslunar-, iðnaðar- og lagerhúsnæði sem og veitinga- og skemmtistaðir af ýmsum stærðum og gerðum. Með því að leita til Eikar fasteignafélags getur fyrirtækið þitt eflt eigin rekstur. Ef þú ert að leita þér að heppilegu atvinnuhúsnæði er Eik með lausnina fyrir þig.

**Hafðu samband við sérfræðinga okkar í síma 590 2200.**

EIK
FASTEIGNAFÉLAG

EIK FASTEIGNAFÉLAG HF | Sóltún 26 | 105 Reykjavík | 590 2200 | utleiga@eik.is | www.eik.is

# FRÁBÆR TILBOÐ
## Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM
örfá hús eftir · fyrstur kemur fyrstur fær

www.volundarhus.is

VH/09-15



1 hús eftir

45 mm bjálki / Tvöföld nótun

Frí heimsending á **GARÐHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

Staðgreiðslu lán

VISA Lán

**RISA TILBOÐ**
*GESTAHÚS 15 m²*
***599.000,-***
*ósamsett og án fylgihluta.*
*Fullt verð 759.000,- ósamsett og án fylgihluta.*

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

VH ehf · Njarðarbraut 11 · 260 Reykjanesbæ · **Sími 864-2400 · Sími í verslun 527-2400**



45 mm bjálki / Tvöföld nótun — 1 hús eftir

*TILBOÐ - GESTAHÚS 10 m²*
kr. 449.000,- án/fylgihluta
kr. 690.000,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun — 2 hús eftir

*TILBOÐ - GARÐHÚS 8,5m²*
kr. 339.000,- án/fylgihluta
kr. 359.000,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun — 1 hús eftir

*TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs*
kr. 329.000,- m/þakskífum



HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

## Asparfell, 3ja herb. m/bílskúr, GÓÐ KAUP.



Falleg og vel skipulögð 93,6 fm 3ja herb. íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi sem búið er að klæða að utan. Íbúðinni fylgir 25,5 fm bílskúr. Verð aðeins 19,3 millj. Áhv. Íbúðalsj. kr. 16,3. Afb. Kr. 85 þús pr. mán. **Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða gsm 892 7798.**

## Þverbrekka – 2ja herb. – frábært útsýni.



Björt og vel skipulögð 44,9 fm. íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi. Allt nýmálað. Sérgeymsla í kjallara. Frábært útsýni í vestur yfir hafið. Góð fyrstu kaup. Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð kr. 12,9 millj.

**Allar nánari upplýsingar veitir Kristín Pétursdóttir, lögg. fasteignasali á Höfða, gsm: 824-1965.**

## Súðarvogur - lækkað verð

Iðnaðarhúsnæði um 135 fm. á 2. hæð við Súðarvog, Kænuvogsmegin, gengið beint inn frá götu. Húsnæðið skiptist í vinnusal, snyrtingu, geymslu og herbergi. Góðar innkeyrsludyr og góð aðkoma frá Kænuvogi. Gott verð aðeins 15,9 millj. **Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða gsm. 892 7798.**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.



# Til leigu/sölu Fiskislóð 73



**Laust til afhendingar strax** 1000m2 verslunar- iðnaðar- og þjónustuhúsnæði. Þar af skrifstofur c.a. 200m2. Stórar innkeyrsludyr. 7m lofthæð í sölum. Góð athafnalóð og næg bílastæði.

**Möguleiki á að leigja/kaupa í heild eða að hluta. Upplýsingar í S: 892-0160**



FASTEIGNASALAN BYGGÐ
TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955





## Akureyri-Reykjavík

**Skipti möguleg á ódýrari eign á Höfuðborgarsvæðinu.**

Til sölu glæsilegt fjögurra herbergja endaraðhús á Akureyri.
Húsið er á tveimur hæðum, innbyggður 23 fm. bílskúr.
Húsið er byggt árið 1988 og er það vel staðsett ofarlega á brekkunni.
Stutt í alla skóla.

SÍMI: 464 9955 ■ FAX: 464 9901 ■ STRANDGATA 29 ■ OPIÐ MÁN. - FÖS. KL. 9-12 & 13-17



## Fasteigna-auglýsingar í Fréttablaðinu

Sölumenn:

**Viðar Ingi Pétursson**
Sími: 512-5426
vip@365.is

**Hrannar Helgason**
s. 512 5441
hrannar@365.is



# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.




...góðar fréttir fyrir umhverfið

FASTEIGNASALAN **GIMLI** **570 4800**

Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali

Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

## NORÐURBAKKI
### - HAFNARFIRÐI



Vorum að fá í sölu 131 fm íbúð á 5. hæð í nýju lyftuhúsi auk stæðis í bílageymslu. Eignin er staðsett við hafnarbakkann og er mikið og glæsilegt útsýni yfir miðbæinn og höfnina.
**Verð 38,9 millj.**

## SELVOGSGRUNN 12
### - OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG MILLI KL. 17-18, SÖLUMAÐUR VERÐUR Á STAÐNUM.



Falleg 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi. 2 góð svefnherb. Baðherb. flísalagt. Eldhús með fallegri innréttingu, stáltæki. Rúmgóð stofa og borðstofa. **Eignin er laus nú þegar.**
**Verð 22,5 millj.**

## Einbýli/Penthouse óskast

Óska eftir einbýli eða penthouse í Kóp/Gbæ/Hfj til leigu í amk 1 ár með kauprétti að þeim tíma liðnum. Aðeins mjög vönduð eign kemur til greina, amk 250fm og helst á einni hæð. Greiðsluhugmynd 200-350þ á mán og veltur á gæði eignar.

**Áhugasamir sendið upplýsingar á halldor74@hotmail.com**

FASTEIGNASALAN BYGGÐ

TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955



### Búðarfjara Akureyri

**Möguleg skipti á vandaðri eign í Reykjavík eða tveimur minni íbúðum.**

Búðarfjara 5 er tvílyft 171,1 fm. einbýlishús ásamt 36 fm. sambyggðum bílskúr. Húsið er fimm herbergja og vel staðsett í eldri hluta bæjarins.

SÍMI: 464 9955 ▪ FAX: 464 9901 ▪ STRANDGATA 29 ▪ OPIÐ MÁN. - FÖS. KL. 9-12 & 13-17

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

VALHÖLL FASTEIGNASALA
*Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479*

## Glæsilegt raðhús með útsýni









Fjögur rúmgóð svefnherbergi og tvö fullbúin baðherbergi.Rúmgóð stofa, eldhús með fallegri innréttingu. Vandaðar eikar innréttingar og gólfefni. Upphitað bomanite bílaplan, pallur og heitur pottur. Eignir er vel innréttuð og frágengin í alla staði Verð 55,9. Möguleiki á skiptumá eign í Hlíðunum, 105 Rvk. **Upplýsingar gefa : Sigþór S: 899 9787. sb@valholl.is, Jón Rafn S: 695 5520. jonrafn@valholl.is**

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Allar stærðir og gerðir af íbúðum og atvinnurýmum óskast á söluskrá

Skoðið söluskrána á heimasíðunni
www.*AlmennaEignaSalan.is*

ALMENNA EIGNASALAN
*Eigna- og leigumiðlun*

Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík *(Bláu húsunum).* Sími 588 1020

**Þorsteinn Ó. Þorsteinsson rekstrarverkfræðingur B.Sc., M.Sc., viðskiptafræðingur M.Acc., lögg. fasteigna-, leigu- og verðbréfamiðlari**

## Kaupleiguíbúðir í Reykjanesbæ

Nýjar íbúðir til leigu, án vísitölu.

Leigan gengur beint upp í kaupin að leigutíma liðnum.

Íbúðinar eru fullbúnar með gluggatjöldum og öllum heimilistækjum, þ.m.t. þvottavél og þurkara.

Kynnum líka nýtt sölufyrirkomulag við kaup í beinni sölu.

www.es.is
Smelltu hér
Nesbyggð
www.nesbyggd.is



**Eignamiðlun Suðurnesja, Hafnargötu 91, Reykjanesbæ, Sími 420-4050 – 894-2252**

## Til leigu - Kringlan 1



Fullinnréttað rúmlega 3600m² skrifstofuhúsnæði í 5 hæða lyftuhúsi á besta stað í Kringlunni sem hýsti áður höfuðstöðvar Mbl. Afh. í janúar. Möguleiki á 1600-2000m² á einni hæð. Húsið getur leigst í heilu lagi eða í einingum. Sveigjanleiki í innréttingum. Serverherbergi og tölvulagnir um allt. Loftræstikerfi. Næg bílastæði á svæðinu svo ekki sé minnst á alla þá þjónustu sem Kringlan býður upp á í næsta nágrenni. **Teikningar og nánari upplýsingar veitir Guðlaugur 896-0747.**

**Getum einnig boðið upp á stærri eignir á eftirfarandi svæðum:**

- Glæsilegt rúml. 1500m² skrifstofuhúsnæði á pnr.105, útsýni
- Nýl. innréttað 1350-1800m² skrifstofuhúsnæði nálægt Kringlunni
- Vandað fullinnréttað um 2.200m² skrifstofhúsnæði á 3 hæðum á pnr. 108, laust flótl.
- Innréttað eftir þörfum leigjanda (allt nýtt) 1000-5000m² á pnr. 110. Ath. mjög hagst. verð
- Glæsilega innréttaðar og óinnréttaðar hæðir í Borgartúni 900-1200m² ofl.

LEIGULISTINN
LEIGUMIÐLUN

**s. 511-2900**



**Eignatorg** Sími 510 3500

**Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.**
**Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali**

**Eignatorg kynnir:** Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 90 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli í Árbænum, 110 Reykjavík. Nánari lýsing: Komið er inn í forstofuhol með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með náttúruru flísum á gólfi, fallegri, hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi, flísum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og tengi fyrir þvottavél. Herbergi með nýleguplastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með nýlegu plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til vesturs og hurð út á vestursvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús.

**Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is**









**Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is**


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Margir vilja kaupa þá þjónustu að láta setja upp fyrir sig jólaljósin utan húss í stað þess að gera það sjálfir. Húsið á myndinni tengist ekki beint umfjöllun greinar.

# Fólk hætt að setja upp jólaljósin sjálft

Kreppan virðist ekki hindra fólk í að kaupa margvíslega þjónustu sem það í mörgum tilfellum gæti sjálft innt af hendi með engum tilkostnaði nema að gefa sér tíma. Uppsetning jólaljósa, innanhúss sem utan, er eitt af því sem sem fólk virðist vera tilbúið til að greiða fyrir í kreppunni. „Fólki finnst þægilegt að láta aðra setja upp jólaseríurnar sem og að láta taka þær niður,“ segir Ragnhildur Einarsdóttir hjá fyrirtækinu Garðlist. Hún segir fólk í öllum aldursflokkum kaupa þessa þjónustu nema ef til vill í þeim yngstu. „Það er sérstaklega vinsælt að láta setja jólaseríur á tré og runna í görðum og eins skreytingar utan á hús. Margir vilja einnig láta setja upp fyrir sig ljós innanhúss. Við erum með marga fasta viðskiptavini og nú eru nýir að bætast við. Við finnum ekkert fyrir kreppunni.“ Hún segir að flestir vilja vera búnir að skreyta um mánaðamótin en sumir eru seinna á ferðinni. „Við bjóðum fólki líka upp á að geyma seríurnar á milli jóla.“



Spurð um hversu mikið þjónusta sem þessi kosti, þá segir hún erfitt að segja það almennt. „Það er bæði miðað við tímavinnu og eins magn jólaljósanna sem á að setja upp en upphafsverð er 14.940 krónur.“

Stéttarfélagið efh. býður einnig upp á þessa þjónustu. „Vinsælast er að setja jólaseríur á jólatré í görðum og á hekk en einnig á þakkanta. Við höfum verið með díóðuljós sem við flytjum inn frá Kína og skipta litum og það hefur fólki fundist skemmtilegt,“ segir Elvar Hermannsson framkvæmdastjóri. „Við setjum líka upp seríur sem fólk á sjálft,“ segir Elvar sem segir algengara að fólk í rað- eða einbýlishúsum biðji um þessa þjónustu eða þeir sem eru með garð en einnig húsfélög. Það er erfitt að segja um kostnaðinn en oftast vinnum við í tímavinnu eða gerum fólki fast verktilboð eftir að hafa farið yfir hvers konar þjónustu það vill fá.“ *- uhj*

# Slitstekt og náttúrulegt

Línóleum-dúkar á gólf hafa ýmislegt fram yfir önnur gólfefni þótt þeir hafi kannski ekki verið efst á innkaupalistanum undanfarin ár. Þeir eru búnir til úr náttúrulegum hráefnum sem eru endurnýtanleg og leysast upp í náttúrunni en helstu innihaldsefnin eru línolía, trjákvoða, trjáviðarsag, korkmylsna, kalkduft, litarefni og strigi.

Dúkarnir eru slitsterkir og endast lengi. Þeir henta því vel á gólf sem mikið mæðir á eins og á gólf í skrifstofubyggingum, skólum, vöruhúsum, verksmiðjum og sjúkrahúsum. Dúkarnir eru sveigjanlegir og hljóðdeyfandi vegna korksins. Þeir eru auk þess einangrandi og hamla gegn fótkulda. Þeir upplitast ekki, eru eld- og hitaþolnir og þola olíu, feiti, tjöru, sýrur og leysiefni. Auk þess eru þeir fljótir að jafna sig eftir þunga hluti og henta sérstaklega vel undir skrifstofustóla og aðrar mublur. Ekki spillir fyrir að efniviðurinn er ódýr samanborið við önnur algeng gólfefni auk þess sem margir möguleikar eru í lita- og munstravali.


Dúkarnir þola ýmsa erfiða bletti og þá er auðvelt að þrífa. NORDICPHOTOS/GETTY

Ýmislegt þarf þó að hafa í huga þegar dúkar eru lagðir á gólf og er allra best að fá fagmenn til verksins. Gólfið þarf til dæmis að vera einangrað gegn raka, hitastig þarf að vera stöðugt og gólfið slétt áður en hafist er handa. Þá þarf að munda ákveðið lím auk þess sem skurðurinn getur verið vandasamur. *- ve*



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



MICHELIN Kíktu inná www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið MICHELIN

VETRARDEKKIN FÆRÐU HJÁ OKKUR
GOTT ÚRVAL — FRÁBÆR VERÐ

# pitstop

ÞJÓNUSTA Í FYRIRRÚMI



Fólksbíladekk
Jeppadekk
Vörubíladekk
Allar stærðir
Allar gerðir



Rauðhella 11, Hafnarfirði, 568 2035



Dugguvogur 10, Reykjavík, 568 2020






Hjallahraun 4, Hafnarfirði, 565 2121




Umfelgun frá kr. 5,267

Er sprungið eða dældir þú röngu eldsneyti á bílinn?

Þjónustubíll
Pitstop
842 5715
568 2035



Frá Hvalfjarðargöngum til Suðurnesja!

Láttu skynsemina ráða ferðinni
Verslaðu ódýrari dekk hjá PITSTOP

**WINSTON CHURCHILL (1874–1965) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Maður gerir það sem til þarf, hvað svo sem afleiðingum í einkalífi, hindrunum, hættu og álagi líður. Það er grundvöllur alls mannlegs siðferðis.“*



***Winston Churchill var forsætisráðherra Bretlands á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar. Hann spreytti sig líka sem hermaður, rithöfundur, blaðamaður og listmálari. Hann fékk Nóbelsverðlaunin árið 1953.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. NÓVEMBER 1965

## *Skarðsbók keypt í London*

Skarðsbók er nafn á tveimur fornum íslenskum skinnhandritum, Skarðsbók Jónsbókar annars vegar og Skarðsbók postulasagna hins vegar. Íslenskir bankar keyptu Skarðsbók postulasagna á uppboði í London á þessum degi árið 1965. Var hún þá eina fornískenska handritið í heiminum í einkaeigu.

Lengi vel var Skarðsbók postulasagna í eigu kirkjunnar á Skarði á Skarðsströnd. Þaðan hvarf handritið um 1820 en kom síðar í leitirnar á Englandi. Þar keyptu íslensku bankarnir það á uppboði í London eins og fyrr sagði og gáfu íslensku þjóðinni. Er það fyrsta handritið sem afhent var Stofnun Árna Magnússonar til varðveislu.



Þess skal getið að Skarðsbók Jónsbókar er lögbókarhandrit, sem hefur að geyma Jónsbók og nokkrar réttarbætur. Handritið var skrifað árið 1363, líklegast í Helgafellsklaustri og fyrir tilstuðlan Orms Snorrasonar, lögmanns á Skarði á Skarðsströnd. Handritið er einnig geymt í Árnasafni.

**Heimild: www.wikipedia.org.**

### MERKISATBURÐIR

**1612** Sigur Breska Austur-Indíafélagsins yfir Portúgölum í orrustunni við Suvali við strendur Indlands markar upphafið að endalokum einokunar Portúgala á verslun í Austur-Indíum.

**1878** Þjóðsöngur Ástralíu, Advance Australia Fair, fyrst fluttur í Sydney.

**1939** Vetrarstríðið hefst með innrás Sovétríkjanna í Finnland.

**1943** Hitaveita kemur til Reykjavíkur frá Reykjum í Mosfellssveit. Fyrst er tengt í Listasafn Einars Jónssonar.

**2005** Skurðlæknar í Frakklandi græða nýtt andlit á manneskju í fyrsta sinn í sögunni.

**2007** Kárahnjúkavirkjun gangsett við formlega athöfn.

### AFMÆLI



**Gael García Bernal** leikari er 31 árs.



**Ben Stiller** leikari er 44 ára.



**Elisha Cuthbert** leikkona er 27 ára.



†

*Elskulegur sonur okkar og bróðir*

**Hlynur Þór Sigurðsson**

Grófarseli 18

Lést miðvikudaginn 25. nóvember.

**Aðalheiður Diego Hjálmarsdóttir** **Sigurður Arnþórsson**
**Arnþór Sigurðsson**
**Kristján Þór Sigurðsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórarinn Þorkell Jónsson**

löggiltur endurskoðandi,

Hólabraut 2, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju þriðjudaginn 1. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Þorbjörg Jónsdóttir**
**Jón Þórarinsson** **Birna María Antonsdóttir**
**Helga Halldóra Þórarinsdóttir** **Dagur Jónsson**
**Bryndís Þórarinsdóttir** **Halldór Geir Þorgeirsson**
**Þórarinn Eiður Þórarinsson** **Alexandra María Klonowski**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


LOKAÐ.

Vegna útfarar Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns verður skrifstofa okkar lokuð mánudaginn 30. nóvember frá kl. 12 – 15.

**LOGOS** lögmannsþjónusta
– Efstaleiti 5 – Reykjavík.


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

SKÓLASTÝRAN HRUND GUNNSTEINSDÓTTIR: STÝRIR ÞVERFAGLEGU NÁMI

# Múrar brotnir niður í Prisma

Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa frá því í febrúar boðið upp á nýtt, þverfaglegt diplómanám sem heitir Prisma. Námið fer af stað aftur eftir áramót og rennur umsóknarfrestur út næstkomandi fimmtudag.

Prisma byggir á hugmyndum Hrundar Gunnsteinsdóttur, mannfræðings og þróunarfræðings. Það er þverfaglegt og gengur út á að efla gagnrýna og skapandi hugsun, hvort sem er í vinnu eða í lífinu sjálfu. „Þegar hrunið varð las ég viðtal við Hjálmar Ragnarsson, rektor Listaháskólans, um að háskólarnir yrðu að bregðast við ástandinu með því að bjóða upp á nám sem gerði fólki kleift að rýna til gagns í eigin samtíma á frjóan hátt. Þá vildi svo til að ég var með þessa hugmyndafræði nokkuð skýra í kollinum og hafði meðal annars sett saman námskeið fyrir annan háskóla byggt á sömu hugmyndafræði. Hún gengur meðal annars út á að gefa fólki verkfæri til að skoða núið á gagnrýninn hátt, í stóru samhengi og á forsendum hvers og eins. Það hefur vantað námsleiðir, sem fella niður múra á milli sérgreina, opna á hið stóra samhengi og auðga þannig sýn og hugsun fólks.“

Hugmyndir Hrundar féllu vel að óskum háskólanna um endurnýjun og nýsköpun. Prisma hefur síðan verið þróað í samstarfi þeirra og ReykjavíkurAkademíunnar en að því kemur fjöldinn allur af sérfræðingum úr öllum mögulegum geirum samfélagsins.

Hrund er með fleiri járn í eldinum, tengd vinnu með skapandi og gagnrýna hugsun. Snemma á næsta ári stendur til að hún fari til Afganistan á vegum UNIFEM og vinni áfram með hugmyndir sínar þar. Þar mun Hrund vinna með sjö innlendum verkefnastjórum við að efla þá sem einstaklinga til að þróa áfram starfið á svæðinu. „Það sem gerist oft í uppbyggingar- og þróunarstarfi er að stofnunin kemur inn með fyrir fram gefin markmið og aðferðir. Þetta ætlum við einmitt ekki að gera, því það er ávísun á misheppnað verkefni þegar til lengri tíma er litið. Ef fólk tengir ekki við verkefnið á persónulegan hátt, ef því finnst það ekki vera að vinna starfið á eigin forsendum, er lítil von um langtíma árangur. Ástríða er svo mikilvægt afl og sú tilfinning að fólk beri ábyrgð á uppbyggingu í eigin landi er lykilatriði fyrir langtíma árangur. Í gegnum ástríðuna sér fólk raunverulega tilganginn í því sem það er að gera.“

Hrund hefur áður unnið á átakasvæði, en á árunum 2001 og 2002 hafði hún yfirumsjón með verkefnum UNIFEM í Kósóvó. Hún segir það setja lífið í ákveðið samhengi að búa á svæðum þar sem fólk hafi raunverulega barist fyrir lífi sínu. Ísland í uppbyggingu geti lært af slíkum svæðum, þótt okkar sorgir séu af allt öðrum og léttvægari toga en þeirra sem hafi búið við stríð. „Ástandið hér hefur verið óhugnanlegt að mörgu leyti, þetta óöryggi og þessi mikla reiði eru sömu þemu og á fyrrverandi stríðssvæðum. Á þessu er stigsmunur, ekki eðlismunur. Í stóru samhengi erum við einfaldlega í kerfi sem þarf að endurskoða. Og þar verður skapandi og gagnrýnin hugsun að koma við sögu. Um aldir höfum við, alveg sérstaklega á Vesturlöndum, lagt áherslu á abstrakt hugsun, svokallað hlutleysi – að aðeins hið áþreifanlega og mælanlega sé til. En skapandi hugsun er heildræn, byggir á innsæi og býr til allt öðruvísi nálgun. Þar treystir maður til dæmis tilfinningu, heldur á vit þess óþekkta og úr verður eitthvað sem hugsanlega eignast síðar nafn. Við höfum dvalið í rökhugsun á kostnað skapandi hugsunar allt of lengi. Þessir tveir ryþmar þurfa að fá að dansa meira saman.“

**holmfridur@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MÚRBRJÓTUR** Hrund Gunnsteinsdóttir, skólastýra hins þverfaglega Prisma-náms Listaháskóla Íslands og Bifrastar, vill efla skapandi og gagnrýna hugsun og brjóta niður múra á milli sérgreina. Prisma hefst í þriðja sinn eftir áramót, en umsóknarfrestur rennur út 3. desember.



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Arnmundur Jónasson**

Mávabergi, Bakkafirði,

lést föstudaginn 20. nóvember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 1. desember kl. 13.00.

**Guðmundur Konráð Arnmundsson** **Erna Sigurjónsdóttir**
**Ólöf Kristín Arnmundsdóttir**
**Ingveldur Rut Arnmundsdóttir** **Þröstur Júlíusson**
**Jónas Arnmundsson** **Sólrún Unnur Harðardóttir**
**Birgir Þór Búason**
**Ása Karítas Arnmundsdóttir** **Guðmundur Heimir**
**Svanhildur Arnmundsdóttir** **Sveinbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur tengdafaðir minn, afi okkar og langafi,*

**Guðmundur Ragnar Árnason**

verður jarðsunginn frá Akraneskirkju þriðjudaginn 1. desember kl. 14.00.

**Dagný Björk Þorgeirsdóttir**
**Sólrún Guðjónsdóttir**
**Svava Hrund Guðjónsdóttir** **Sigurður Halldór Sævarsson**
**Mjöll Guðjónsdóttir**
**Guðmundur Ingþór Guðjónsson** **Anna María Þórðardóttir**
**og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

DAGUR RAUÐA NEFSINS
4. desember 2009
unicef

# KAUPTU NEF GEFÐU BROS

## 4. desember 2009

**Rauðu nefin** eru til sölu í verslunum Hagkaups og Bónuss. Söfnunarþáttur Unicef verður í beinni útsendingu og opinni dagskrá á Stöð 2.



2 skemmtilegri

Nefin fást í: 50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár · BÓNUS




# Svínaflesk og ávaxtakökur

BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar Elínardóttur



Við sem tökum reglulega til í geymslunni okkar á hverjum áratug byrjum verkið venjulega á töluverðu kvíðakasti. Frá því síðast hafa bæst við furðumargir kassar með óþekktu innihaldi sem þarf að skoða vandlega og taka yfirvegaða afstöðu til. Við sjáum okkur áhyggjufull í anda potast í gegnum eldgamlar glósubækur úr eðlisfræðitímum í menntó, reynandi enn að telja okkur trú um að kannski geti þær komið í góðar þarfir. Engjast í valkvíða yfir því hvort óbærilega postulínið sem Dúdda frænka handmálaði og gaf af kærleika eigi að fara eða vera.

**KVÍÐAFULL** atrennan að geymslutiltektinni getur reyndar orðið býsna löng. En eins og margar verklegar framkvæmdir stendur hún þegar á hólminn er komið alls ekki undir væntingum. Þvert á móti reynist ekkert nema unaðslegt að lesa gömul sendibréf, raða fallega í hillurnar og burðast með löngu gleymt dótarí út í Sorpu. Koma færandi hendi til barnanna með leikföng sem þau hafa ekki séð óralengi og hafa loksins pláss fyrir hin sem eru orðin leiðinleg. Finna uppáhaldsbækurnar úr eigin æsku og vinda sér í að veita dætrunum aðgang að sömu ævintýraheimum og við sjálf nutum sem börn.

**EFTIR** að hafa skrúfað upp væntingarnar með mærðarlegum formála um það hversu spennandi höfundur Enid Blyton var, hóf ég lesturinn. Eftir fáeinar blaðsíður fóru að renna á mig tvær grímur. Fyrir utan forneskjulegt orðalag sem sífellt þurfti ritskoðunar við, gerðu söguhetjurnar fátt annað en að hakka í sig ávaxtakökur, súkkulaði og svínaflesk þar sem hver munnbiti var tiltekinn í smáatriðum. Þess utan fóru drengirnir í spennandi rannsóknarleiðangra á meðan telpurnar bjuggu um rúmin, allt undir styrkri stjórn hins keðjureykjandi Villa sem vissi ekkert betra en sífelldar útilegur með tólf ára börnum.

**ÞEGAR** frú Blyton hafði í snarhasti verið lögð til hinstu hvílu dró ég upp minningardjásnið sjálft: Hildu á Hóli. Hraðlas þó með nýsáðri tortryggni helstu atriði áður en hinn formlegi húslestur hófst á ný og komst að hrollvekjandi staðreyndum. Mín helsta æskuhetja reyndist eftir allt saman ekki endilega vera sá engill og fyrirmynd sem ég hafði tárast yfir, heldur ambátt á barnsaldri sem gekk munaðarleysingjum í móðurstað, tók möglunarlaust á sig annarra byrðar og kvartaði aldrei. Fórnfús fyrirmynd hverrar almennilegrar konu og geðveikt gott veganesti fyrir litlar stelpur.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

## - umsóknarfrestur er til 1. desember*

**Námsbraut á meistarastigi**

Einnig í fjarnámi • Fjölmenningarfræði – málefni innflytjenda
LÁNSHÆFT NÁM

**Námsbrautir á grunnstigi**

- Gæðastjórnun
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun
- Rekstar- og viðskiptanám (Einnig í fjarnámi)
- Matsfræði
- Framkvæmdarferli mannvirkjagerðar – fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

Við hvetjum þig til að kynna þér námsbrautirnar

*nema í Framkvæmdaferli mannvirkjagerðar og Matsfræði sem er 20. janúar

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Dunhaga 7 - 107 Reykjavík

sími 525 4444
endurmenntun.is

# Sæagra á boðstólum Sægreifans

Kjartan Halldórsson í Sægreifanum á Geirsgötu hefur vakið heimsathygli með humarsúpunni sinni. Í dag kynnir hann til sögunnar nýja súpu, sem hann kallar Sæagra.

„Þetta er orkurík hamingjusúpa. Í henni eru sæbjúgu og ýmislegt annað sem ég gef ekki upp hvað er," segir Kjartan. Hann segir Austurlandabúa óða í sæbjúgu og að vissu leyti sé fyrirbærið vannýtt á Íslandi. Sæbjúga telst til skrápdýra, það er að segja, það er hvorki fiskur né gróður. Sæbjúgu eru talin heilnæm, meðal annars góð fyrir húð, augu og þvagfærakerfi. Síðast en ekki síst eru sæbjúgun sögð hafa jákvæð áhrif á kynorku og þaðan kemur nafn súpunnar, Sæagra.

„Dauðir fuglar lifna ekki við þótt þeir fái sér súpu, en ef eitthvað er í gangi á annað borð þá getur sumt farið af stað," segir Kjartan og dregur augað í pung.

Hin heimsfræga humarsúpa Sægreifans hefur selst í óhemju magni í gegnum tíðina og verður að sjálfsögðu áfram á boðstólum. Sæagrað er bara viðbót. „Hún verður nokkrum hundraðköllum ódýrari en humarsúpan og ég á fastlega von á að hróður hennar berist jafn víða. Enda er hún svakalega bragðgóð," segir Kjartan. - drg



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SUMT AÐ FARA AF STAÐ?** Kjartan mataður af Sæagra.

# Kvikmyndar tölvuleik

Til stendur að færa hinn væntanlega tölvuleik Dark Void yfir á hvíta tjaldið. Indverski framleiðandinn Reliance BIG Entertainment og Plan B, sem er í eigu Brads Pitt, hafa tryggt sér kvikmyndaréttinn að leiknum. Hugsanlega mun Pitt fara með aðalhlutverkið. Dark Void er þriðju persónu skotleikur sem fjallar um flugmanninn Will sem brotlendir flutningavél í Bermúda-þríhyrningnum. Þar hverfur hann inn í aðra veröld þar sem hópur manna þarf að berjast við brjálaðar geimverur. Tölvuleikurinn er væntanlegur í janúar.



**BRAD PITT** Kvikmyndafyrirtæki Pitt ætlar að færa tölvuleikinn Dark Void yfir á hvíta tjaldið.



**VINSÆL** Susan Boyle virðist hafa sitthvað til brunns að bera.

# Susan beint á toppinn

**Ljóta andarunga-saga hinnar 48 ára Susan Boyle heldur áfram. Fyrsta plata Britain's Got Talent-stjörnunnar fer beint á topp sölulistans í Bretlandi. Fyrsta sólarhringinn seldust 134.000 eintök af plötunni, I dreamed a dream, en 400.000 eintök eru talin munu seljast fyrstu vikuna. Susan tekur alla keppinauta rækilega í nefið. Ný plata strákabandsins JLS, sem kom út á sama tíma og er helsti keppinautur Susan, seldist ekki nema í 29.000 eintökum.**



**NÍSK** Candy Spelling giftist framleiðandanum Aron Spelling og hefur aldrei unnið handtak, hún er þó með eindæmum nísk.

# Nísk kona

Dómur féll í máli móður leikkonunnar Tori Spelling gegn þjónustustúlku sinni. Forsaga málsins er sú að þjónustustúlkan sagði Candy Spelling sérstaklega nískan vinnuveitanda og að verslunarkeðjan Wal-Mart hafi meira að segja fundað með Spelling til að fá ráðleggingar um hvernig megi spara útgjöld enn frekar. Spelling var ósátt við ummælin og fór í mál við stúlkuna en endaði þó með því að semja við hana og greiða henni fjárhæð, sem Spelling þótti augljóslega ekki sérlega há ef dæma má þessi orð hennar: „Hún fékk ekki háa fjárhæð, en kannski er þetta mikil summa í þernupeningum."



## > Hanna skoraði átján mörk

Hanna Guðrún Stefánsdóttir fór hamförum er Haukar unnu Fylki með átta marka mun í N1-deild kvenna um helgina, 30-22. Hanna skoraði átján mörk fyrir Hauka í leiknum en staðan í hálfleik var 15-12. Úrslit helgarinnar voru annars öll eftir bókinni. HK vann Víking í botnslag deildarinnar, 24-18, og Fram vann KA/Þór á laugardaginn, 35-21. Norðanstúlkur mættu svo Val í gær en máttu sætta sig aftur við stórt tap, 35-15. Valur er því enn taplaust og á toppi deildarinnar með sextán stig, einu meira en Stjarnan og Fram.



**sport**
sport@frettabladid.is

**VEIGAR PÁLL GUNNARSSON:** SKRIFAR LÍKLEGA UNDIR ÞRIGGJA ÁRA SAMNING VIÐ STABÆK Í DAG

# *Nancy var að drepa knattspyrnuferilinn minn*

Veigar Páll Gunnarsson mun mjög líklega skrifa undir þriggja ára samning við norska úrvalsdeildarfélagið Stabæk í dag. Hann var staddur í Noregi þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær en þar var hann staddur til að gangast undir læknisskoðun.

„Ef allt gengur eftir ætti ég að skrifa undir á morgun," sagði Veigar Páll í gær. „Mér líður alveg óskaplega vel með þessa ákvörðun enda er ég nánast kominn heim," bætti hann við en Veigar Páll var á mála hjá Stabæk í fimm ár, frá 2004 þar til í janúar á þessu ári er hann var seldur til Nancy.

Stabæk kaupir hann nú til baka fyrir lága upphæð, um 13 milljónir króna, sem er afar lítið miðað við það sem Nancy greiddi fyrir hann í fyrra.

Hjá Nancy fékk Veigar Páll sáralítið að spila og hann hefur til að mynda ekkert fengið að koma við sögu hjá liðinu það sem af er tímabili í frönsku úrvalsdeildinni.

„Þetta er eitthvað sem ég varð að gera. Það var örugglega ekki sárt fyrir þá að sleppa mér en það hefði vel geta verið sárt ef ég hefði fengið tækifæri til að sýna hvað ég get. Það tækifæri fékk ég aldrei."



Veigar Páll segist engar skýringar hafa fengið á því af hverju hann hafi ekki spilað. „Áður en ég fór í frí síðasta sumar talaði ég við þjálfarann og hann sagðist vel vita hvað ég gæti í fótbolta og að ég fengi mun meira að spila á næsta tímabili. Ég var svo á bekknum fyrstu tvo leikina en svo gerðist eitthvað. Ég var frystur og ég veit ekki af hverju."

Veigar Páll efast ekki um að hann hafi haft getuna til að spila í frönsku úrvalsdeildinni. „Mér fannst ég standa mig vel á æfingum og ég hefði vel getað gert ágætishluti með þessu liði. Mér fannst þetta mjög furðulegt."

Hann neitar því ekki að þetta sé búið að taka á. „Sjálfstraustið hjá mér var í núlli. Eftir að þjálfarinn frysti mig hafði ég vitanlega engan áhuga á að vera þarna og ekki vera í fótbolta yfirhöfuð. Hefði ég haldið áfram þessi tvö og hálft ár sem ég átti eftir hefði það gert út af við minn feril."

Veigar Páll segir að það eina sem hafi haldið sér á floti hafi verið íslenska landsliðið. „Það var það eina sem stóð í vegi fyrir að maður varð ekki algjörlega geðveikur. Það var gríðarlega gott að hitta strákana og ekki síður að fá að spila."

KR enn taplaust í Iceland Express-deild kvenna:

# Öruggur sigur KR

**KÖRFUBOLTI** KR vann í gærkvöldi öruggan sigur á Haukum á Ásvöllum, 81-62, í Iceland Express-deild kvenna. KR er þar með enn með fullt hús stiga á toppi deildarinnar.

Margrét Kara Sturludóttir fór á kostum í leiknum í gær og skoraði 34 stig auk þess sem hún tók sjö fráköst.

Yfirburður KR voru miklir en liðið náði fjórtán stiga forystu strax í fyrsta leikhluta. Staðan í hálfleik var 42-23, KR í vil.

Hjá Haukum var Heather Ezell stigahæst með 23 stig en mikið munaði um að Telma Björk Fjalarsdóttir er frá vegna meiðsla.

KR er með átján stig á toppi deildarinnar en Haukar í sjötta sætinu með sex stig. **- esá**



**34 STIG** Margrét Kara Sturludóttir, til hægri, fór mikinn í leiknum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Freyr tryggði Haukum stig

**Valsmenn eru enn á toppi N1-deildar karla og Haukar enn taplausir í deildinni eftir að liðin skildu jöfn, 20-20, í toppslag deildarinnar í gær. Það var Haukamaðurinn og fyrrum Valsarinn, Freyr Brynjarsson, sem tryggði Haukum stigið.**

**HANDBOLTI** Freyr Brynjarsson sá til þess að Haukar fengu stig gegn Val í Vodafone-höllinni í gær. Hann skoraði jöfnunarmark Hauka og kom svo í veg fyrir að Valsmenn næðu að komast aftur í sókn á lokasekúndum leiksins. Freyr uppskar rauða spjaldið fyrir en niðurstaðan var jafntefli, 20-20.

Eins og tölurnar gefa til kynna voru liðin langt frá sínu besta í sínum sóknarleik en varnarleikur og markvarsla var góð hjá báðum liðum.

Staðan í hálfleik var 9-8, Haukum í vil, en gestirnir úr Hafnarfirðinum voru betri aðilinn í fyrri hálfleik og voru sjálfsagt svekktir með að vera ekki með meiri forystu. Valsmenn byrjuðu seinni hálfleik hins vegar af miklum krafti og skoruðu sex af fyrstu sjö mörkum hálfleiksins.

Haukar náðu þó aftur að jafna metin og voru lokamínúturnar afar spennandi sem fyrr segir.

„Við spiluðum frábæra vörn allan leikinn og Bubbi (Hlynur Morthens) er enn og aftur að sýna hversu mikill happafengur hann er fyrir okkur. Hann var frábær í rammanum," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, eftir leikinn. „En að við skyldum aðeins hafa skorað átta mörk í fyrri hálfleik er algjör skandall. Það jákvæða var að við náðum að halda sterku liði Hauka í 20 mörkum og sjálfum finnst mér við spila besta varnarleik allra liða í deildinni."

Hann segir Valsliðið eiga þó mikið inni. „Sérstaklega í hraðaupphlaupunum og sóknarleiknum. Það kemur þó fyrir rest."

Einar Örn Jónsson, leikmaður Hauka, var sáttur við að hafa náð í stig á heimavelli Vals. „Það er afar sjaldgæft að lið komi hingað og nái í tvö stig og miðað við hvernig leikurinn þróaðist erum við nokkuð sáttir við að hafa náð einu stigi í dag."



**Í STRANGRI GÆSLU** Valsmennirnir Ingvar Árnason og Elvar Friðriksson reyna hér að stöðva Haukamanninn Einar Örn Jónsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann sagði Haukaliðið hafa spilað óskynsamlega framan af í síðari hálfleik, þegar Valsmenn náði undirtökunum í leiknum.

„Við vorum að taka óöguð skot og gefa lélegar sendingar. Þá náðu þeir að keyra áfram sín hraðaupphlaup sem er þeirra langsterkasta vopn. En það lagaðist þegar við fórum að spila af meiri skynsemi í sókninni og þá náðum við að koma okkur aftur í leikinn."

Haukar eru sem fyrr enn taplausir í deildinni og segir Einar það góða tilhugsun. „Við stefnum auðvitað á að vera áfram taplausir en það er erfitt. Þetta var mikið basl í dag og í raun bara guðslukka að við náðum þó stigi hér í dag."

**eirikur@frettabladid.is**

### VALUR - HAUKAR 20-20

**Mörk Vals (skot)**: Ernir Hrafn Arnarson 5 (10), Ingvar Árnason 4 (4), Arnór Þór Gunnarsson 4/1 (9/1), Fannar Þór Friðgeirsson 4 (11), Elvar Friðriksson 3 (9), Orri Freyr Gíslason (1).
**Varin skot**: Hlynur Morthens 14 (34/3, 41%).
**Hraðaupphlaup**: 2 (Arnór Þór 2).
**Fiskuð víti**: 1 (Fannar Þór 1).
**Utan vallar**: 6 mínútur.
**Mörk Hauka (skot)**: Björgvin Hólmgeirsson 5 (12), Freyr Brynjarsson 4 (4), Guðmundur Árni Ólafsson 3/2 (4/2), Jónatan Jónsson 3 (3), Einar Örn Jónsson 2 (2), Sigurbergur Sveinsson 1/1 (8/1), Heimir Óli Heimisson 1 (2), Þórður Guðmundsson 1 (1), Tjörvi Þorgeirsson (1).
**Varin skot**: Birkir Ívar Guðmundsson 16 (36/1, 44%).
**Hraðaupphlaup**: 3 (Freyr 2, Þórður 1).
**Fiskuð víti**: 3 (Freyr 1, Sigurbergur 1, Þórður 1).
**Utan vallar**: 4 mínútur.
**Dómarar**: Anton Pálsson og Hlynur Leifsson, voru góðir í erfiðum leik.


Hannaðu þína eigin myndabók á oddi.is

VERÐ FRÁ 6.900 KR. EINTAKIÐ



Farðu inn á www.oddi.is og búðu til persónulega gjöf.
Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.

ODDI



KvikkFix
Vesturvör 30c



Yaris 1,3 árg. 2001 Kr. 4700
Mazda 3 2,0 árg. 2005 Kr. 5.900
Astra 1,8 árg. 2006 Kr. 5.300

Innifalið í verði er vinna, olía, olíusía, fyllt á rúðupissið, kaffi og vöfflur með sultu og rjóma. Ummm.

Ferð á Kársnesið borgar sig!



www.kvikkfix.is


Mikil spenna í Grindavík í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi:

# Grindavík vann í framlengingu

**KÖRFUBOLTI** Grindavík vann í gærkvöldi sigur á Snæfelli, 95-94, í æsispennandi framlengdum leik í Grindavík. Það var Björn Steinar Brynjólfsson sem var hetja Grindvíkinga í leiknum en hann setti niður þriggja stiga skot þegar aðeins tæpar tvær sekúndur voru til leikslokа.

Snæfell fékk boltann þegar um átján sekúndur voru eftir og Grindvíkingar misnotuðu skot. Heimamönnum tókst ekki að brjóta á Snæfellingum í kjölfarið en fengu þó boltann aftur eftir misheppnaða sendingu hjá Snæfelli.

Þá kom að þætti Birni Steinars sem skoraði sigurkörfuna mikilvægu.

Snæfellingar fengu þó eitt tækifæri enn til að vinna leikinn en skot Hlyns Bæringssonar á lokasekúndu leiksins geigaði.

„Það var gríðarlega ánægjulegt að landa þessum sigri enda tvö jöfn lið þarna á ferð," sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, eftir leikinn. „Leikurinn var í járnum allan tímann."

Hann segir sína menn spila betur nú eftir erfiða byrjun á tímabilinu. „Staðreyndin er bara sú að við erum á mjög svipuðu reiki og flest þessi lið í toppbaráttu deildarinnar. Þetta datt okkar megin í dag og var hluti af því smá heppni. Við tökum því fagnandi."

Þrír leikir fóru fram í deildinni í gær. ÍR vann Fjölni á heimavelli, 84-73, og Tindastóll vann stórsigur á botnliði FSu, 103-52.

Snæfell er í fimmta sæti deildarinnar með tólf stig, Grindavík í sjötta með tíu og ÍR í sjöunda með átta stig. Tindastóll er nú með sex stig en Fjölnir með fjögur og FSu stigalaust á botninum. **- esá**



**ARNAR FREYR JÓNSSON** Skoraði níu stig, tók átta fráköst og gaf sjö stoðsendingar í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Veljum íslenskt
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

**Aston Villa - Tottenham 1-1**
1-0 Gabriel Agbonlahor (9.), 1-1 Michael Dawson (76.).
**Fulham - Bolton 1-1**
0-1 Ivan Klasnic (34.), 1-1 Damien Duff (74.).
**Manchester City - Hull 1-1**
1-0 Shaun Wright-Phillips (45.), 1-1 Jimmy Bullard (81.).
**Portsmouth - Manchester United 1-4**
0-1 Wayne Rooney (24.), 1-1 Kevin Boateng (31.), 1-2 Wayne Rooney (47.), 1-3 Wayne Rooney (53.), 1-4 Ryan Giggs (86.).
**West Ham - Burnley 5-3**
1-0 Jack Collison (17.), 2-0 Junior Stanislas (33.), 3-0 Carlton Cole (42.), 4-0 Guillermo Franco (50.), 5-0 Luis Jimenez (63.), 5-1 Steven Fletcher (67.), 5-2 Steven Fletcher (73.), 5-3 Chris Eagles (94.).
**Wigan - Sunderland 1-0**
1-0 Hugo Rodallega (75.)
**Arsenal - Chelsea 0-3**
0-1 Didier Drogba (40.), 0-2 Thomas Vermaelen, sjálfsmark (45.), 0-3 Didier Drogba (85.).
**Everton - Liverpool 0-2**
0-1 Javier Mascherano (11.), 0-2 Dirk Kuyt (79.).
**Wolves - Birmingham 0-1**
0-1 Lee Bowyer (2.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **14** | **12** | **0** | **2** | **36-8** | **36** |
| Man. United | 14 | 10 | 1 | 3 | 30-13 | 31 |
| **Tottenham** | **14** | **8** | **2** | **4** | **33-19** | **26** |
| Arsenal | 13 | 8 | 1 | 4 | 36-18 | 25 |
| **Liverpool** | **14** | **7** | **2** | **5** | **31-20** | **23** |
| Aston Villa | 14 | 6 | 5 | 3 | 22-14 | 23 |
| **Man. City** | **13** | **5** | **7** | **1** | **24-17** | **22** |
| Sunderland | 14 | 6 | 2 | 6 | 21-20 | 20 |
| **Stoke City** | **14** | **5** | **5** | **4** | **13-15** | **20** |
| Fulham | 14 | 5 | 4 | 5 | 18-16 | 19 |
| **Birmingham** | **14** | **5** | **3** | **6** | **12-14** | **18** |
| Burnley | 14 | 5 | 2 | 7 | 19-31 | 17 |
| **Blackburn** | **14** | **5** | **2** | **7** | **16-28** | **17** |
| Wigan | 14 | 5 | 2 | 7 | 15-31 | 17 |
| **Hull City** | **15** | **4** | **4** | **7** | **17-31** | **16** |
| Everton | 14 | 4 | 3 | 7 | 17-25 | 15 |
| **West Ham** | **14** | **3** | **5** | **6** | **24-26** | **14** |
| Bolton | 13 | 3 | 3 | 7 | 16-27 | 12 |
| **Wolves** | **14** | **2** | **4** | **8** | **12-27** | **10** |
| Portsmouth | 14 | 2 | 1 | 11 | 11-23 | 7 |

### *Spænska úrvalsdeildin*

**Barcelona - Real Madrid 1-0**
1-0 Zlatan Ibrahimovic (56.)

# Chelsea virðist algerlega óstöðvandi

**Chelsea hélt fimm stiga forystu sinni á toppi ensku úrvalsdeildarinnar með 3-0 sigri á Arsenal á útivelli. Liðið er ellefu stigum á undan Arsenal og hefur nú unnið öll hin þrjú „stórlið“ deildarinnar á tímabilinu.**

**FÓTBOLTI** Chelsea er í góðum málum á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir 3-0 útivallarsigur á Arsenal í Lundúnaslag í gær. Fyrr um daginn vann Liverpool sigur á Everton, 2-0, í öðrum borgarslag og er nú komið upp í fimmta sæti deildarinnar.

Sigur Chelsea í gær var glæsilegur. Liðið skoraði tvö mörk undir lok fyrri hálfleiks og innsiglaði svo sigurinn með marki í lok leiksins. Didier Drogba skoraði tvö markanna en þar að auki varð varnamaðurinn Thomas Vermaelen fyrir því óláni að skora sjálfsmark.

Það var fátt um færi þar til mörkin komu en þau komu með skömmu millibili og bæði eftir fyrirgjöf Ashley Cole. Fyrst stýrði Drogba boltanum upp í markhornið og svo gerði Vermaelen það nákvæmlega sama örfáum mínútum síðar.

Arsenal náði reyndar að koma knettinum í netið í seinni hálfleik en markið var dæmt af þar sem Eduardo þótti brjóta á Petr Cech, markverði Chelsea.

Drogba skoraði svo glæsilegt mark beint úr aukaspyrnu undir lok leiksins en hann hefur alls skorað tíu mörk í níu leikjum gegn Arsenal.

Þrátt fyrir góða stöðu liðsins sagði John Terry, fyrirliði Chelsea, að leikmenn þyrftu að halda ró sinni.

„Við höfum verið í þessari stöðu áður,“ sagði Terry. „Við þurfum fyrst og fremst að halda einbeitingunni en það er frábært að sjá hversu duglegir við erum að berjast hverjir fyrir aðra. Við erum að spila virkilega vel, erum með mikið sjálfstraust og góðan liðsanda. Við þurfum að halda áfram á þessari braut.“

Arsene Wenger fannst sínir menn óheppnir að hafa verið 2-0 undir í hálfleik eftir ágæta frammistöðu. En hann skildi ekki ákvörðun dómarans að dæma markið sem Andrei Arshavin skoraði ógilt.

„Það skilur enginn hvað dómarinn var að hugsa. Ég hef séð upptöku af þessu fimm sinnum og það kemur enginn við Cech. Hann missir boltann og við skorum. En þá dæmir dómarinn markið ógilt.“

Sigur Liverpool í gær var afar mikilvægur og þó svo að liðið hafi ekki sýnt allar sínu bestu hliðar skipti öllu máli að ná í stigin þrjú.

Liverpool féll í vikunni úr leik í Meistaradeild Evrópu þrátt fyrir sigur gegn ungverska liðinu Debrecen. Rafael Benitez, stjóri Liverpool, sagði sigurinn í gær því afar mikilvægan.

„Við unnum Debrecen í vikunni og við vissum að við þurftum að halda áfram að vinna leiki,“ sagði Benitez. „Grannaslagir sem þessir eru ávallt mjög erfiðir og sigur í þessum leik gæti gefið tóninn fyrir síðari hluta tímabilsins. Við erum nú ofar í stigatöflunni, allir eru ánægðir og við ætlum því að reyna að halda okkur á þessari braut.“

Manchester United vann á laugardaginn 4-1 sigur á Portsmouth á útivelli þar sem Wayne Rooney skoraði þrennu. Ryan Giggs skoraði fjórða markið en hann hélt svo upp á 36 ára afmælið sitt í gær.

„Til hamingju með afmælið,“ sagði Alex Ferguson, stjóri United, eftir leikinn. „Hann hefur nú haldið upp á 36 afmæli en bíddu bara þar til hann verður 67 ára. En ætli hann verði ekki hættur að spila þá,“ bætti Ferguson við.

„En hann er einstakur leikmaður og sjaldgæft að sjá menn eins og hann. Hann getur spilað í tvö ár til viðbótar.“

**eirikur@frettabladid.is**



**MASCHERANO** Fagnar hér fyrra marki Liverpool í gær. NORDIC PHOTOS/AFP



**DROGBA HAFÐI BETUR** Didier Drogba skoraði tvö mörk í gær. Hér er hann í baráttu við landa sinn frá Frakklandi, William Gallas. NORDIC PHOTOS/AFP






**HETJAN** Zlatan Ibrahimovic er sjálfsagt kominn í guðatölu stuðningsmanna Barcelona eftir að hann skoraði sigurmarkið gegn Real Madrid í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Barca hafði betur í „El Clasico“ á heimavelli í gær:

# Zlatan sá um Real

**FÓTBOLTI** Varamaðurinn Zlatan Ibrahimovic var hetja Barcelona í gær er hann tryggði sínum mönnum 1-0 sigur á erkifjendunum í Real Madrid. Markið skoraði hann á 56. mínútu, aðeins fimm mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður fyrir Thierry Henry.

Markið var glæsilegt. Dani Alves átti fyrirgjöfina frá hægri kantinum og Zlatan þrumaði knettinum viðstöðulaust í netið á fjarstöng.

Cristiano Ronaldo var í byrjunarliði Real Madrid eftir að hafa verið lengi frá vegna meiðsla en hann fékk gott færi um miðjan fyrri hálfleikinn. Victor Valdes, markvörður Barcelona, sá hins vegar við honum.

Leikurinn var nokkuð opinn og skemmtilegur en þrátt fyrir það markalaus í fyrri hálfleik.

Aðeins sjö mínútum eftir mark Ibrahimovic urðu heimamenn fyrir áfalli. Sergio Busquets handlék knöttinn og fékk þar með sína aðra áminningu í leiknum.

Real Madrid náði þó ekki að færa sér liðsmuninn í nyt. Ronaldo fékk annað gott færi er hann skallaði boltann yfir eftir fyrirgjöf Barcelona en það reyndist hans síðasta snerting í leiknum.

Bæði lið fengu ágæt færi á lokakafla leiksins en Lionel Messi, leikmaður Barcelona, fékk þó besta færið í blálok leiksins. Hann var kominn einn gegn Iker Casillas markverði en lét verja frá sér af stuttu færi.

Lassana Diarra, leikmaður Real, fékk svo að líta rauða spjaldið eftir að hann fékk sitt annað gula spjald í uppbótartíma.

Með sigrinum endurheimti Barcelona toppsæti deildarinnar og er nú með tveggja stiga forystu á Real Madrid.

**- esá**

# TViX

## HÁGÆÐA MARGMIÐLUNAR SPILARAR

EISA AWARD Best Product 2009-2010
Digital Media Player/Server
Dvico TviX HD M-7000

reddot design award winner



**TViX margmiðlunarspilarar** komu fyrst á markað á Íslandi árið 2005 og vöktu strax athygli fyrir gæði, hönnun og gott verð. Í gegnum árin hafa TViX margmiðlunarspilarar selst í tugþúsunda tali hér á landi. TViX er í dag leiðandi í hágæða margmiðlunarspilurum sem hafa unnið til fjölda verðlauna á borð við **EISA**, **red dot** ofl. Þegar leitað er að vönduðum margmiðlunarspilara sem spilar allar gerðir skráarsniða, og gerðar miklar kröfur til mynd- og hljóðgæða, þá er TViX það sem málið snýst um.

**NÝ VARA**





720P · HDMI · REC · DVB-T

## SJÓNVARPS FLAKKARI

### TViX R-2230

2.5" sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir fartölvudiska, með innbyggðum stafrænum DVB-T sjónvarpsmóttakara, HDMI, USB, AV tengi inn og út. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum eða öðrum USB flökkurum. Fullkomin fjarstýring. Tilvalinn í bílinn, bústaðinn eða hjólhýsið.

**19.990 kr.**



720P · HDMI · REC · LAN

## SJÓNVARPS FLAKKARI

### TViX R-3300

3.5" sjónvarpsflakkari með PVR/DVR upptökumögleika fyrir uppáhalds efnið þitt. HDMI, USB, LAN, AV tengi inn og út. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB eða net með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. Fullkomin fjarstýring. Tilvalinn til að geyma og spila allt margmiðlunarefni heimilisins.

**29.990 kr.**



1080P · HDMI · H.264 · LAN

## HÁSKERPU FLAKKARI

### TViX M-6600A

Nýr H.264 háskerpu sjónvarpsflakkari frá TviX sem spilar alla staðla. LED skjár sem sýnir alla virkni, takkar til að stjórna án fjarstýringar, LAN, HDMI, Component, Optical tengi. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB eða net með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. Fullkomin fjarstýring. Frábær spilari til að geyma og spila allt efni í bestu mögulegu gæðum.

**59.990 kr.**

## ÞRÁÐLAUST NETKORT

### TViX N-draft

Þráðlaust N-draft 300 Mbps netkort fyrir TviX spilara til að tengjast heimaneti þráðlaust. Passar fyrir R-2230, R-3300, M-6600 spilarana. USB tengt.

WiFi CERTIFIED



**7.990 kr.**

*Allar margmiðlunarflakkarar koma án harðs disks. Tölvulistinn býður upp á mikið úrval af hörðum diskum frá merkjum á borð við Western Digital, Samsung og Seagate. Við mælum sérstaklega með Western Digital Green diskunum sem eru mjög hljóðlátir og henta því vel í margmiðlunarflakkara.*

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 |

> **Jay Leno**

„Skemmtanabransinn er eins og stór kaka sem þú getur ekki torgað einn og verður að deila með öðrum. Þú reynir samt auðvitað að fá stærstu sneiðina.“

*Jay Leno tekur á móti gestum í þætti sínum sem sýndur er mánudags- til fimmtudagskvöld á Skjáeinum.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON LIST OG VÖRUFLUTNINGABÍLAR

# *Hver var Jack the Dripper?*

Teri Horton er 76 ára gömul, vinnur sem vöruflutningabílstjóri og drekkur romm af stút. Það er ekkert blótsyrði á enskri tungu sem hún þekkir ekki. Hún er fjórgift og fjórskilin og elskar byssur.

Fyrir nokkrum árum ákvað hún að gleðja vinkonu sína sem þjáist af þunglyndi; kom við á skransölu og keypti stórt litríkt málverk sem henni fannst forljótt. En fyrir 500 krónur var þetta ágæt gjöf.

Þunglynda vinkonan sagði takk, en nei takk. Hún var hjartanlega sammála Teri um hvað málverkið væri ljótt. Teri ákvað að taka það með sér heim og nota það sem skotskífu. Það fór inn í bílskúr og gleymdist. Fjórum árum síðar tæmdi hún bílskúrinn og bauð innihaldið til sölu úti á götu. Myndlistarkennari átti leið hjá og spurði hvar hún hefði fengið myndina.

Þessi sakleysislega spurning breytti lífi gömlu konunnar. Nú benda allar líkur til þess að málverkið sé frá hendi eins mikilsvirtasta listmálara 20. aldarinnar, Jacksons Pollock, og þess vegna vart metið til fjár.




En það eru ekki allir tilbúnir að fallast á að verkið sé höfundarverk meistara Pollock. Listfræðingar og sjálfskipaðir sérfræðingar takast á um hvort svo geti verið. Teri hefur safnað liði til að sanna að svo sé og hefur orðið töluvert ágengt. Fundist hefur fingrafar aftan á málverkinu sem kemur heim og saman við fingrafar Pollock sem fannst á málningardós á vinnustofu hans. Þótt ótrúlegt megi virðast dugar það ekki til gegn þeim sem vinna við að verja fílabeinsturn listasnobbsins.

Þetta er efni heimildarmyndarinnar Who the #$&% Is Jackson Pollock? Ótrúlegrar sögu af ótrúlegri konu.

Teri er nýbúin að afþakka tilboð frá málverkasafnara sem vill ekki láta nafns síns getið. Upphæðin er einn og hálfur milljarður króna. Teri, sem verður 77 ára í næsta mánuði, ætlar að sanna að myndin sé eftir Pollock og fá sannvirði. Þá, og þá fyrst, ætlar hún að hætta að keyra, selja myndina og njóta lífsins.

## MÁNUDAGUR



▶ **17.30 E.R.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Hot Shots! Part Deux** STÖÐ 2 BÍÓ




▶ **21.10 Glæpahneigð** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.20 So You Think You Can Dance** STÖÐ 2



▶ **21.40 CSI. New York** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Sammi (50:52)**

**17.37 Pálína (12:28)**

**17.42 Stjarnan hennar Láru (7:22)**

**17.55 Útsvar (Kópavogur - Mosfellsbær) (e)**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Stórviðburðir í náttúrunni** (Nature's Great Events: Leysingarnar miklu) (1:6) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Í þáttunum er sýnt hvernig náttúruöflin setja af stað keðjuverkanir sem gjörbreyta landslagi og ráða örlögum stórra dýrahjarða, oft í órafjarlægð frá upptökunum.

▶**21.10 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (62:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýnir í persónuleika hættulegra glæpamanna til að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Aðalhlutverk: Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Trúður** (Klovn V) (9:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**22.55 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) (5:13) (e)

**23.40 Spaugstofan** (e)

**00.05 Kastljós** (e)

**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.20 Hot Shots! Part Deux**

**08.00 RV**

**10.00 Miracle On 34th Street**

**12.00 Pokemon**

**14.00 RV**

**16.00 Miracle On 34th Street**

**18.00 Pokemon**

▶**20.00 Hot Shots! Part Deux** Topper Harley er mættur til starfa á ný en kappar á borð við Rambó blikna við hliðina á honum.

**22.00 Havoc**

**00.00 It's All Gone Pete Tong**

**04.10 Havoc**

**06.00 Backbeat**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Krakkarnir í næsta húsi.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 The Moment of Truth** (12:25)

**11.00 60 mínútur**

**11.50 Beauty and the Geek** (7:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Little Man**

**14.35 ET Weekend**

**15.20 Gavin and Stacey** (4:6)

**15.50 Njósnaskólinn**

**16.13 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli Kanína og vinir og Áfram Diego, áfram!.

**17.03 Bold and the Beautiful**

**17.28 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (11:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (4:24)

**19.50 Fangavaktin**

**20.30 Glee** (5:22)

▶**21.20 So You Think You Can Dance** (13:25) Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.

**22.50 K-Ville** (1:11) Hörkuspennandi sakamálaþættir um félagana Marlin og Trevor. Þeir eru afar ólíkir en vinna mjög vel saman sem verðir laganna og beita ósjaldan ansi óhefðbundnum aðferðum til að framfylgja réttvísinni.

**23.40 It's Always Sunny In Philadelphia** (7:15) Gamanþáttaröð um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi.

**00.05 True Blood** (10:12)

**01.00 Rescue Me** (9:13)

**01.45 Little Man**

**03.20 I Am an Animal. The Story of Ingrid Newkirk and PETA**

**04.35 Glee** (5:22)

**05.20 The Simpsons** (11:25)

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Barcelona - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**17.55 10 Bestu: Atli Eðvaldsson**

**18.50 Meistaradeild Evrópur: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**19.20 Barcelona - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**21.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

**22.00 Bestu leikirnir: Fylkir - Þróttur 18.08. 2003** Árið 2003 byrjaði Þróttur vel í Landsbankadeildinni og voru í toppbaráttunni eftir fyrri umferðina. Þeir töpuðu fyrstu fjórum leikjunum í seinni umferðinni þegar kom að leik við Fylki í Árbænum sem var í bullandi baráttu um Íslandsmeistaratitilinn.

**22.30 Atvinnumennirnir okkar: Grétar Rafn Steinsson**

**23.10 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Arsenal - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.05 West Ham - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**18.45 PL Classic Matches** Everton - Liverpool, 2000.

**19.15 Everton - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**22.00 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.30 Aston Villa - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.10 Spjallið með Sölva** (10:13) (e)

**08.00 Dynasty** (16:29) (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Spjallið með Sölva** (10:13) (e)

**12.50 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Survivor** (4:15) (e)

**17.30 Dynasty** (17:29)

**18.15 Fréttir**

**18.30 Matarklúbburinn** (3:6) (e)

**19.00 America's Funniest Home Videos** (44:48) (e)

**19.30 Fréttir** (e)

**19.45 King of Queens** (7:25) (e)

**20.10 90210** (9:22) Navid verður vitni að því þegar Adrianna kaupir dóp af Jasper. Dixon er staðráðinn í að komast að því hvort Sasha sagði allan sannleikann um fósturmissinn. Annie og Jasper ákveða að taka næsta skref í sambandinu.

**20.55 Melrose Place** (9:18) Lögreglan leitar að Auggie eftir að sönnunargögn finnast sem bendla hann við morðið á Sydney. Riley veit hvar hann er en hún veit ekki hvort hún á að aðstoða lögregluna að finna hann.

▶**21.40 CSI. New York** (12:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.

**22.30 The Jay Leno Show** Jay Leno tekur á móti góðum gestum.

**23.15 Harper's Island** (12:13) (e)

**00.05 United States of Tara** (6:12) (e)

**00.35 King of Queens** (7:25) (e)

**01.00 Melrose Place** (9:18)

**01.45 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**20.00 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

**20.30 Segðu mér frá bókinni** Nýr þáttur þar sem rithöfundar kynna nýútkomnar bækur sínar.

**21.00 Léttari leiðir Gaua litla** Þáttur um heilsufar og mataræði.

**21.30 Í nærveru sálar** Margrét Jónsdóttir og Sólveig Hjaltadóttir gefa upplýsingar um þjónustu Tryggingarstofnunnar.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# JÓLAUPPBOÐ Í GALLERÍ BORG

## Viltu selja málverk ? Við bjóðum lægri sölulaun.








**AÐEINS 5 % SÖLULAUN AF ÖLLUM VERKUM SEM KOSTA 200.000 EÐA MEIRA.**

Tökum dæmi : Samkeppnisaðili sem tekur 20 % í sölulaun og 25 % uppboðsgjald, selur mynd á tvær milljónir. Þá þarf kaupandinn að greiða 2,5 milljónir en seljandi fær aðeins 1.600.000 til sín. Mismunurinn er 900.000 ! **Hver mundi vilja selja bíl á tvær milljónir og borga 900.000 í sölulaun ?**

**Vinsamlegast hafið samband sem fyrst við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600**

**GALLERÍ BORG SKIPHOLTI 35. • SÍMAR 511 7010 og 847 1600 • petur@galleriborg.is**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### Glee



Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður. Þetta eru drepfyndnir þættir þar sem steríótýpur menntaskólalífsins fá rækilega á baukinn og allir bresta í söng.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Stórviðburðir í náttúrunni

**Sjónvarpið kl. 20.15**

Nýr heimildamyndaflokkur frá BBC. Í fyrsta þættinum fylgjumst við með því þegar sumarið kemur á norðurheimskautssvæðið og þar verða miklar sumarleysingar. Hvítabirnirnir eru í háska staddir því þeir komast ekki út á ísinn til veiða á meðan önnur dýr svo sem refir, náhvalir og fuglahópar, njóta þess sem gerir norðurheimskautssvæðið að gósenlandi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Ástarflótti
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Frá Tónskáldaþinginu í París
**23.05** Lostafulli listræninginn
**23.45** Úr kvæðum fyrri alda
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (13:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (14:25)
▶ **17.30 E.R.** (18:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.15 Seinfeld** (24:24)
**18.45 Doctors** (13:25)
**19.15 Doctors** (14:25)
**19.45 E.R.** (18:22)
**20.30 Seinfeld** (24:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**22.15 The Mentalist** (1:22) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu og á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**23.00 Numbers** (20:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**23.45 Mad Men** (7:13)
**00.35 Sjáðu**
**01.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.30** Absolutely Fabulous **12.30** Absolutely Fabulous **13.00** Lead Balloon **13.00** Lead Balloon **13.30** Monarch of the Glen **13.30** Monarch of the Glen **14.20** Strictly Come Dancing **14.20** Strictly Come Dancing **15.45** Robin Hood **15.45** Robin Hood **16.30** Robin Hood **16.30** Robin Hood **17.15** My Hero **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **18.15** The Weakest Link **19.00** Lead Balloon **19.00** Lead Balloon **19.30** Saxondale **19.30** Saxondale **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.30** Never Better **20.30** Never Better **21.00** Hustle **21.00** Hustle **21.55** Lead Balloon **22.00** Lead Balloon **22.25** Saxondale **22.30** Saxondale **22.55** Never Better **23.00** Never Better **23.30** EastEnders

## DR 1

**12.20** OBS **12.25** Strömsö **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Spam **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Byggemand Bob **16.40** Benjamin Bjørn **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Til Tasterne **19.00** Ekspedition New Guinea **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.40** OBS **22.45** Klimaets ofre **23.15** Seinfeld **23.40** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn. Ormen i Seljordsvannet **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kaninby **17.25** Trond med hammer'n **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Folk. Samba i havgapet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Livet i Fagervik **21.20** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Derrick **23.15** Klimakrigen

## SVT 1

**12.35** Plus **13.35** General von Döbeln **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Playa del Sol **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **19.45** Hemliga svenska rum **20.00** Vem tror du att du är? **21.00** Gonzo **23.00** Kulturnyheterna **23.15** Dansbandskampen




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Lóa hefur verið svona skapandi alveg frá því að hún var lítil og var oft að teikna og búa til litlar fígúrur úr leirnum sínum. Í mínum huga var hún alltaf fyrst og fremst myndlistarkona svo það kom mér mjög á óvart að hún skyldi fara að syngja, en ég er mjög stolt af henni og væri það líka þótt hún væri að gera eitthvað annað.“*

Anna Kristín Kristjánsdóttir, móðir Lóu Hjálmtýsdóttur sem er söngkona í FM Belfast og gefur á mánudaginn út myndasögubókina Alhæft um þjóðir.

# Mælt með spilastokki Þorbjörns

„Auðvitað er þetta mikill heiður. Það er gaman að fá viðbrögð við því sem maður gerir,“ segir hönnuðurinn Þorbjörn Ingason hjá Íslensku auglýsingastofunni.

Breska viðskiptablaðið Financial Times birti nýlega lista yfir það frumlegasta, frískasta og traustasta í ferðaheiminum. Þar er nýr spilastokkur Icelandair valinn það besta sem hægt er að taka með sér úr flugvélum. Tyler Brúlé, stofnandi og ritstjóri tímaritanna Wallpaper og Monocle, tók listann saman og er hann birtur í heild sinni í nýjasta tölublaði þess síðarnefnda. Spilin eru afar þjóðleg, eru í víkingaþema og vísa í goðafræði.

„Það var kominn tími á að gera nýtt upplag að spilastokki fyrir Icelandair,“ segir Þorbjörn um tildrög þess að stokkurinn var hannaður. „Það var á óskalistanum hjá mér að gera spilastokk og við ákváðum að eyða aðeins meiri tíma í þetta en til var ætlast og reyna að gera eitthvað flott og sérstakt. Auðvelda leiðin hefði verið að gera venjulegan spilastokk og breyta bakhliðinni.“

Þorbjörn segir að forsvarsmenn Icelandair hafi strax verið mjög ánægðir með stokkinn og til marks um það var engin breytingatillaga lögð fram. „Það er frekar sjaldgæft,“ segir hann. Viðbrögðin hafa verið góð, en Monocle er dreift í 150.000 eintökum um allan heim og er mjög virt á sínu sviði.

Sjálfur er Þorbjörn ekki mikið fyrir að spila og kíkir í mesta lagi í einn og einn pókerleik. **- afb**



**VÍKINGAR** Spilastokkurinn vísar í goðafræðina.



**MIKILL HEIÐUR** Þorbjörn er ánægður með viðbrögðin við nýja spilastokknum.



**LÁRÉTT**
**2.** framagosi, **6.** eftir hádegi, **8.** skjögur, **9.** garðshorn, **11.** mun, **12.** kraum, **14.** yfirstéttar, **16.** rás, **17.** skref, **18.** kvabb, **20.** sjó, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðartegund, **3.** fyrir hönd, **4.** vandræði, **5.** svelg, **7.** holdlaus, **10.** hestaskítur, **13.** kóf, **15.** tísku, **16.** espa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** uppi, **6.** eh, **8.** rið, **9.** kot, **11.** ku, **12.** krakk, **14.** aðals, **16.** æð, **17.** fet, **18.** suð, **20.** sæ, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** tekk, **3.** pr, **4.** pikkles, **5.** iðu, **7.** horaður, **10.** tað, **13.** kaf, **15.** stæl, **16.** æsa, **19.** ðð.

Heitirpottar.is
Rafmagnspottar, Hitaveituskeljar
Billiardborð. Mikið úrval.

HREINSIEFNI
fyrir allar tegundir potta.
Klór - síur og það nýjasta er flotholtið.
Heitirpottar og skeljar
Kleppsvegur 152, sími 554 7755 (áður bakarí Jóa Fel)

HUGLEIKUR DAGSSON: VIRÐINGARVOTTUR VIÐ ÍSLENSK DÆGURLÖG

# Teiknar skopmyndir við íslenskar dægurlagaperlur

„Ég held að ég sé bara að minna á að þessi lög séu til. Þetta er gert til heiðurs lagaflórunni sem við eigum,“ segir myndasögumeistarinn Hugleikur Dagsson.

Hugleikur gefur út bókina Íslensk dægurlög í dag. Bókin er hluti af Litlu sætu-seríu útgáfunnar Ókei bóka, en Hugleikur tekur fyrir og myndskreytir íslenskan dægurlagatitil eða textabrot á hverri síðu. „Ég sný út úr eða tek eitthvað of bókstaflega. Það er oftast hægt að finna eitthvað fyndið,“ segir Hugleikur.

Skopmyndir Hugleiks eru oft ansi grófar og hann heldur uppteknum hætti í Íslenskum dægurlögum. „Í Tunglið tunglið, taktu mig er mynd af manni sem er í rauninni að biðja tunglið um að ríða sér,“ segir hann og játar að fígúrurnar séu þær sömu og í „okkur“-bókaröðinni. „…Og við lagið Draumur að vera með dáta er mynd af mjög langri dátabiðröð sem liggur úr bragga.“

Hugleikur ræddi ekki sérstaklega við höfunda laganna áður en hann hóf að teikna myndasögurnar. Hann vísar þó í heimildir og hefur engar áhyggjur af því að uppátækinu verði tekið óstinnt upp. „Ég talaði ekki við höfundana, en höfundarréttur á ekki að vera brotinn á þennan hátt,“ segir Hugleikur. „Þetta eru tilvitnanir í lögin. Svo tek ég svo rosalega lítil textabrot að ég er öruggur.“

Lögin sem Hugleikur myndskreytir eru frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og með þeim nýrri er væntanlega Is it True?, framlag Íslands og silfurhafi Eurovision-keppninnar í ár. „Ég er strax búinn að fatta að ég gleymdi nokkrum lögum,“ segir Hugleikur. „Ég á jafnvel efni í aðra bók einhvern tíma seinna. Ég fattaði til dæmis að ég er ekki búinn að teikna mynd við lagið Þér er ekki boðið. Ég er með ákveðna pælingu við það.“

Litla sæta-sería Ókei bóka stendur undir nafni þar sem bækurnar eru prentaðar á A6-pappír. Ásamt bók Hugleiks kemur bókin Alhæft um þjóðir, eftir Lóu Hjálmtýsdóttur, út í sömu seríu í dag.

**atlifannar@frettabladid.is**






**GRÓF NÁLGUN Á DÆGURLAGAPERLUR**

**Hugleikur** vísar í tónlist á sinn hátt í bókinni Íslensk dægurlög sem kemur út í dag. Meðal þess er ansi skondin nálgun á lagið **Draumur að vera með dáta** og Þú komst við hjartað í mér sem Hjaltalín gerði svo frægt.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarmaðurinn **Pétur Ben** hefur lokið upptökum á tónlist sinni við kvikmyndina Bjarnfreðarson í leikstjórn Ragnars Bragasonar. Athyglisvert verður að heyra hvernig þessi færi tónlistarmaður tæklar verkefnið. Hann fékk Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónlist sína í Foreldrum, sem Ragnar leikstýrði einnig, og hver veit nema hann endurtaki leikinn á næsta ári. Bjarnfreðarson verður frumsýnd annan í jólum og bíða hennar margir með mikilli eftirvæntingu, enda hafa þættirnir um þá Georg, Ólaf Ragnar og Daníel, notið mikilla vinsælda.



Og eins og Fréttablaðið hefur greint frá halda gagnrýnendur vart vatni yfir nýjustu kvikmynd Sigurjóns Sighvatssonar, Brothers. Myndin fékk nánast fullt hús stiga í Screen Daily en góður dómur frá þeim bænum þykir ákaflega mikilvægt. Og nú hefur myndin eignast annan aðdáanda, sjálfan **David Letterman.** Spjallþáttastjórnandinn, sem hefur átt fremur erfiða daga að undanförnu vegna framhjáhalds, lýsti því yfir í síðustu viku að Brothers væri besta myndin sem hann hefði séð í 20 ár. Kannski hefur það haft einhver áhrif að ein af aðalleikkonum myndarinnar, Natalie Portman, var meðal gesta hans í umræddum þætti. **- fb/fgg**

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Einar Skúlason.
2. Góði elskhuginn.
3. Sigrún Lilja Guðjónsdóttir.

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
GLÆNÝ LÍNUÝSA
FISKIBOLLUR
PLOKKFISKUR
ÝSA Í RASPI
OG STÚTFULLT BORÐ AF NÝJUM FISKI OG FISKRÉTTUM
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 990
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Bjarni Hall gefur út sólóplötu

„Tónlistin er ekkert lík Jeff Who? alla vega. Ef ég væri að gera þannig tónlist myndi ég gera hana með hljómsveitinni,“ segir Bjarni Lárus Hall, söngvari hljómsveitarinnar Jeff Who?

Bjarni lauk nýverið við sína fyrstu sólóplötu, The Long Way Home. Hann vonast til að geta gefið plötuna út í byrjun desember, en það veltur á hvenær hún kemur úr framleiðslu, sem hófst fyrir helgi.

„Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa tónlistinni, þetta er mjög lágstemmd plata,“ segir Bjarni og bætir við að andrúmsloftið á plötunni sé gott. „Ég sótti innblástur í tónlist áttunda áratugsins.“

Bjarni fær hjálp frá Adda G og Nóa úr hljómsveitinni Leaves á plötunni. Nói trommar og Addi spilar á það sem Bjarni spilar ekki á sjálfur. „Ég syng, spila á gítar og á bassa í einu lagi,“ segir Bjarni, sem er mjög ánægður með útkomuna.



**BJARNI HALL** Fer nýjar leiðir á sinni fyrstu sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Elstu lög plötunnar eru frá 2005 og þau nýjustu voru samin í ár. Platan kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti, en ekkert hafði spurst út um plötuna þangað til hún var tilbúin. „Upphaflega ætlaði ég að gera plötuna fyrir mig,“ segir Bjarni. „En fyrst að hún er tilbúin og flott þá ákvað ég að gefa hana út.“ **- afb**



# Þægindin í fyrirrúmi

## Í DÖNSKU GÆÐARÚMUNUM FRÁ PASSION

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælalaust með bestu rúmakaupunum í dag. Dýnan bíður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt. Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

PASSION

DÖNSK HÖNNUN – DÖNSK GÆÐI

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.

**Troðfull búð af jólatilboðum!**



Frábærir tungusófar í miklu úrvali á frábæru verði, þrír litir í boði, alklæddir leðri. Hægt er að velja um vinstri eða hægri tungu, margar stærðir.




Serta®

**Komdu í heimsókn og skoðaðu 2010 módelin frá Serta og leyfðu þér að dreyma um góðan svefn.**

**Allt að 35% kynningarafsláttur**



# LÚR
BETRI HVÍLD

**LÚR - BETRI HVÍLD** • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • HEIMASÍÐA: WWW.LUR.IS • NETFANG: LUR@LUR.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060


Tilboðsblað Nova fylgir blaðinu í dag!

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Frænkur eru frænkum verstar

Hinn sívinsæli spurningaþáttur Útsvar heldur áfram að vekja mikla lukku meðal sjónvarpsáhorfenda á laugardagskvöldum þótt mörgum þyki nú nóg um erfiðleikastuðul spurninganna. Síðasta viðureign var í meira lagi söguleg en þá kepptu Mosfellsbær og Kópavogur. Sá síðarnefndi hefur titil að verja en Kristján Guy Burgess er sá eini sem eftir er úr því liði. Hinum megin borðsins sat hins vegar **Kolfinna Baldvinsdóttir** ásamt sveitungum sínum en hún og annar stjórnandi þáttarins, Þóra Arnórsdóttir, eru einmitt bræðradætur. Það kom þó ekki að sök því Kópavogur vann með nokkuð afgerandi hætti.



### Konungbornir á Kanarí

Íslendingarnir 100 sem boðið var til Kanarí láta vel af ferðinni. Talað er um að það sé komið fram við þá eins og konungsfólk og grínistinn Ari Eldjárn segist aldrei hafa upplifað annað eins. Á meðal þeirra sem boðið var út er Anna Rakel Róbertsdóttir, fyrrverandi sjónvarpskona, og Draupnir Draupnisson, sem sló í gegn í myndbandinu við Eurovisionlagið This is My Life. Hann sýndi ótrúlega takta á dansgólfinu á laugardagskvöld og bauð þeim sem þorðu í svokallaða ljótudanskeppni.

### Vondur matur



Breska bílagúrúið **Jeremy Clarkson** hefur vanið komur sínar hingað enda ákaflega veikur fyrir tryllitækjum. Og af þeim eiga Íslendingar nóg af. Hann varð hins vegar hálf-veikur eftir síðustu heimsókn sína hingað því þá fékk hann sér skötu. Á BBC lýsti Clarkson því yfir að skatan sé versti matur sem hann hafi smakkað, bragðið jafnist á við að sleikja tyrkneskt klósett. Greinilegt að Clarkson hefur reynt ýmislegt í lífinu. **- fgg, - afb**

## Mest lesið VISIR.IS


1. Ofbeldismenn skipta konum út eftir hentugleika
2. Árni Þór: Væla yfir því að fá ekki að borða
3. Osama Bin Laden slapp
4. Foreldrar geymi síðasta mánuðinn í þrjú ár
5. Ræningjarnir voru í annarlegu ástandi



Heimilis- og gjafavörur
VILLAGE



www.village.se
ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530 2915

A Class B Class C Class E Class ML



Tækifæri sem býðst sennilega ekki aftur!

Eigum fyrirliggjandi örfáa bíla á einstöku verði.
Sjón er sögu ríkari. Verið velkomin í sýningarsal okkar.

Mercedes-Benz

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi
ASKJA